



Árs- og sjálfbærnisráýrsla Lífeyrissjóðs verzlunarmanna 2023

Árs- og sjálfbærnisráskýrsla Lífeyrissjóðs verzlunarmanna 2023

LV í hnotskurn

Hvað við erum, hvað við gerum og hvernig við þróumst

bls. 3

I. Um starfsemina

bls. 11

Ávörp formanns og framkvæmdastjóra, viðskiptalíkan, haghafar og mikilvægisgreining

II. Lífeyrisafurðir

bls. 19

Stóra myndin, tölur og gröf, sjálfbær lífeyrir, samþykktabreytingar og tryggingafræðileg staða

III. Eignasöfn

bls. 28

Leiðarljós, staða, þróun og horfur í sameign og séreign

IV. Ábyrgar fjárfestingar

bls. 43

Stefna, framkvæmd, árið, komandi verkefni og samstarf

V. Áhættustýring

bls. 52

Inntak, markmið, framkvæmd, áskoranir og verkefni á döfinni

VI. Stjórnarhættir og stjórnun

bls. 59

Stjórnarhættir, stefnumótun, verkefni á döfinni, skipurit, stjórn, yfirstjórn

VII. Sjálfbærni í starfseminni

bls. 69

Staðan, áskoranir, vegferðin, áhersluverkefni, UFS-upplýsingar og stjórnarháttayfirlýsing

VIII. Skýrsla stjórnar, stjórnarháttar- yfirlýsing og ársreikningur

bls. 91

Petta er Lífeyrissjóður verzlunarmanna

Lykilupplýsingar um starfsemi sjóðsins 2023



Fjöldi sjóðfélaga

186 þúsund

Fjöldi launagreiðenda **10,5** þúsund



Lífeyrисиðgjöld

47,4 milljarðar

Í sameign **44,3** milljarðar

Í séreign **3,1** milljarðar




Nafnávöxtun séreignarsparnaðar 2023

Ævileið I **7,2%**

Ævileið II **6,0%**

Ævileið III **6,0%**

Verðbréfaeið **8,6%**




Dreifing eigna sameignardeildar

Ísland **55%**

Evrópa án Íslands **9%**

Norður-Ameríka **31%**

Aðrir heimshlutar **5%**




59 starfsmenn

Konur 56% / Karlar 44%

8 stjórnarmenn

Félag atvinnurekenda,
Samtök atvinnulífsins
og VR skipa stjórn



Afgreidd lán

25,7 milljarðar

Lánveitingar á árinu **1.055**

Meðalfjárhæð lána **24,3** milljónir




Sameignardeild 2023

raunávöxtun **0,5%**

5 ára árleg raunávöxtun: **4,8%**

10 ára árleg raunávöxtun : **4,8%**



Yfir **23.000** eignir í
51 landi



34,5 milljarðar í lífeyri
til **25** þúsund sjóðfélaga

Eftirlaun **26,2** milljarðar

Örorkulífeyrir **5,5** milljarðar

Maka- & barnalífeyrir **1,5** milljarðar

Séreign **1,3** milljarðar



Samskipti og þjónusta

Símtöl: **26.292**


Heimsóknir: **4.752**

Heimsóknir á sjóðfélagavef: **125.361**

Innlit á vef LV: **234.982**



Eignasamsetning sameignardeildar



Eignasöfn

1.287 milljarðar

Sameign: **1.256** milljarðar


Séreign: **31** milljarðar

Afkoma eignasafna

103 milljarðar á árinu



Starfsemi LV í fáum dráttum



Myndin sýnir hvernig iðgjald frá launþega og launagreiðanda vex með fjárfestingu í atvinnulífnum og fjármagnar starfsemi ríkis og sveitarfélaga. Sparnaðurinn og ávöxtun hans verður að lífeyri sem greiðist til æviloka og fjárhagslegri vernd vegna áfalla. Við

fráfall fer hluti réttinda sjóðfélagans til maka hans og barna. Við örorku er greiddur örorkulífeyrir. Aukin þjónusta felst í húsnæðislánum til sjóðfélaga og ávöxtun séreignarsparnaðar sem fjölgar valkostum við starfslok.

Stiklur frá liðnu ári

Hér er stiklað á stóru um nokkra atburði og þróun sem varðar starfsemi LV á árinu 2023, bæði í ytra umhverfi og innri starfsemi.

Fjárfestingarumhverfi

Eftir áratug af lágvaxtaumhverfi og lítilli verðbólgu varð viðsnúningur árið 2021 í kjölfar árásar Rússa á Úkraínu. Áframhaldandi átök í heiminum hafa leitt af sér umrót á alþjóðlegum hrávöru- og orkumörkuðum með tilheyrandi verð- og vaxtahækkunum og óvissa ríkir.

Erlendir markaðir

Árið 2023 einkenndist af þrálátri verðbólgu í kjölfar lágvaxtaumhverfis og örvunar- aðgerða stjórnvalda og seðlabanka víða um heim. Hagvöxtur var meiri en spár gerðu ráð fyrir en spáð er minni hagvexti árið 2024 þar sem aðhald peningastefnu muni hægja á hagkerfum heimsins. Blikur voru á lofti undir lok árs þegar verðbólga þróaðra ríkja lækkaði og samhliða varð hækkun á eignamörkuðum. Við núverandi vaxtastig hafa erlend skuldabréf sem fjárfestingarkostur verið töluvert meira aðlaðandi en þó reyndist ávöxtun erlendra hlutabréfa góð á árinu.

Markaðir innanlands

Hagvöxtur fyrstu níu mánuði ársins mældist 4,2% eða minni en á sama tíma árið áður. Þá hægðist á einkaneyslu eftir mikinn vöxt undanfarin ár og jafnframt eru vísbendingar um minni vöxt í atvinnuvegafjárfestingu. Útflutningur var sterkur sem rekja má til ferðaþjónustu. Atvinnuleysi mældist samhliða lágt eða 3,6%. Verðbólga var há framan af ári og endaði árið í 7,7% sem er enn langt yfir verðbólgu markmiði Seðlabanka Íslands. Hægst hefur á hækkun húsnæðisverðs og verði innfluttra vara. Verðbólguvæntingar hafa mælst vel yfir markmiði Seðlabankans og hefur það ásamt hárrí verðbólgu kallað á aukið aðhald peningastefnunnar. Stýrivextir voru hækkaðir

fjórum sinnum árið 2023 og stóðu í 9,25% í árslok sem er hæsta vaxtastig frá árslokum 2009. Flestar spár gera ráð fyrir lækkanði vöxtum á komandi misserum. Ávöxtunarkrafa bæði verðtryggðra og óverðtryggðra skuldabréfa hækkaði samhliða stýrivaxtahækkunum og mikilli verðbólgu. Ávöxtun heildarvísitölu innlendra skráðra hlutabréfa (OMXIGI) var -0,7% á árinu 2023.

Tryggingafræðileg staða sameignardeildar og samþykktarbreytingar

Tryggingafræðileg staða sameignardeildar var -6,8% í árslok 2023 en var -5,6% árið áður. Breytingarnar skýrast einkum af hárrí verðbólgu á árinu sem dró niður raun-ávöxtun sjóðsins á tímabilinu auk þess að hækka lífeyrisskuldbindingar sjóðsins sem eru verðtryggðar. Sjá nánar, m.a. á yfirliti um tryggingafræðilega stöðu sameignardeildar, í skýringu 16 í ársreikningi og í kafla II um lífeyrisafurðir í ársskýrslunni.

Samþykktarbreytingar – aðlögun sameignardeildar að hækkandi lífaldri og þróun lífeyrisréttinda

Í byrjun árs 2023 tóku gildi umfangsmiklar breytingar á samþykktum LV. Veigamikill þáttur þeirra lýtur að því að laga réttindakerfi sameignardeildar að hækkandi lífaldri sjóðfélaga og nýjum viðmiðum við mat á lífaldri. Þá voru gerðar ákveðnar breytingar sem auka sveigjanleika við starfslok og styrkja makalífeyri og framreikningsrétt vegna örorku, auk nokkurra smærri breytinga. Sjá m.a. umfjöllun í kafla II um lífeyrisafurðir og í kynningargögnum fyrir ársfund LV 2022 á vef sjóðsins.

Málshöfðun vegna réttindabreytinga

Á vormánuðum var höfðað mál á hendur LV vegna samþykktarbreytinganna og krafist ógildingar á ákvæði sem varðar breytingu á áunnum réttindum sjóðfélaga. Í dómi héraðsdóms Reykjavíkur nr. E-1722/2023 sem kveðinn var upp 30. nóvember

2023 var fallist á kröfur stefnanda þar sem krafist var ógildingar á tilteknu ákvæði samþykktarbreytinganna. Kjarni þeirra breytinga felst í því að áunnin réttindi sjóðfélaga í sameignardeild voru umreiknuð þannig að mánaðarlegar greiðslur lækkuðu mismikið eftir aldri. Markmiðið var að mæta hækkandi lífaldri sjóðfélaga þar sem spáð er að ævi yngri sjóðfélaga lengist meira en þeirra sem eldri eru. Þessi spá endurspeglast í lífslíkutöflum sem gefnar eru út af Félagi íslenskra tryggingastærðfræðinga og staðfestar af fjármála- og efnahagsráðherra.

Dómi héraðsdóms var áfrýjað í desember til Landsréttar. Jafnframt var óskað eftir áfrýjunarleyfi beint til Hæstaréttar. Hæstiréttur veitti LV áfrýjunarleyfi til réttarins 20. febrúar 2024.

Einfaldari og skilvirkari afgreiðsla með þróun á stafrænum lausnum

Áfram var fjárfest í kerfisinnviðum sjóðsins með það að markmiði að einfalda og bæta notendaviðmót og afgreiðslu. Í upphafi árs var netspjall innleitt ásamt raf-rænni auðkenningu sem gerir starfsfólki kleift að veita persónulegar upplýsingar gegnum síma og netspjall. Stafræn vegferð sjóðsins er í takt við þær væntingar sem sjóðfélagar og fyrirtæki gera til okkar um hraðari, einfaldari og hagkvæmari afgreiðslu erinda.

Nýr live.is

Í september fór í loftið nýr ytri vefur sjóðsins. Það er liður í áframhaldandi vegferð LV í að auka rafræna þjónustu og upplýsingagjöf til sjóðfélaga og uppfæra stafræna ásýnd til samræmis við nýtt útlit. Áhersla er lögð á að einfalda viðmót og efnistöð, auka ráðgjöf og gagnlegar ábendingar. Liður í því er m.a. uppfærðar og aðgengilegri reiknivélar lána og lífeyris. Þá var aukin áhersla lögð á gott aðgengi fyrir breiðan hóp með mismunandi stafræna færni og bætt viðmót í snjalltækjum.

Lífeyrisgreiðslur náðu þremur milljörðum króna á mánuði í desember

Í desember 2023 var í fyrsta sinn greiddur út lífeyrir sem nam yfir þremur milljörðum króna. Heildarútgreiðslur lífeyris námu alls 34,5 milljörðum króna og hækkðu um 8,1 milljarð króna á árinu eða um 30,8%. Hækkunin skýrist meðal annars af hækkun áunninna réttinda og lífeyrisgreiðslna og fjölgun þeirra sem fá greiddan lífeyri. Þá eru lífeyrisgreiðslur verðtryggðar miðað við vísitölu neysluverðs og hækkðu því í takt við verðbólgu.

Prentuð yfirlit heyrta sögunni til

Í kjölfar lagabreytinga var sjóðnum heimilt að senda yfirlit yfir lífeyrisiðgjöld með rafrænum hætti eingöngu. Töluvert hagræði fæst af þessari breytingu og minnkar bæði kolefnisspor sjóðsins með minni útrentun og kostnaður við yfirlit lækkar þar sem pósthúðargjöld heyrta sögunni til. Við hvetjum sjóðfélaga til að skrá netfang sitt á *Mínar síður* svo þeir fái ábendingu þegar nýtt yfirlit berst.

Þjónusta við lántakendur sjóðfélagalána og þróun vaxta

Við útfærðum greiðsluhlé fyrir lántakendur í fæðingarorlofi og nú er hægt óska eftir 3–12 mánaða greiðsluhléi á afborgunum. Þegar fjölskyldan stækkar þarf að huga að mörgu, ekki síst fjármálunum og er greiðsluhléinu ætlað fjölskyldum til að njóta þessa tímabils betur.

Við útfærðum einnig reiknivél inni á *Mínur síðum* sem sýnir áhrif innborgana á lán. Þannig geta lántakendur metið betur áhrif aukagreiðslna inn á lán á komandi afborganir.

Vextir sjóðfélagalána taka mið af verðlagningu skuldabréfa á markaði og tekur stjórn vexti til endurskoðunar eins oft og þurfa þykir. Vextir lána voru hækkaðir sjö sinnum

á árinu sem er óvenju oft. Lántakendur fengu sent hnipp þegar vextir hækkuðu á lánunum þeirra auk þess sem allir lántakendur fengu skilaboð með úrræðum sem sjóðurinn býður vegna greiðsluferfiðleika.

Aukin ánægja sjóðfélaga LV

Sjóðurinn hefur um árabil tekið þátt í viðhorfskönnun sem Gallup framkvæmir. Samkvæmt nýjustu mælingum hafa sjóðfélagar LV aldrei verið ánægðari með sjóðinn og heildaránægja mælist nú 4,9 af 7. Þá hækkuðu einnig aðrir mikilvægir mælikvarðar milli ára eins og ánægja með rafræna þjónustu (4,8 af 7), ánægja með upplýsingagjöf (4,9 af 7) og traust sem mælist nú 4,8 af 7 mögulegum. Við þökkum fyrir þátttökuna og niðurstaðan er okkur hvatning til að halda áfram á sömu braut.

Laga- og reglumhverfi

Breyting á lögum um lífeyrissjóði, 15,5% lágmarksiðgjald lögfest, ákvæði um tilgreinda séreign o.fl.

Í janúar 2023 tóku gildi breytingar á lögum um lífeyrissjóði nr. 129/1997, sbr. lög nr. [55/2022](#), um breytingu á ýmsum lögum vegna hækkunar lágmarksiðgjalds til lífeyrissjóðs (lágmarkstryggingavernd, tilgreind séreign o.fl.). Ítarlega var gerð grein fyrir breytingunum í síðustu árs- og sjálfbærnisráðgjafum, á ársfundi sjóðsins, vef hans og samfélagsmiðlum.

Lögfesting frumvarps um auknar heimildir í fjárfestingum í erlendri mynt frestast

Í mars 2023 samþykkti Alþingi lög nr. [12/2023](#) um breytingar á lögum um lífeyrissjóði nr. [129/1997](#) sem varðar gjaldmiðlaáhættu og upplýsingagjöf til sjóðfélaga. Með þeim eru heimildir lífeyrissjóða til fjárfestinga í erlendri mynt rýmkaðar í áföngum.

Einnig er mælt fyrir um að lífeyrissjóðum beri að veita nýjum sjóðfélögum upplýsingar um helstu réttindi, skipulag og stefnu sjóðsins, auk þess sem bein heimild er veitt til að birta reglubundin yfirlit yfir iðgjöld, lífeyrisréttindi og rekstur á aðgangsstýrðu vefsvæði.

Frumvarp til laga um lögfestingu reglugerðar ESB sem á að stuðla að sjálfbærum fjárfestingum

Í maí 2023 samþykkti Alþingi lög nr. [25/2023](#) um lögfestingu tveggja ESB-reglugerða sem varða sjálfbærni og starfsumhverfi lífeyrissjóða. Lögfestingin hefur umtalsverð bein og óbein áhrif á starfsumhverfi LV.

Annars vegar reglugerð um flokkunarkerfi ESB (EU Taxonomy) sem skilgreinir hvað telst sjálfbær atvinnustarfsemi. Markmiðið er að auka gagnsæi í upplýsingagjöf stofnanafjárfesta (t.d. banka, verðbréfasjóða og lífeyrissjóða) og sporna gegn grænþvotti. Reglugerðin tengist einnig öðrum reglum sem varða upplýsingagjöf, áhættustýringu og stýringu eigna með tilliti til sjálfbærni. Hins vegar reglugerð um samræmdar reglur fyrir aðila á fjármálamarkaði, þar með talda lífeyrissjóði og fjármálaráðgjafa, um upplýsingar til endafjárfesta (eiginlegra eigenda) um meðferð sjálfbærniáhættu í eignasöfnum. Hún varðar bæði upplýsingagjöf stofnanafjárfesta sem stýra eignum og ráðgjafa. Unnið er að innleiðingu reglnanna í starfsemi LV.

Lykiltölur í rekstri

Hér er yfirlit yfir nokkrar lykilstærðir sem varða þróun LV. Nánari upplýsingar eru í öðrum köflum ársskýrslunnar sem og í ársreikningi. Í ársreikningi er m.a. yfirlit

yfir þróun kennitalna sjóðsins samkvæmt reglum um ársreikninga lífeyrissjóða, sjá skýringu 24 og 25 í ársreikningi.

	2023	2022	2021	2020	2019
Starfsemi LV					
Stöðugildi í lok árs	57,6	54,2	51,1	49,7	46,8
Starfsmannavelta	10,2%	12,3%	2,0%	0,0%	2,0%
Rekstrarkostnaður sem hlutfall af eignum					
án fjárfestingargjalda	0,14%	0,13%	0,12%	0,13%	0,14%
með fjárfestingargjöldum	0,48%	0,44%	0,44%	0,43%	0,47%
Nokkrar stærðir sameignardeildar					
Hlutfall lífeyrisgreiðslna af iðgjöldum	74,9%	64,0%	61,5%	53,6%	46,8%
Tryggingafræðileg staða, heildarstaða	-6,8%	-5,6%	3,5%	10,6%	8,4%
Fjöldi greiðandi sjóðfélaga	37.152	36.512	35.854	35.697	36.503
Fjöldi á lífeyri	24.222	22.115	21.044	19.813	18.452
Hlutfall greiðslna úr sameignardeild af heild					
Hlutfall greiðslna úr sameignardeild af heild	96,3%	95,8%	95,9%	94,7%	95,9%
Hlutfall greiðslna úr séreignardeildum af heild	3,7%	4,2%	4,1%	5,3%	4,1%
Iðgjaldagreiðslur og fleira					
Til sameignardeildar	44.300	39.156	35.750	33.978	34.379
Til séreignardeilda	3.072	2.654	2.324	2.100	2.030
Iðgjaldagreiðslur samtals	47.372	41.810	38.074	36.078	36.409
Útgreiðslur í m.kr.					
Úr sameignardeild	33.195	25.248	21.965	17.912	16.039
Úr séreignardeildum	1.266	1.096	944	1.002	684
Lífeyrisgreiðslur samtals	34.461	26.344	22.909	18.914	16.723

	2023	2022	2021	2020	2019
Stærð eignasafna í m.kr.					
Sameignardeild	1.256.492	1.146.105	1.174.593	991.541	849.610
Séreignardeild	31.028	27.005	26.538	21.688	18.060
- Séreign – Ævileið I	4.566	3.366	2.860	1.865	1.096
- Séreign – Ævileið II	3.476	2.731	2.325	1.566	938
- Séreign – Ævileið III	2.101	1.779	1.567	1.389	1.037
- Séreign – Verðbréfaeið	20.886	19.129	19.786	16.868	14.989
Eignir samtals	1.287.521	1.173.110	1.201.131	1.013.229	867.670
Eignasamsetning sameignardeildar					
Hlutabréf	50,8%	56,3%	60,7%	55,0%	53,6%
Skuldabréf	49,2%	43,7%	39,3%	45,0%	46,4%
Skráðar eignir ¹	86,0%	85,4%	88,4%	91,4%	91,6%
Hlutfall eigna í íslenskum krónum	54,4%	56,4%	55,4%	56,9%	60,4%
Hlutfall eigna í erlendum gjaldmiðlum	45,6%	43,6%	44,6%	43,1%	39,6%
Hrein raunávöxtun sameignardeildar					
Á árinu	0,5%	-11,9%	11,5%	10,8%	15,6%
Meðaltal sl. 5 ár	4,8%	4,9%	8,8%	6,2%	6,1%
Meðaltal sl. 10 ár	4,8%	5,3%	7,6%	6,7%	6,0%
Hrein nafnávöxtun sameignardeildar					
Á árinu	8,6%	-3,6%	16,9%	14,7%	18,7%
Meðaltal sl. 5 ár	10,8%	9,9%	12,3%	9,0%	8,6%
Meðaltal sl. 10 ár	8,7%	8,9%	10,8%	9,9%	9,1%

¹ Reiknað miðað við 3. mgr. 36. gr. b. í lögum nr. 129/1997.

	2023	2022	2021	2020	2019
Hrein nafnávöxtun, Ævileið I²					
Á árinu	7,2%	-8,4%	17,9%	15,1%	14,5%
Meðaltal sl. 5 ár	8,8%	7,7%	Liggur ekki fyrir	Liggur ekki fyrir	Liggur ekki fyrir
Hrein nafnávöxtun, Ævileið II²					
Á árinu	6,0%	-5,1%	10,8%	11,6%	12,5%
Meðaltal sl. 5 ár	7,0%	6,5%	Liggur ekki fyrir	Liggur ekki fyrir	Liggur ekki fyrir
Hrein nafnávöxtun, Ævileið III²					
Á árinu	6,0%	1,3%	1,6%	5,6%	5,6%
Meðaltal sl. 5 ár	4,0%	3,6%	Liggur ekki fyrir	Liggur ekki fyrir	Liggur ekki fyrir
Hrein nafnávöxtun, Verðbréfaeið					
Á árinu	8,6%	-3,6%	16,9%	14,7%	18,7%
Meðaltal sl. 5 ár	10,8%	9,9%	12,3%	9,0%	8,6%
Meðaltal sl. 10 ár	8,7%	8,9%	10,8%	9,9%	9,1%

Nánari upplýsingar í viðkomandi köflum árs- og sjálfbærnisráðs og ársreikning, m.a. í yfirliti yfir kennitölur í ársreikningi.

² Vakin er athygli á því að ávöxtunartölur endurspeglar gengisbreytingar eignasafns á tímabilinu. Ávöxtunartölur í ársreikningi kunna að vera lítillega frábrugðnar vegna tilmæla FME um útreikning ávöxtunar.



I. Um starfsemina

Ávörp formanns og framkvæmdastjóra, viðskiptalíkan, haghafar og mikilvægisgreining

Ávarp formanns stjórnar

Í upphafi árs 2023 tók gildi hækkun réttinda sjóðfélaga vegna góðrar afkomu sjóðsins. Samhliða var gerð breyting á réttindatöflum þar sem mismunandi árgangar ýmist lækkuðu eða hækkuðu allt eftir því hversu mikil aukning er á spá um lengri meðalævi hvers árgangs. Breytingarnar eru í grunninn góð tíðindi því nú mega sjóðfélagar reikna með að lifa umtalsvert lengur en áður var talið og munu þau yngri njóta fleiri eftirlaunaára en þau eldri.

Góðar breytingar í takt við tímann

Samþykktarbreytingunum í upphafi árs fylgdu margar jákvæðar breytingar fyrir sjóðfélaga sem kynntar voru með margvíslegum hætti. Greiðslutímabil makalífeyris var lengt og réttindin hækkuð. Aukinn var sveigjanleiki við töku lífeyris. Aldursmörk ævilangs lífeyris voru færð til 60 ára aldurs en voru áður 65 ár. Fjöldi sjóðfélaga hefur nýtt sér sveigjanleikann sem í þessu felst.

Ágreiningur um innleiðingu samþykktarbreytinga

Sjóðfélagi höfðaði mál og krafðist ógildingar á ákvæði sem varðar breytingu á áunnum réttindum sjóðfélaga. Í lok nóvember var fallist á kröfu sjóðfélagans í Héraðsdómi Reykjavíkur. Samþykktarbreytingarnar voru vandlega undirbúnar af stjórnendum og stjórn LV í samráði við tryggingastærðfræðing sjóðsins og lögmannsstofur sem og með samtali við stjórnvöld. Markmiðið var að virða eðli lífeyrisréttinda sem eignaréttinda, gæta jafnræðis, meðalhófs og annarra lagalegra skilyrða. Í því sambandi

var lítið til þess að vænt meðalævi lengist meira hjá þeim sem yngri eru en þeim sem eldri eru.

Dómi héraðsdóms var áfrýjað í desember til Landsréttar. Jafnframt var óskað eftir áfrýjunarleyfi beint til Hæstaréttar. Hæstiréttur veitti LV áfrýjunarleyfi til réttarins 20. febrúar 2024.

Fyrir liggur að meirihluti lífeyrissjóðakerfisins fór áþekka leið varðandi breytingu áunninna réttinda vegna hækkandi lífaldurs. Því er mikilvægt fyrir alla sjóðfélaga og lífeyriskerfið í heild sinni að lyktir þess byggji á traustum grunni.

Málefni ÍL-sjóðs

Eins og kunnugt er tilkynnti þáverandi fjármála- og efnahagsráðherra vænt slit á ÍL-sjóði á haustdögum 2022 þar sem ætlunin var að spara ríkissjóði vel á annað hundrað milljarða með því að heimila uppgjör á ÍL-sjóði og gjaldfella bréfin í stað þess að greiða þau til lokagjalds. Lífeyrissjóðir eru stærstu eigendur þessara skuldabréfa og hafa spyrnt fast við fótum enda bréfin gefin út með ábyrgð ríkisins. Staða lífeyrissjóðanna er sterk, bæði lagalega og viðskiptalega, og því er mikilvægt að stjórnvöld hlusti vel á röksemdir lífeyrissjóðanna svo farsælar lyktir náist.

Fjárfestingartækifæri í innviðum

Í síðasta ávarpi formanns var komið inn á innviðafjárfestingar og þörf þess að flýta fyrir möguleikum lífeyrissjóða til að fjárfesta í innviðum hérlendis. Innviðir eru í grunninn góður fjárfestingarkostur í eignasafn lífeyrissjóða og þörfin á uppbyggingu innviða er veruleg eins og hefur verið sýnt fram á í fjölda skýrslna. Frá síðasta ári hefur lítið þokast í þessum efnunum en við erum vongóð um að árið 2024 geti leitt til tækifæra á þessu sviði. Mikilvægt er að allir hlutaðeigandi setji aukinn kraft í greiningu vænlegra innviðafjárfestinga svo hægt sé að virkja sem fyrst þau tækifæri sem biða á þessu sviði.

Ný hluthafastefna með breyttum áherslum

LV hefur undanfarin misseri lagt aukna áherslu á framkvæmd eigendahlutverks sjóðsins. Liður í því var uppfærsla stjórnar á hluthafastefnu sjóðsins í árslok 2023. Í stefnunni er fjallað um atriði sem sjóðurinn leggur áherslu á gagnvart þeim félögum sem hann fjárfestir í og þeim félögum sem hann tekur til skoðunar sem fjárfestingarkost. Meðal nýmæla má nefna að sjóðurinn leggur til að formenn stjórna félaga verði kosnir af hluthöfum í stað þess að stjórn skipti sjálf með sér verkum. Auk þess eru auknar áherslur varðandi starfskjarastefnu fyrirtækja og upplýsingar um framkvæmd hennar, tilnefningarnefndir, arðgreiðslur, stefnu og upplýsingagjöf um sjálfbærni og fleira sem sjóðurinn horfir til við mat á fjárfestingarkostum. Stefnan er liður í virkum samskiptum og samtali við félög á markaði.

Ávöxtun á lífeyrissparnaði er og verður sveiflukennd milli ára. Það sem skiptir máli er ávöxtun til lengri tíma þegar árangur er metinn. Ljóst er að ávöxtun á fjármunum getur verið sveiflukennd þannig að sum ár gefa góða ávöxtun en önnur eru slakari. Góðu árin þurfa að veita upp slæmu árin og er það raunin hjá Lífeyrissjóði verzlunarmanna. Telja verður að ávöxtun til lengri tíma hjá sjóðnum sé viðunandi en raunávöxtun síðastliðinna 10 ára er 4,8% og ef horft er 20 ár aftur í tímann þá er raunávöxtun sjóðsins 4,1%.

Að lokum vil ég fyrir hönd stjórnar þakka sjóðfélögum og starfsfólki fyrir gott samstarf á árinu.

Stefán Sveinbjörnsson,
formaður stjórnar



Lífeyrissjóður verzlunarmanna varð 67 ára

1. febrúar 2023 voru 67 ár liðin frá stofnun sjóðsins.

Við héldum upp á afmælið með því að gera könnun meðal almennings um óskir vegna starfsloka og lífeyristöku.

Í ljós kom að flestir vildu fara fyrir á lífeyri en þeir töldu raunhæft miðað við réttindi sín og aðstæður. Þá langar flesta að minnka við sig, vinna verkefna- eða íhlaupavinnu frekar en að hætta alveg að vinna. Margir þekktu ekki til stefnu launagreiðanda varðandi starfslok.

Ávarp framkvæmdastjóra

Afkoma ársins reyndist mun betri en útlit var fyrir langt fram eftir árinu. Hrein ávöxtun sameignardeildar nam um 8,6% eða um 0,5% raunávöxtun. Séreignarleiðir skiluðu frá 5,8% til 8,6% nafnávöxtun.

Tryggingafræðileg staða sjóðsins nam í upphafi árs 2023 -5,6%, þar sem heildar-skuldbindingar eru umfram heildareignir sjóðsins. Há verðbólga á árinu 2023 auk þess sem raunávöxtun eigna var undir viðmiði í tryggingafræðilegu uppgjöri leiddi til 1,2% lækkunar á stöðunni í árslok 2023.

Markaðir

Pó að markaðir hafi í raun komið betur út en á horfðist á síðasta ári þá er enn talsverð óvissa um marga þætti innanlands sem utan sem hafa mikil áhrif á þróun markaða. Þannig eru þegar þetta er ritað jákvæð merki um minnkandi verðbólgu, óbreytt eða lækkandi vaxtastig, sérstaklega ef sátt næst á vinnumarkaði um kjarasamninga sem miða að því að ná niður verðbólgu og vöxtum.

Erlendis er líklegt að næstu mánuði munu augu fjárfesta áfram beinast að þróun hagtalna til að sjá merki um það hvort verðbólga haldi áfram að lækka og þar með ávöxtunarkrafa skuldabréfa án verulegra áhrifa á atvinnuleysi og hagvöxt.

Innleiðing sjálfbærnilaga og reglna

Á árinu var unnið að innleiðingu aðferðafræði við greiningu á áhættuþáttum tengdum sjálfbærni í eignasöfnum m.t.t. nýrrar löggjafar og annarra viðurkenndra viðmiða. Stefna sjóðsins um ábyrgar fjárfestingar hefur nú verið innleidd og snúa verkefni eignastýringar m.a. að því að móta og innleiða aðferðafræði samkvæmt gildandi reglum og viðurkenndum stöðlum til að styrkja ákvarðanatöku við stýringu eignasafna og að auka gagnsæi í upplýsingagjöf til hogaðila sjóðsins.

Stafrænar lausnir

Miklar framfarir áttu sér stað í stafrænum lausnum fyrir sjóðfélaga. Í upphafi árs var innleitt netspjall ásamt rafrænni auðkenningu og nýr vefur sjóðsins var settur í loftið í september. Þá var á árinu í fyrsta sinn einungis send rafræn yfirlit á Mínum síðum. Við höldum áfram að vinna að nýjum stafrænum lausnum sem auka og bæta þjónustu og sjálfbærni í rekstri.

Ánægja starfsfólks

Eins og ávallt voru mannauðsmál ofarlega á baugi. Til að styðja við uppbyggingu fyrirmyndarvinnustaðar voru meðal annars innleiddar mannauðsmælingar sem eru kynntar ársfjórðungslega fyrir öllu starfsfólki. Mælingarnar hafa komið vel út og sannað gildi sitt við að vinna markvisst jafnóðum úr ábendingum starfsfólks. Sjóðurinn var útnefndur sem mannauðshugsandi vinnustaður HR Monitor árið 2023.

Ánægja sjóðfélaga

Niðurstöður hinnar árlegu lífeyrissjóðakönnunar Gallup voru sérstaklega ánægjulegar í ár en samkvæmt henni hafa sjóðfélagar aldrei verið ánægðari. Sá árangur byggist á þeirri menningu sem starfsfólk hefur tileinkað sér með umhyggju, fagmennsku og árangri í þágu sjóðfélaga að leiðarljósi.

Að lokum er rétt að nefna þau tímamót þegar lífeyrisgreiðslur síðasta mánaðar ársins fóru í fyrsta sinn yfir þrjá milljarða í einum mánuði. Mikil hækkun hefur verið á útgreiðslum enda eru greiðslurnar verðtryggðar. Auk þess var lífeyrir hækkaður í byrjun ársins og fleiri kjósa að fara fyrir á lífeyri eftir að aldursmörk voru færð úr 65 í 60 ár fyrir upphaf lífeyristöku.

Ég vil þakka sjóðfélögum, stjórn og starfsfólki fyrir góð samskipti og samstarf á árinu.

Guðmundur Þ. Þórhallsson,
framkvæmdastjóri



Hvernig skapar LV virði – viðskiptalíkan

Grundvöllur starfsemi: LV starfar á grundvelli starfsleyfis fjármálaráðherra í samræmi við lög nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrisjóða, með síðari breytingum og samþykktum sjóðsins.

Aðild að LV: Sjóðurinn er opinn öllum þeim sem starfskjör byggja á kjarasamningi VR, félagsmönnum annarra félaga verslunarmanna og sjálfstæðum atvinnurekendum og þeim sem ekki byggja ráðningarbundin starfskjör sín á kjarasamningi annarra.

Grunnþættir í viðskiptalíkani: Viðskiptalíkan sjóðsins byggist á því meginhlutverki hans, samkvæmt framangreindum lögum og samþykktum sjóðsins, að

- taka á móti iðgjöldum sjóðfélaga sem mynda grundvöll réttinda.
- ávaxta eignir sjóðsins í sameignar- og séreignardeildum.
- greiða út ævilangan lífeyri vegna elli, áfallalífeyri í formi örorkulífeyris til sjóðfélaga og barna þeirra sem og maka- og barnalífeyri vegna fráfalls sjóðfélaga.
- greiða út séreignarlífeyri vegna aldurs, örorku eða fráfalls.

Þá eru sjóðfélögum veitt sjóðfélagalán í formi fasteignaveðlana í samræmi við lána-reglur á hverjum tíma.

Samfélagsleg áhrif og fjölþættir framleiðsluþættir LV: Meginhlutverk LV er að greiða sjóðfélögum lífeyri á grundvelli iðgjalda sem greidd eru til sjóðsins. Í því skyni rekur sjóðurinn þrjár deildir fyrir réttindi: i) sameignardeild, ii) séreignardeild fyrir almenna séreign og iii) séreignardeild fyrir tilgreinda séreign.

Lífeyrisgreiðslur frá sjóðnum eru í mörgum tilvikum veigamikill grundvöllur framfærslu sjóðfélaga eftir starfslok og mikilvæg afkomuvernd fyrir eftirlifandi maka og börn þegar sjóðfélagi fellur frá. Sjóðurinn stýrir fjórum eignasöfnum fyrir sameign og séreign og af þeim leiðir að rekstur sjóðsins hefur áhrif á fjölda hagaðila og marga þætti samfélagsins.

Til að lýsa samverkandi þáttum í starfsemi skipulagsheilda hafa verið skilgreindar lykilaðlindir eða fjölþættir framleiðsluþættir (e. multi capitals) í rekstri LV sem stuðla að verðmætasköpun.

Árið 2020 voru heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun greind með tilliti til starfsemi sjóðsins og hafa áherslumarkmið LV nú verið tengd við heimsmarkmiðin. Þá var í upphafi árs 2022 gerð könnun meðal sjóðfélaga, starfsfólks og stjórnarmanna á viðhorfi til sjálfbærni í starfsemi LV í tengslum við starfsemi sjóðsins.

Niðurstöður greiningar eru nýttar til að tengja saman áherslur í rekstri LV og inntak heimsmarkmiðanna um sjálfbæra þróun. Sett eru stefnumótandi markmið með tilliti til heimsmarkmiðanna þar sem litið er til allra þátta sjálfbærni; efnahagslegrar hagsældar, samfélagslegrar velsældar og ábyrgar nýtingar náttúruauðlinda.

Markmiðið er að tengja reksturinn og áhersluatriði í heimsmarkmiðunum saman með mælanlegum hætti.

Viðskiptalíkan LV byggir á fyriryndum í leiðbeiningum „[Integrated Reporting Framework](#)“.

Viðskiptalíkan

Myndin sýnir auðlindir (framleiðsluþætti) sem starfsemi LV byggist á og virðisauka sem hún skapar. Ferlið er hringrás framleiðsluþátta, starfsemi og virðisauka.

Auðlindir

Fjármagn

Iðgjöld og séreignarsparnaður sjóðfélaga er notaður í fjárfestingar til ávöxtunar sem stendur undir lífeyrisgreiðslum og áfallavernd sjóðfélaga.

Mannauður

Hjá sjóðnum starfar sérhæft starfsfólk með viðtæka þekkingu og reynslu. Verkefni sjóðsins eru aðallega þjónusta við sjóðfélaga, fjárfestingarstarfsemi og rekstur upplýsingakerfa.

Samfélag

Sjóðurinn starfar í þágu sjóðfélaga sinna. Með það að markmiði að starfa í sátt við samfélagið viðhefur sjóðurinn öguð og vönduð vinnubrögð, veitir sjóðfélögum áreiðanlegar upplýsingar og starfar samkvæmt lögum og reglum sem um hann gilda.

Náttúra og umhverfi

Megináhrif á náttúru og umhverfi eru fólgin í fjárfestingarstarfseminni. Hún byggist m.a. á fjárfestingum sem hafa með einum eða öðrum hætti áhrif á náttúru og umhverfi.


Öfnislegar eignir

Á grundvelli starfsleyfis LV og áratuga starfsemi hefur byggst upp þekking og fyrirtækjamenning sem styður við þróun þjónustu og starfshátta, öguð vinnubrögð og frumkvæðishugsun. Öfnislegar eignir felast m.a. í jákvæðri ímynd, upplýsingakerfum sjóðsins, mannauði, þekkingu á starfsemi hans og viðskiptasamböndum.

Efnislegar eignir

Núverandi eignasöfn, skrifstofuhúsnæði, skrifstofubúnaður og upplýsingakerfi.

Starfsemi LV



Eftirlit

FME, innri- og ytri endurskoðun, tryggingastærðfræðingur, endurskoðunarnefnd, áhættustýring, starfsfólk, stjórn LV

Regluverk

Lög, reglugerðir, reglur FME, kjarasamningar, samþykktir LV, aðrar reglur

Virðisauki

Fjármagn

Lífeyrisgreiðslur til sjóðfélaga til framfærslu / Áhrif á hagvöxt og velsæld í forni fjármögnunar og fjárfestingar, einkum í innlendu hagkerfi

Mannauður

Þekking, reynsla og fagmennska / Jafnvægi á milli vinnu og einkalífs / Vinnuumhverfi sem styður við starfsþróun og velliðan í starfi

Samfélag

Aukið vægi greiðslna lífeyris í samfélaginu gagnvart greiðslum frá ríki og sveitarfélögum / Áhrif á hagvöxt og velsæld með langtimafjárfestingum í innlendu hagkerfi / Jákvæð áhrif á stjórnarhætti fyrirtækja

Náttúra og umhverfi

Sjóðurinn getur haft jákvæð áhrif á umhverfislega og félagslega þætti / Mæling á umhverfisþáttum sem varða rekstur sjóðsins / Aukin áhersla á greiningu umhverfisþátta og félagslegra þátta við mat á fjárfestingarkostum og eignasafni / Uppbyggilegt aðhald gagnvart innlendum félögum sem sjóðurinn er hluthafi í

Öfnislegar eignir

Þekking / Þjónustugæði / Öryggi í þjónustu / Traust / Skilvirk upplýsingakerfi og ferlar / Viðskiptasambönd

Efnislegar eignir

Eignasöfn og upplýsingakerfi sem styðja við rekstur sjóðsins

Áherslur

Efla lífsgæði og grunnþarfir

- » Efla jafna stöðu kynja og jöfn tækifæri
- » Styðja við heilsu og öryggi starfsfólks
- » Efla þekkingu og færni starfsfólks
- » Leggja áherslu á aðgengi upplýsinga fyrir sjóðfélaga
- » Innleiða stefnu og aðferðafræði fyrir greiningu á UFS-þáttum í fjárfestingaferli og umsýslu eignasafna

Góð atvinna og nýsköpun

- » Fylgjast með þróun sem leiðir af breyttri samfélagsgerð
- » Efla nýsköpun í vöruúrvali / þjónustuleiðum sjóðfélaga
- » Auka áherslu á eignir sem styðja við nýsköpun, aukna sjálfbærni og ábyrgari virðiskeðju

Sjálfbær nýting náttúruauðlinda og loftlagsmál

- » Styðja við sjálfbærni við kaup á aðföngum
- » Áhersla á að draga úr gróðurhúsalofttegundum tengdum rekstri
- » Auka áherslu eignasafna á sjálfbæra nýtingu auðlinda, vistkerfa og stöðguleika í loftlagsmálum

Samvinna

- » Efla samstarf við haghafa um sjálfbæra þróun
- » Efla samstarf um ábyrgar fjárfestingar og samþættingu UFS-greininga í fjárfestingarferli

Stuðningur við heimsmarkmið

5 JAFNRÉTTI KYNJANNA



10 AUKIN JÖFNUR



8 GÓÐ ATVINNA OG HAGVÖXTUR



9 NÝSKÖPUN OG UPPBYGGING



12 ÁBYRG NEYSLA OG FRAMLEIÐSLA



13 AÐGERÐIRÍ LOFTLAGSMÁLUM



17 SAMVINNA UM MARKMIÐIN



Haghafar og mikilvægisgreining

Gagnlegt er fyrir starfsemi LV að hafa gott yfirlit yfir haghafa sjóðsins. Það auðveldar sjóðnum að vinna að og gæta þeirra hagsmuna sem honum er falið að sinna. Einnig gerir það sjóðinn betur í stakk búinn til að fylgjast með sjónarmiðum og áhrifum haghafa sem eru í aðstöðu til að hafa bein eða óbein áhrif á starf hans og þá hagsmuni sem hann gætir.

Haghafar hafa verið skilgreindir sem einstaklingar, hópar eða lögaðilar sem verða fyrir áhrifum af starfsemi og geta haft áhrif á starfsemi skipulagsheilda. Þarfir, kröfur og áhrifavald haghafa getur haft áhrif á starfsemi LV og mótun ýmissa stefna og reglna. Þar má nefna samþykktir, fjárfestingarstefnu, stefnu um ábyrgar fjárfestingar, áhættustefnu, siða- og samskiptareglur, stefnu varðandi upplýsingamiðlun, mannauðsstefnu og starfskjarastefnu.

Nánari umfjöllun um haghafa lífeyrissjóðsins má finna í árs- og sjálfbærnisráskýrslu sjóðsins fyrir árin 2022 og 2021 og í sjálfbærnisráskýrslu sjóðsins fyrir árið 2020.


Samskipti við haghafa

Sjóðurinn aflar reglulega þekkingar á þörfum sjóðfélaga með samtölum, upplýsingum úr gögnum sjóðsins, skrásetningu og úrvinnslu ábendinga með eigin gögnum en jafnframt með sérhæfðum könnunum meðal sjóðfélaga og almennings.

Ársfundir sjóðsins eru vettvangur ítarlegrar upplýsingamiðlunar um afkomu liðins árs. Allir sjóðfélagar hafa rétt til setu á fundinum og er hann auglýstur í helstu fjölmiðlum. Sjóðurinn nýtir einnig samfélagsmiðla og sendir sjóðfélögum tvisvar á ári yfirlit yfir réttindi og greidd iðgjöld.


Þær áherslur sem koma fram í samtölum, könnunum og rýni meðal haghafa eru leiðarljós í ákvörðunum stjórnenda og starfsfólks á degi hverjum.

Um lykilhaghafa og aðra haghafa (innri og ytri)



Mikilvægisgreining

Í febrúar 2022 var framkvæmd mikilvægisgreining meðal sjóðfélaga, starfsfólks og stjórnar til að kanna viðhorf til áhrifa sjálfbærrar þróunar á efnahags-, umhverfis- og félagslega þætti. Niðurstöður þeirra greiningar eru hér endurbirtar frá árs- og sjálfbærnisráðgjafi sjóðsins fyrir árið 2021. Svarendur forgangsröðuðu áherslum sjóðsins eftir mikilvægi jákvæðra áhrifa á sjálfbæra þróun. Helstu niðurstöður þeirrar greiningar voru þær að haghafar voru sammála um að leggja bæri mesta áherslu á góða stjórnarhætti, ábyrgar fjárfestingar, persónuvernd og öryggi gagna, mannréttindi og réttindi starfsfólks og jafnrétti. Unnið er nú að tvöfaldri mikilvægisgreiningu þar sem lögð verður áhersla á að greina hvernig eignasöfn sjóðsins, rekstur skrifstofu og lífeyris hefur áhrif á umhverfi og samfélag, bein og óbein. Fjárhagsleg áhrif sjálfbærni verða einnig metin og tækifæri og áhætta skilgreind fyrir annars vegar eignasöfnin og hins vegar fyrir rekstur skrifstofu og lífeyris. Greiningin mun taka mið af sjónarmiðum starfsfólks sjóðsins sem og helstu innri og ytri lykilhaghafa.



Betri upplýsingar um úrræði tengd greiðsluferfiðleikum

Það geta allir átt í tímabundnum greiðsluferfiðleikum um ævina og stundum breytast aðstæður. Vegna hækkunar greiðslubyrði lántakenda með hækkandi vaxtastigi á sl. ári gerðum við aðgengilegri á vef okkar upplýsingar um leiðir sem við bjóðum til að bregðast við tímabundnum greiðsluferfiðleikum lántakenda hjá sjóðnum. Lántakendur fengu einnig sendan tölvupóst til að vekja athygli þeirra á þessu.



II. Lífeyrisafurðir

Stóra myndin, tölur og gröf, sjálfbær lífeyrir, samþykktabreytingar og tryggingafræðileg staða

LV rekur þrjár réttindadeildir, sameignardeild og tvær séreignardeildir, fyrir almenna séreign og tilgreinda séreign.

- » Sameignardeildin, A-deild, er langstærsta réttindadeildin. Meginafurð hennar er ævilangur lífeyrir en auk þess áfallalífeyrir sem veitir mikilvæg tryggingaréttindi í formi örorku-, maka- og barnalífeyris.
- » Séreignardeildirnar eru tvær, B-deild fyrir almenna séreign og C-deild fyrir tilgreinda séreign. Eignir sjóðfélaga í séreign eru ávaxtaðar í fjórum eignasöfnum, Ævileiðum I, II og III sem og Verðbréfaeið sem er lokuð fyrir nýjum samningum.

Yfirlit yfir lífeyrisafurðir LV

Sameignardeild		Séreignardeildir	
A-deild		Almenn séreign B-deild	Tilgreind séreign C-deild
Upphaf tóku ævilangs lífeyris frá 60 til 80 ára. Eingreiðsla ef mánaðargreiðsla er undir 6.585 kr. miðað við janúar 2024.	Útgreiðsla vegna aldurs	Frá 60 ára aldri.	Frá 62 ára aldri, dreift a.m.k. til 67 ára. Eingreiðsluviðmið 1.745.821 m.v. janúar 2024. Laus að fullu frá 67 ára.
Örorkulífeyrir ef orkutap er metið 50% eða meira, sjóðfélagi hafi greitt í lífeyrissjóði að lágmarki í 2 ár og orðið fyrir tekjutapi.	Vegna orkutaps	Greitt út á sjö árum ef yfir eingreiðslumörkum 1.745.821 miðað við janúar 2024.	
Makalífeyrir er 60% af réttindum sjóðfélaga, greiddur í lágmark fimm ár, þrjú ár fullur og tvö ár hálfur. Barnalífeyrir vegna andláts og örorku.	Við andlát	Inneign greidd til erfingja í samræmi við hjúskapar- og erfðalög.	
Skipting réttinda milli hjóna fyrir 65 ára aldur og fyrir lífeyristöku.	Skipting	Skipting séreignar milli hjóna, sömu skilyrði.	

Yfirlit yfir greidd iðgjöld og útgreiðslu lífeyris árin 2022 og 2023

Iðgjöld, fjöldi sjóðfélaga og launagreiðenda

	Sameignardeild		Séreign		Tilgreind séreign	
	2023	2022	2023	2022	2023	2022
Iðgjöld til LV í m.kr.	44.300	39.421	1.893	1.625	1.207	1.060
Heildarfjöldi sjóðfélaga	49.941	48.895	3.858	3.551	3.504	3.254
Fjöldi launagreiðenda	10.415	9.788	2.037	1.884	1.887	1.693

Eingöngu rafræn yfirlit í fyrsta sinn

Á vormánuðum varð sjóðnum í fyrsta sinn heimilt að senda eingöngu út rafræn yfirlit til sjóðfélaga á Mínum síðum. Mikill sparnaður felst í breytingunni auk þess sem flestir sjóðfélaga vilja helst fá yfirlitin sín með rafrænum hætti ef marka má kannanir.

Sameign

	Fjöldi einstaklinga á lífeyri		Lífeyrisgreiðslur í m.kr.	
	2023	2022	2023	2022
Ævilangur lífeyrir	19.355	16.497	26.172	19.316
Örorkulífeyrir	5.535	5.369	5.498	4.609
Makalífeyrir	1.929	1.911	1.346	1.152
Barnalífeyrir	687	692	179	171
Samtals	26.080	23.136	33.195	25.248

Séreign

	Fjöldi einstaklinga sem fá greitt vegna		Séreignargreiðslur í m.kr.	
	2023	2022	2023	2022
Séreign	750	709	782	648
Lán og húsnæðissparnaður	1.203	1.043	484	420
Covid úrræði	0	26	0	29
Samtals	1953	1.778	1.266	1.097

Sameignardeild


Sameignardeildin er stærst af þremur réttindadeildum sjóðsins. Hér er m.a. gerð grein fyrir þróun fjárhæðar inngreiðslna og lífeyrisgreiðslna, fjölda greiðandi sjóðfélaga og sjóðfélaga á lífeyri. Upplýsingar um eignir sameignardeildar eru í kafla III um eignasöfn.

Lífeyrisgreiðslur til sjóðfélaga

Lífeyrisgreiðslur úr sameignardeild námu 33.195 milljónum króna og hækkuðu um 31,5% frá fyrra ári. Lífeyrisgreiðslur eru verðtryggðar og hækka miðað við vísitölu neysluerðs sem hækkaði um 8% 2023.

Lífeyrisgreiðslur 2014–2023


í milljónum króna



Fjöldi sjóðfélaga á lífeyri

Sjóðfélagar á lífeyri voru 26.080 á árinu 2023 og fjölgaði þeim um 12,7% frá fyrra ári. Lífeyrir sameignardeildar í hlutfalli af iðgjöldum, svokölluð lífeyrisbyrði, nam 74,9% á árinu 2023 en var 64,0% árið áður.


Fjöldi lífeyrisþega 2014–2023



Á árinu 2023 hófu 3.695 sjóðfélagar töku eftirlauna en þeir voru 1.858 árið áður. Þar af voru 763 eða 20,7% sjóðfélaga sem hófu töku lífeyris við 67 ára aldur. 71% hóf töku fyrir 67 ára aldur. Ástæðu aukningarinnar má einkum rekja til breytinga á samþykktum í upphafi árs þar sem aldursmörk vegna töku ævilangs lífeyris voru lækkuð úr 65 ára í 60 ára aldur.

Örorkulífeyrir: Fjöldi og fjárhæðir

Þeim sem eru á örorkulífeyri hefur fjölgað um 89,7% frá árinu 2013. Samkvæmt laga-
breytingu frá 2014 ber einstaklingum á örorkulífeyri hjá Tryggingastofnun ríkisins
(TR) að sækja um í lífeyrissjóði til að eiga rétt hjá TR. Fjárhæðir hafa hækkað töluvert
síðustu þrjú ár en auk tveggja réttindahækkana hefur vísitala neysliverðs hækkað
mikið síðustu tvö ár.




Iðgjöld til sameignardeildar

Greidd iðgjöld til sjóðsins hafa aukist undanfarin ár. Hækkun milli áronna 2022 og
2023 var um 12,4%.

Iðgjöld 2014–2023


í milljónum króna



Fjöldi greiðandi sjóðfélaga

Fjöldi greiðandi sjóðfélaga hefur verið nokkuð svipaður undanfarin ár.


Fjöldi greiðandi sjóðfélaga 2014–2023



Heildarfjöldi sjóðfélaga sem eiga réttindi í sameignardeild

Alls eiga rúmlega 186 þúsund sjóðfélagar réttindi í sameignardeild og hefur þeim fjölgað úr rúmlega 152 þúsund frá árinu 2014.

Heildarfjöldi sjóðfélaga sem eiga réttindi í sameignardeild 2014–2023



Séreignardeild


LV starfrækir tvær séreignardeildir, aðra fyrir almenna séreign og hina fyrir tilgreinda séreign. Eignir séreignardeilda eru ávaxtaðar í fjórum leiðum eins og nefnt hefur verið framar í þessum kafla og fjallað er um í kafla III um eignasöfn LV.

Iðgjöld til séreignardeildar

Iðgjöld til séreignardeildar námu 3.100 milljónum á árinu 2023 samanborið við 2.685 milljónir árið 2022.

Iðgjöld í séreign 2014–2023

í milljónum króna




Útgreiðslur úr séreignardeild

Lífeyrisgreiðslur úr séreignardeild námu alls 1.266 milljónum króna en voru 1.096 milljónir árið 2022. Á myndinni kemur fram hve stór hluti er vegna fasteignatengdra greiðslna, þ.e. innborgana á fasteignalán og greiðslur við fyrstu kaup. Undir séreignargreiðslur vegna aldurs falla einnig útgreiðslur vegna fráfalls og örorku.

Útgreiðslur úr séreign 2014–2023

í milljónum króna



Tryggingafræðileg staða

Tryggingastærðfræðingur gerir árlega tryggingafræðilega athugun á fjárhag sjóðsins. Niðurstöðurnar eru yfirfarnar af stjórn og kynntar á ársfundi.

Tryggingastærðfræðingur sjóðsins er Benedikt Jóhannesson hjá Talnakönnun hf. Hann er ráðinn af stjórn og hefur hlotið viðurkenningu Fjármálaeftirlitsins.

Hvað felst í tryggingafræðilegri athugun

Í tryggingafræðilegri athugun er metið hvort jafnvægi sé á heildareignum og heildarskuldbindingum lífeyrissjóðsins. Þannig er annars vegar lagt mat á hreina eign sjóðsins til greiðslu lífeyris, ásamt reiknuðu núvirði áætlaðra framtíðariðgjalda virkra sjóðfélaga, og hins vegar núvirði væntanlegs lífeyris vegna þegar greiddra iðgjalda og áætlaðra framtíðariðgjalda virkra sjóðfélaga. Ein helsta niðurstaða tryggingafræðilegrar athugunar er tryggingafræðileg staða. Hún segir til um getu sjóðsins til að standa undir lífeyrisréttindum sjóðfélaga.

Við núvirðisútreikning væntanlegs lífeyris og framtíðariðgjalda er reglum samkvæmt notuð 3,5% vaxtaviðmiðun umfram vísitölu neysluverðs.

Ítarlegar reglur um tryggingafræðilega athugun eru í lögum nr. 129/1997, m.a. í 24. og 39. gr., reglugerð nr. 391/1998, samþykktum sjóðsins og leiðbeinandi reglum Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga um framkvæmd tryggingafræðilegra athugana.

Réttindi sjóðfélaga og væntur lífeyrir

Réttindi sjóðfélaga eru byggð á lögum og ákvæðum samþykktu sjóðsins, framtíðariðgjöldum og væntri framtíðarávöxtun. Sá lífeyrir sem sjóðfélagar vænta getur orðið lægri eða hærra eftir því hvernig til tekst að ávaxta eignir sjóðsins til framtíðar. Þá hafa ýmsir lýðfræðilegir þættir áhrif á getu sjóðsins til að greiða lífeyri þar sem sjóðurinn er sameignarsjóður sem veitir rétt til ævilangs lífeyris, auk tímabundins örorkulífeyris, makalífeyris og barnalífeyris. Þróun ævilengdar sjóðfélaga, lífslíkur,


er sá lýðfræðilegi þáttur sem hefur mest áhrif á tryggingafræðilega athugun lífeyrissjóða. Aðrir lýðfræðilegir þættir sem hafa áhrif eru örorkutíðni, hjúskaparstaða og tíðni barneigna.

Samkvæmt lögum skal gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum sjóðsins ef tryggingafræðileg staða hans er hærra en 10% eða lægri en -10%. Sama gildir ef tryggingafræðileg staða er hærra en 5% eða lægri en -5% fimm ár í röð. Breytingarnar snúa þá að því að koma tryggingafræðilegri stöðu sjóðsins nær jafnvægi með því að hækka eða lækka réttindi sjóðfélaga eftir því hvernig staða sjóðsins er á hverjum tíma. Sjóðfélagar bera þess vegna þá áhættu sem felst í að ávaxta iðgjöld og eignir sjóðsins sem og lýðfræðilega áhættu.

Staða sjóðsins


Tryggingafræðileg staða sameignardeildar er nú -6,8% en var -5,6% árið 2022.

Þróun tryggingafræðilegrar stöðu



Breyting á tryggingafræðilegri stöðu á árinu 2023 úr -5,6% í -6,8% kemur til vegna hárrar verðbólgu, breytinga á lífslíkum sem forsendu í tryggingafræðilegri athugun og ávöxtunar sem var þó undir viðmiði í tryggingafræðilegu uppgjöri.

Breyting á tryggingafræðilegri stöðu



Málshöfðun vegna samþykktarbreytinga

Vorið 2023 var höfðað mál á hendur LV vegna samþykktarbreytinga sem tóku gildi 1. janúar 2023 og krafist ógildingar á ákvæði sem varðar breytingu á áunnum réttindum sjóðfélaga. Í dómi Héraðsdóms Reykjavíkur nr. E-1722/2023 sem kveðinn var upp 30. nóvember 2023 var fallist á kröfur stefnanda þar sem krafist var ógildingar á tilteknu ákvæði samþykktarbreytinganna. Kjarni þeirra breytinga felst í því að áunnin réttindi sjóðfélaga í sameignardeild voru umreiknuð þannig að mánaðarlegar greiðslur lækkuðu mismikið eftir aldri. Markmiðið var að mæta hækkanði lífaldri sjóðfélaga þar sem spáð er að ævi yngri sjóðfélaga lengist meira en þeirra sem eldri eru. Þessi spá endurspeglast í lífslíkutöflum sem gefnar eru út af Félagi íslenskra tryggingastærðfræðinga og staðfestar af fjármála- og efnahagsráðherra.

Dómi héraðsdóms var áfrýjað í desember sl. til Landsréttar. Jafnframt var óskað eftir áfrýjunarleyfi beint til Hæstaréttar. Hæstiréttur veitti LV áfrýjunarleyfi til réttarins 20. febrúar 2024.

Gerð er grein fyrir tryggingafræðilegri stöðu sjóðsins og meginniðurstöðum tryggingafræðilegrar athugunar á yfirliti um tryggingafræðilega stöðu sameignardeildar í ársreikningi á bls. 117 og nánar í skýringu 16 á bls. 136 og 137. Einnig er þarf að finna nánari umfjöllun um málshöfðun vegna samþykktarbreytinga.



III. Eignasöfn

Leiðarljós, staða, þróun og horfur í sameign og séreign

Íslenska lífeyriskerfið er stórt í samanburði við íslenskt hagkerfi og var um 170% af vergri landsframleiðslu (VLF) í lok þriðja ársfjórðungs árið 2023. Eignasöfn LV námu til samanburðar tæplega þriðjungi af VLF á sama tíma. Þá er LV annar stærsti sjóður íslenska lífeyriskerfisins og taldi um 17% af heildareignum þess í lok þriðja ársfjórðungs 2023 en sameignardeildin taldi 19,3% af heildareignum sameignardeilda lífeyrissjóða.³


Eignasöfn LV eru fimm talsins, eitt fyrir sameignardeild og fjögur fyrir séreignardeildir. Hrein eign LV til greiðslu lífeyris nam 1.287 milljörðum kr. í árslok 2023. Eignasöfnin hafa stækkað jafnt og þétt síðustu ár ef frá er talið árið 2022 þegar aðstæður á fjármálamörkuðum voru erfiðar. Vöxtinn má einkum rekja til góðrar ávöxtunar en samanlagður hagnaður (fjármunatekjur) undanfarin tíu ár nema riflega 736 milljörðum króna sem samsvarar til um helmingi af eignum sameignardeildar í árslok 2023.

³ [Talnagögn](#) frá Seðlabanka Íslands og [Hagstofu Íslands](#).

Sameignardeild

Sameignardeild LV er stærsta eignasafn lífeyrissjóðsins. Eignunum er ætlað að standa undir lífeyrisgreiðslum í formi ævilangs lífeyris og áfallalífeyris. Hrein eign safnsins til greiðslu lífeyris nam ríflega 1.256 milljörðum kr. í árslok 2023 og fjárfestingartekjur á árinu námu tæplega 101 milljarði kr.

Hrein eign sameignardeildar til greiðslu lífeyris
í milljörðum króna



Hrein nafnávöxtun sameignardeildar var 8,6% og hrein raunávöxtun 0,5%. Talsverður viðsnúningur var á ávöxtun frá fyrra ári þegar hrein nafnávöxtun var neikvæð um 3,6% og hrein raunávöxtun var neikvæð um 11,9%.


Yfirlit yfir hreina ávöxtun, rekstrarkostnaður hefur verið dreginn frá fjárfestingartekjum

Tímabil	Árleg hrein nafnávöxtun	Árleg hrein raunávöxtun
5 ár	10,8%	4,8%
10 ár	8,7%	4,8%
20 ár	9,2%	4,1%
2023	8,6%	0,5%

Ávöxtun er reiknuð skv. reglum FME eins og birtist í ársreikningi.


Þrátt fyrir talsvert betri afkomu en árið áður reyndist árið 2023 krefjandi á eignamörkuðum eins og rakið verður í kaflanum hér á eftir um verðbréfamarkaði 2023 og horfur en markaðir réttu þó úr sér undir lok árs. Sjá má að hrein nafnvöxtun sameignardeildar hefur almennt verið jákvæð undanfarin tíu ár að undanskildu árinu 2022 og voru árin 2019 og 2021 ein þau bestu í sögu sjóðsins.

Hrein nafnvöxtun sameignardeildar




Næsta mynd sýnir samanburð á ávöxtun eignaflokka á milli árunna 2022 og 2023. Talsverður viðsnúningur varð á ávöxtun hlutabréfa safnsins á milli ára þar sem innlend hlutabréf skiluðu neikvæðri ávöxtun um 11,7% árið 2022 en jákvæðri ávöxtun um 0,12% á árinu 2023. Erlend hlutabréf skiluðu neikvæðri ávöxtun um 9,2% árið 2022 en ávöxtun var jákvæð um 13,4% árið 2023

Samanburður á nafnvöxtun eignaflokka árin 2022 og 2023




Næsta mynd sýnir framlag einstaka eignaflokka til ávöxtunar án kostnaðar. Framlag erlendra hlutabréfa til ávöxtunar ársins vó mest en framlag allra eignaflokka var jákvætt á árinu, ólíkt árinu á undan þegar innlend og erlend hlutabréf höfðu neikvæð áhrif á ávöxtun sjóðsins.

Framlag eignaflokka til hreinnar nafnávöxtunar sameignardeildar 2023



Undanfarin ár hefur vægi hlutabréfa hækkað sem hlutfall af eignasafni sameignardeildar. Það felur í sér meiri áhættu en ella en á móti má vænta hærri ávöxtunar til lengri tíma litið. Eign sjóðsins í skráðum og óskráðum hlutabréfum er í eignaflokkum fjögur og sex og þar varð töluverður viðsnúningur á milli ára. Hann má fyrst og fremst rekja til góðrar ávöxtunar erlendra hlutabréfa (flokkur sex) eins og sjá má á framlagi eignaflokka til ávöxtunar en innlenda hlutabréfasafnið skilaði lítillaga jákvæðri ávöxtun á árinu. Nokkur hluti hlutabréfaeignar sjóðsins er óskráður (t.d. áskriftarsjóðir) og skilaði sá hluti lakari ávöxtun en skráðu eignirnar. Eðli slíkra eigna er þannig að verðmat þeirra breytist hægar en í tilfelli skráðra eigna og því má leiða líkum að því að hluti af dræmri ávöxtun þeirra sé aðlögun að slæmri ávöxtun skráðra hlutabréfa fyrri hluta árs 2023.


Vægi hluta- og skuldabréfa í eignasafni sameignardeildar



Ávöxtun innlendra skuldabréfa var á bilinu 9 til 11% á árinu þrátt fyrir hækkandi vaxtastig sem öllu jöfnu leiðir til verðlækkana á þeim. Það skýrist að hluta til af því að 81% af innlendra skuldabréfaeign LV var fært á kaupávöxtunarkröfu árið 2023 og er því ónæmt fyrir markaðsbreytingum sem endurspeglast í minni sveiflum í ávöxtun. Ávöxtun var svipuð milli verðtryggðra og óverðtryggðra skuldabréfa en hlutfall verðtryggðra skuldabréfa af innlendu skuldabréfasafni sameignardeildar nam um 72% í árslok. Breyting á gengi erlendra gjaldmiðla gagnvart íslensku krónunni hafði neikvæð áhrif á ávöxtun erlendra eigna á árinu og er ávöxtun ársins rúmlega 2% lakari en hún hefði annars verið sé miðað við óbreytt gengi gjaldmiðla.

Til að draga úr áhættu eignasafns tengdu íslensku hagkerfi hefur vægi erlendra eigna verið aukið undanfarin ár. Um 46% af heildareignum sameignardeildar voru erlendar eignir í árslok 2023 og hefur hlutfall þeirra hækkað um rúm 10% frá árinu 2018.


Vægi erlendra eigna sameignardeildar



Eins og fram kemur í fjárfestingarstefnu sjóðsins er lögð áhersla á áhættudreifingu í eignasafninu og erlendar eignir eru mikilvægur þáttur í því samhengi. Sé horft til undirliggjandi eigna má sjá að eignasafnið telur nú ríflega 23 þúsund eignir sem dreifast á fjölda landssvæða og sex heimsálfur, þar af er 55% heildareigna að finna innan Íslands, 31% í Norður-Ameríku og 9% í Evrópu.


Landfræðileg skipting eigna allra eignasafna

Ísland 55%
Evrópa án Íslands 9%
Norður-Ameríka 31%
Aðrir heimshlutar 5%



Eignasamsetning sameignardeildar tók nokkrum breytingum á árinu eins og sést á eftirfarandi mynd. Vægi hlutabréfa hefur lækkað, þá einna helst vægi erlendra hlutabréfa, og vægi erlendra skuldabréfa aukist eða um 6% sem hluti af heildareignum sameignardeildar. Samanlagt vægi hlutabréfa lækkaði þannig úr ríflega 56% árið 2022 og stóð í tæplega 51% í árslok 2023.

Eignasamsetning sameignardeildar
2022 og 2023



Lífeyrissjóðurinn birti fjárfestingarstefnu sína fyrir árið 2024 í desember 2023. Litlar breytingar eru fyrirhugaðar á samsetningu innlenda hluta eignasafns sameignardeildar. Áform um töluverðar breytingar er að finna varðandi erlendar eignir þar sem gert er ráð fyrir auknu vægi erlendra skuldabréfa og þá um leið lægra hlutfalli erlendra hlutabréfa. Finna má greinargóðar upplýsingar um áherslur og markmið við stýringu eignasafna sjóðsins í fjárfestingarstefnu LV fyrir árið 2024 sem er aðgengileg á vef sjóðsins.⁴

⁴ [Fjárfestingarstefna Lífeyrissjóðs verzlunarmanna 2024](#)

Séreignardeildir


Réttindadeildir fyrir séreignarsparnað eru tvær. Annars vegar B-deild fyrir almenna séreign og hins vegar C-deild fyrir tilgreinda. Eignir séreignardeilda eru ávaxtaðar í fjórum ávöxtunarleiðum: Ævileið I, Ævileið II, Ævileið III og Verðbréfaeið. Ævileiðirnar voru stofnaðar árið 2017. Verðbréfaeið hefur verið starfsrækt frá 1999 en tekur ekki lengur við nýjum samningum. Eignir í séreignardeildum námu 31 milljarði króna í lok árs 2023 en voru 27 milljarðar króna í árslok 2022. Nánari upplýsingar um hverja ávöxtunarleið er að finna í fjárfestingarstefnu sjóðsins.⁵

Sjóðfélagalán

Vextir sjóðfélagalána LV taka mið af verðlagningu skuldabréfa á markaði og tekur stjórn vexti til endurskoðunar eins oft og þurfa þykir. Vextir lána voru hækkaðir sjö sinnum á árinu en fjórar tegundir lána eru í boði, verðtryggð með breytilegum og föstum vöxtum og óverðtryggð með breytilegum og föstum vöxtum. Óverðtryggð lán með föstum vöxtum voru 8,08% í janúar 2023 en enduðu árið í 9,62%. Verðtryggðir fastir vextir voru í janúar 2023 3,38% en enduðu í 4,17%.

Þróun heildareigna séreignardeilda LV

í milljörðum króna




⁵ [Fjárfestingarstefna Lífeyrissjóðs verzlunarmanna 2024](#)

Verðbréfaleið


Fjárfestingarstefna Verðbréfaleiðar endurspeglar fjárfestingarstefnu sameignardeildar LV. Hrein nafnávöxtun Verðbréfaleiðar á árinu 2023 var 8,6%. Hrein meðalraunávöxtun síðustu fimm ára er 4,8%. Helstu breytingar í fjárfestingarstefnu LV fyrir árið 2024 er aukið vægi erlendra skuldabréfa í safni og minna vægi erlendra hlutabréfa eins og sjá má í fjárfestingarstefnu LV á heimasíðu sjóðsins.

Hrein nafnávöxtun Verðbréfaleiðar



Árleg nafnávöxtun í árslok m.v. gengi. Rekstrarkostnaður hefur verið dreginn frá.


Eignasamsetning Verðbréfaleiðar í árslok 2023



Ævileið I

Fjárfestingarstefna Ævileiðar I heimilar fjárfestingu m.a. í hlutabréfum og skuldabréfum, skráðum og óskráðum, hlutdeildarskírteinum sjóða, innlánnum og öðrum fjármálagerningum. Stefnt er að því að vægi erlendra eigna sé um 30% af heildar-eignum Ævileiðar I. Þessi leið hentar þeim sem eru að ávaxta séreignarsparnað til lengri tíma en markmiðið er að skila góðri langtímaávöxtun að teknu tillit til áhættu með skilvirkri eignadreifingu. Hrein nafnávöxtun Ævileiðar I var jákvæð um 7,2% í árslok 2023.


Hrein nafnávöxtun Ævileiðar I



Árleg nafnávöxtun í árslok m.v. gengi. Rekstrarkostnaður hefur verið dreginn frá.

Þrátt fyrir neikvæða ávöxtun árið 2022 sem rakin var að mestu til neikvæðrar afkomu hlutabréfamarkaða hefur ávöxtun leiðarinnar verið jákvæð síðustu ár. Samkvæmt fjárfestingarstefnu 2024 er stefnt að því að safnið skiptist í 40% hlutabréf og 60% skuldabréf og hefur vægi skuldabréfa verið hækkað frá fyrri stefnu.


Eignasamsetning Ævileiðar I í árslok 2023



Ævileið II

Ævileið II horfir einkum til meðallangs tíma við ávöxtun fjármuna að teknu tilliti til áhættu. Hún hefur heimild til að fjárfesta m.a. í hlutabréfum og skuldabréfum, skráðum og óskráðum, hlutdeildarskírteinum sjóða, innlánnum og öðrum fjármála-gerningum. Nafnávöxtun Ævileiðar II var jákvæð um 6% árið 2023.


Hrein nafnávöxtun Ævileiðar II



Árleg nafnávöxtun í árslok m.v. gengi. Rekstrarkostnaður hefur verið dreginn frá.

Samkvæmt fjárfestingarstefnu 2024 minnkar vægi hlutabréfa lítillega og er stefnt að því að þau nemi riflega fimmtungi af safninu og skuldabréf um 80%. Markmið leiðarinnar er að um 15% heildareigna hennar fari í fjárfestingar erlendis. Stefnan er að draga úr vægi erlendra hlutabréfa í Ævileið II eins og í Ævileið I, Verðbréfaeild og sameignardeild og auka vægi innlendra hlutabréfa og erlendra skuldabréfa.


Eignasamsetning Ævileiðar II í árslok 2023



Ævileið III

Áhætta Ævileiðar III er takmörkuð við samsetningu skuldabréfa og innlána. Markmið safnsins er að varðveita áunna eign en skila um leið jákvæðri raunávöxtun. Ævileið III horfir til meðallangs eða skemmri tíma við ávöxtun að teknu tilliti til áhættu. Hrein nafnávöxtun Ævileiðar III var jákvæð um 6% á árinu 2023.


Hrein nafnávöxtun Ævileiðar III



Árleg nafnávöxtun í árslok m.v. gengi. Rekstrarkostnaður hefur verið dreginn frá.

Samkvæmt fjárfestingarstefnu fjárfestir Ævileið III í skuldabréfum, hlutdeildarskírteinum og innlánunum. Stefnt er að því að 80% safnsins séu í skuldabréfum og 20% í innlánunum eða lausafjár sjóðum. Hlutabréf eru ekki hluti af fjárfestingarmengi Ævileiðar III.

Eignasamsetning Ævileiðar III í árslok 2023



Nokkur mikilvæg leiðarljós við umsýslu eignasafna

LV er langtímafjárfestir. Það þýðir að markmið eignasafns sameignardeildar er að ná sem hæstri ávöxtun til lengri tíma lítið að teknu tilliti til áhættu. Stýring eignasafnsins er strategísk í eðli sínu (horfir til lengri tíma) en um leið er taktískri stýringu eigna beitt. Taktísk stýring felur í sér áherslur í eignastýringu út frá mati á markaðshorfum til skemmri tíma.

Markmið um háa ávöxtun til lengri tíma felur í sér öllu jafna hærra hlutfall hlutabréfa eins og raunin er í eignasafni sameignardeildar. Þar hefur vægi hlutabréfa af heildareignum verið á bilinu 51% til 61% undanfarin fimm ár en hlutfallið var tæp 43% fyrir 10 árum. Hærra vægi hlutabréfa í eignasafni getur einnig endurspeglast í meiri áhættu (sveiflur í ávöxtun) en jafnframt betri ávöxtun til lengri tíma lítið eins og hefur verið raunin hjá sameignardeild.

Eitt af leiðarljósum eignastýringar LV er áhersla á ábyrgar fjárfestingar. Þær snúast fyrst og fremst um áhættugreiningu á ófjárhagslegum þáttum sem snúa að sjálfbærniþáttum, umhverfislegum þáttum, félagslegum þáttum og stjórnarháttum sem geta haft fjárhagsleg áhrif á virði eigna. Slík greining kemur til viðbótar við hefðbundna fjármálagreiningu og styður því við ákvörðunartöku. Nánar er fjallað um áherslur sjóðsins í þessum efnum í kafla V: Ábyrgar fjárfestingar.

Verðbréfamarkaðir 2023 og horfur

Umfjöllun um efnahagshorfur í kafla þessum er m.a. byggð á gögnum opinberra aðila og greiningaraðila eins og þau lágu fyrir í árslok 2023. Hafa ber í huga að mat á efnahagshorfum og markaðsaðstæðum tekur mið af þeim forsendum sem liggja fyrir á hverjum tíma. Horfur eru hins vegar breytilegar yfir tíma. Eins og reynslan sýni geta þær tekið breytingum í náinni framtíð og munu gera að einhverju leyti. Eignastýring uppfærir reglulega forsendur sínar með tilliti til efnahagsspár hverju sinni og taka fjárfestingarákvarðanir mið af nýjustu upplýsingum á hverjum tíma.

Undanfarinn áratug hefur alþjóðlegt efnahagslíf einkennst af lítilli verðbólgu og lágvaxtaumhverfi en viðsnúningur varð á þeirri þróun árið 2021. Eftir innrás Rússa í Úkraínu jókst óvissa í efnahagsmálum og alþjóðlegar aðfangakeðjur urðu fyrir skakkaföllum. Síðan þá hafa átök brotist út víðar og mikið óvissuástand skapast í Miðausturlöndum. Töluvert umrót skapaðist á alþjóðlegum hrávöru- og orkumörkuðum með tilheyrandi verðhækkunum. Í kjölfarið hækkaði verðbólga um allan heim enn frekar og hafði verðbólga í viðskiptalöndum Íslands ekki verið meiri í fjóra áratugi. Til að sporna við síversnandi verðbólguhorfum og aukinni spennu á vinnumörkuðum voru vextir seðlabanka helstu ríkja heimsins hækkaðir mikið á skömmum tíma.

Erlendir fjármálamarkaðir

Alþjóðlegur efnahagur árið 2023 einkenndist af þrálátri verðbólgu í kjölfar lágvaxta-umhverfis og örvunaraðgerða stjórnvalda og seðlabanka undanfarin ár. Þá hafði innrás Rússa í Úkraínu fyrri hluta árs 2022 tilheyrandi áhrif á hrávöruverð. Almenn verðbólga (e. headline inflation) lækkaði töluvert í þróuðum ríkjum vegna lækkandi orkuverðs framan af en undirliggjandi verðbólga (e. core inflation) hefur reynst þrálátari.

Í nýjustu spá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) er gert ráð fyrir að almenn verðbólga fari lækkandi en að kjarnaverðbólga verði þrálát og verði ekki komin í markmið seðlabanka heimsins fyrr en árið 2025. AGS kallar þar af leiðandi eftir því í spá sinni að seðlabankar heimsins sýni áframhaldandi aðhald í peningastefnum sínum (e. tight monetary policy) þar til þeir hafa náð verðbólgu markmiðum sínum.

Hagvöxtur var meiri en spár gerðu ráð fyrir árið 2023 sem hefur að einhverju leyti endurspeglast í þrálátri verðbólgu. AGS spáði því að heimshagvöxtur yrði 2,7% árið 2023 en breytti spá sinni í 3,0% undir lok árs. Horfurnar fara lítillega versnandi en AGS spáir að hagvöxtur árið 2024 verði 2,9% þar sem aðhald peningastefnu, sem er nauðsynleg til að ná niður verðbólgu, muni hægja á hagkerfum heims. Á meðal stærstu efnahagssvæða heims er því spáð að hagvöxturinn verði hæstur í Bandaríkjunum eða 1,5% en 1,3% á evrusvæðinu sem er þó nokkuð undir sögulegu meðaltali. Heilt yfir má því segja að horfur fyrir efnahag þróaðra ríkja samkvæmt spá AGS einkennist af lágum hagvexti og þrálátri verðbólgu.

Á eignamörkuðum hefur afleiðing þrálátrar verðbólgu og hærri hagvaxtar verið sú að ávöxtunarkrafa skuldabréfa hefur hækkað en krafan myndar grunn að verðlagningu flestra eignamarkaða. Á síðasta ársfjórðungi 2023 mátti sjá blikur á lofti í þeirri þróun í kjölfar lækkunar verðbólgu í þróuðum ríkjum ásamt skilaboðum seðlabankastjóra um að þeir séu byrjaðir að huga að vaxtalækkunum. Það leiddi til þess að eignamarkaðir hækkuðu umtalsvert á síðustu mánuðum ársins og lækkaði til að mynda ávöxtunarkrafa vísitala skuldabréfa á heimsvísu um tæplega 1% á síðustu

mánuðum ársins. Sú lækkun leiddi til þess að ávöxtun vísitölnunnar varð jákvæð um 4% á árinu mælt í bandaríkjadal.

Segja má þó að við núverandi vaxtastig séu erlend skuldabréf sem fjárfestingarkostur orðin töluvert meira aðlaðandi eftir áratug af lágvaxtaumhverfi.

Þróun á ávöxtunarkröfu Global Agg vísitölnunnar



Á sama tíma og verðbólgu mælingar hafa farið lækkandi hafa aðrar hagtölur, sér í lagi í Bandaríkjunum, verið áfram sterkar. Fjárfestar horfa því til þess að líkurnar á svokallaðri mjúkri lendingu (e. soft landing) hafi aukist og líkurnar á efnahagskreppu minnkað. Hagvöxtur hefur því verið hærri en væntingar stóðu til og uppgjör fyrirtækja þar af leiðandi almennt verið umfram væntingar fjárfesta sem hefur vegið á móti hærri ávöxtunarkröfu. Ávöxtun hlutabréfa var því góð á árinu en MSCI World vísitalan hækkaði um 23,8% mælt í bandaríkjadal. Í ávöxtun hlutabréfa vegur þó þyngst

ávöxtun stóru tæknifyrirtækjanna í Bandaríkjunum sem hafa fengið viðurnefnið „The Magnificent Seven“. Saman vigta þessi fyrirtæki um 19% af MSCI World vísitölunni en góðaávöxtun þeirra má m.a. rekja til væntra áhrifa gervigreindar á viðskiptalíkan þeirra.

Ávöxtun MSCI World



Fyrir eignaflokka þýðir mjúk lending að seðlabankar gætu farið í vaxtalækkunir með tilheyrandi hækkun skuldabréfaverðs og stuðningi fyrir verðlagningu hlutabréfa sem telst enn há í sögulegu samhengi, einkum fyrir stóru tæknifyrirtækin í Bandaríkjunum. Það er þó enn töluverð óvissa fram undan og standa seðlabankar heimsins frammi fyrir krefjandi verkefni að ná verðbólgu í markmið án verulegs efnahagssamdráttar. Líkur eru því á að það verði áframhaldandi flökt á eignamörkuðum á næstu misserum og að verðbólguþróun spili áfram lykilhlutverk í því hvernigávöxtun eignaflokka þróast.

Innlendir fjármálamarkaðir

Á fyrstu níu mánuðum ársins 2023 mældist hagvöxtur 4,2% eða nokkru minni en árin á undan. Á sama tíma hægðist á vexti einkaneyslu eftir kröftugan vöxt undanfarin ár og jafnframt hægðist á innflutningi fjárfestingarvöru sem bendir til minni vaxtar í atvinnuvegafjárfestingu horft fram á við. Á móti var sterkur vöxtur í útlutningi sem skýrist einkum af ferðaþjónustu en fjöldi ferðamanna sem heimsótti Ísland árið 2023 var um 2,2 milljónir manna (brottfarir erlendra) og svipar fjöldanum til metársins 2018.

Verðbólga innanlands mældist vel yfir 2,5% markmiði Seðlabanka Íslands á síðasta ári sem endurspeglaðist í hratt hækkandi vaxtastigi. Verðhækkunir voru á breiðum grunni og fór ársverðbólgan hæst í 10,2% í febrúar 2023 en verðbólga í desember 2023 mældist 7,7%. Hægst hefur á hækkun húsnæðisverðs og innfluttra vara síðustu mánuði en hækkun innlendra vara og þjónustu hefur reynst þrálátari. Verðbólguvæntingar á skuldabréfamarkaði hafa verið vel yfir verðbólgu markmiði Seðlabanka Íslands undanfarin misseri og hefur það ásamt mikilli verðbólgu kallað á aukið aðhald peningastefnunnar. Peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands hækkaði stýrivexti fjórum sinnum árið 2023 en hélt þeim óbreyttum í október og nóvember og standa meginvextir bankans nú í 9,25% sem er hæsta vaxtastig síðan í árslok 2009. Óljóst er hvort vextir þurfa að hækka horft fram á við en flestar spár gera ráð fyrir að meginvextir séu nú nálægt hámarki og fari lækkandi á komandi misserum. Einnig spá greiningaraðilar lækkandi verðbólgu á næstu árum en gera þó ekki ráð fyrir að hún fari í verðbólgu markmið í nánustu framtíð.

Á skuldabréfamarkaði hækkaðiávöxtunarkrafa bæði verðtryggðra og óverðtryggðra ríkisskuldabréfa framman af ári samhliða hækkun stýrivaxta og mikillar verðbólgu. Nafnávöxtun innlendra skuldabréfa var lág en innlenda skuldabréfavisitalan NOMXIBB hækkaði um 4,0% á árinu. Vísitala fimm ára óverðtryggðra ríkisbréfa OMXI5YNI hækkaði um 3,7% og vísitala fimm ára verðtryggðra ríkisbréfa OMXI5YI hækkaði um 3,9% á árinu. Stærsti áhrifaþáttur innlendar vaxtaþróunar horft fram á

við er verðlagsþróun á komandi misserum og sú óvissa sem ríkir um verðbólgu bæði innanlands og á alþjóðavísu. Jafnframt hafa jarðhræringar á Reykjanesskaga áhrif á efnahagshorfur og þróun ríkisfjármála á næstunni sem og komandi kjarasamningar.

Í árslok 2023 stóð ávöxtunarkrafa lengstu óverðtryggðu ríkisskuldabréfa í 6,3% og verðtryggðra ríkisskuldabréfa í 2,5%. Það endurspeglar verðbólguvæntingar markaðsaðila upp á 3,7% sem er langt yfir 2,5% verðbólgu markmiði Seðlabanka Íslands. Það er helsta áskorun bankans að ná niður verðbólguvæntingum markaðarins sem og heimila og fyrirtækja. Á sama tíma var skráð atvinnuleysi sögulega lágt eða 3,6% og spenna á vinnumarkaði þótt vísbendingar séu um að tekið sé að hægja á vexti efnahagssumsvifa. Ávöxtun skuldabréfa á næstu árum ræðst því að miklu leyti af því hvenær vaxtastig innanlands fer lækkandi og hvort það hægir frekar á efnahagssumsvifum og dregur úr verðbólgu á næstunni.

Ávöxtun heildarvísitölu innlendra skráðra hlutabréfa (OMXIGI) var -0,7% á árinu 2023. Ávöxtun innan ársins var þó langt frá því að vera tíðindalítil og töluverðar sveiflur á ávöxtun á árinu. Eftir ágætis byrjun með um 5–10% ávöxtun fyrstu mánuðina var íslenski markaðurinn í góðu samræmi við ávöxtun erlendra markaða. Hins vegar fór að halla undan fæti á vormánuðum og mest var neikvæð ávöxtun ársins undir 15% á haustmánuðum en vísitalan endaði svo árið við 0%. Rekja má sveiflu hlutabréfamarkaðarins til nokkurra þátta en helst ber að nefna annars vegar áhrif verðbólgu og vaxtastigs og hins vegar upplýsingar frá stærstu félögum á markaði. Verðbólga hér á landi hefur farið hægar niður en í löndunum í kringum okkur. Hærrí verðbólga hefur leitt til hraðari vaxtahækkana og hærra vaxtastigs hérlendis en í flestum löndunum í kringum okkur. Háir vextir leiða til aukins fjármögnunarkostnaðar fyrirtækja þar sem stærri hluti rekstrarhagnaðar fer í að greiða vexti og hagnaður skuldsettra félaga dregst saman. Einnig leiða hærrí vextir til hærrí fórnarkostnaðar fjármagns og ávöxtunarkrafa hlutabréfa hækkar. Fjárfestar hafa fleiri fjárfestingarkosti og fjármagn leitar á önnur mið.

Töluverðir rekstrarerfiðleikar einkenndu tvö stærstu félögin á markaðinum, Marel hf. og Alvotech hf. Vægi þeirra stóð undir rétt tæpum helmingi af markaðsvirði skráðra íslenskra hlutabréfa. Bæði félög áttu undir högg að sækja á árinu en réttu úr kútnum undir lok árs. Fyrir liggur óskuldbindandi yfirtökutilboð í Marel hf. og fyrir liggja jákvæðar niðurstöður frá Matvæla- og lyfjaeftirliti Bandaríkjanna (FDA) á framleiðslustöð Alvotech hf. við framleiðslu á líftæknihlíðstæðu mest selda lyfs í heimi, gígтарlyfsins Humira, en niðurstöður lágu fyrir á fyrsta ársfjórðungi ársins 2024.

Raungengi krónunnar hafði styrkst um 6,3% í desember 2023 frá desember 2022. Styrkingin nemur 0,7% á móti evru og 4,3% á móti bandaríkjadal. Gera má almennt ráð fyrir hægari hagvexti á komandi árum sem skýrist að miklu leyti af hóflegri innlendri eftirspurn. Að mörgu leyti er staða þjóðarbúsins góð ef horft er til lágs skuldahlutfalls hins opinbera og einkageirans og jákvæðrar erlendar stöðu þjóðarbúsins. Engu að síður er óvissa um niðurstöðu kjarasamninga og efnahagsþróun næstu misseri í ljósi jarðhræringa á Reykjanesskaga og mögulegar aðgerðir ríkissjóðs tengdar þeim. Útflutningsgreinar okkar standa vel þar sem ferðapjónustan hefur tekið við sér en þó á eftir að koma í ljós hvort jarðhræringarnar hafi áhrif á ásókn ferðamanna til landsins. Þá er jákvætt að verðbólga fari hjaðnandi en minnkandi efnahagssumsvif og spenna í þjóðarþúinu getur ýtt frekar undir verðstöðugleika og að vaxtastig fari lækkandi í landinu.



IV. Ábyrgar fjárfestingar

Stefna, framkvæmd, árið, komandi verkefni og samstarf

Hlutverk, stefnur, framkvæmd, verkefni og komandi ár

Meginhlutverk LV er að ávaxta eignir sjóðsins að teknu tilliti til áhættu og hámarka þannig réttindi sjóðfélaga. Lífeyrissjóðir eru í eðli sínu langtímafjárfestar og þurfa að horfa á þætti sem eru líklegir til þess að hafa áhrif á ávöxtun þeirra til lengri tíma. Þá kveða lífeyrislögin á um að lífeyrissjóðir skuli setja sér siðferðisleg viðmið. Auk þeirra samþykkti Alþingi í maí 2023 lög um innleiðingu tveggja reglugerða ESB sem gilda m.a. um lífeyrissjóði. Annars vegar reglur um flokkunarkerfi fyrir skilgreiningu á sjálfbærri starfsemi (EU Taxonomy/ flokkunarreglugerðin) og hins vegar samræmdar reglur (SFDR-reglugerðin) fyrir aðila á fjármálamarkaði um upplýsingar til endafjárfesta, t.a.m. sjóðfélaga, um meðferð sjálfbærniáhættu í eignasöfnum. Lífeyrissjóðurinn telur það því falla að umboðsskyldu sinni að beita aðferðafræði ábyrga fjárfestingar og sýna þannig samfélagslega ábyrgð með því að láta sig varða hvernig fjármunatekjur verða til og horfa til fjárfestinga sem eru sjálfbærar til langs tíma. Það er jafnframt bjargföst trú sjóðsins að með réttri beitingu þeirrar aðferðafræði sé tekið tillit til fjárhagslegra áhættuþátta sem öllu jöfnu birtast ekki við hefðbundna greiningu fjárfestingarkosta og því leiði hún til betri áhættuleiðréttra fjárfestingarákvarðana.

Með því að horfa til sjálfbærniþátta við ákvarðanatöku fjárfestinga er sérstaklega horft til þriggja grunnviðmiða, það er að ná fram jafnvægi á milli efnahagslegrar hagsældar, samfélagslegrar velsældar og ábyrgar nýtingar náttúruauðlinda. Sjálfbærni felst m.a. í því að samfélagið geti þróast og uppfyllt þarfir samtímans án þess að rýra möguleika komandi kynslóða til að uppfylla þarfir sínar enda mun lífeyrissjóðurinn einnig starfa í umboði komandi kynslóða.

Ábyrgar fjárfestingar LV 2023

Samtal við stýrendur

Sjálfbærniögnnum var safnað um undirliggjandi eignir 64 áskriftarsjóða.

Sjálfbærniþrögnin 28 stýrenda innlendra og erlendra áskriftarsjóða var metin út frá spurningalistum.

Endurgjöf var veitt til innlendra stýrenda um þá þætti er snúa að sjálfbærni.



Áhættumat á loftslags-áhættu

LV framkvæmdi, þvert á starfssvið, áhættumat á loftslagsáhættu fyrir innlenda hluta eignasafna sjóðsins.




Fótspor

skráðra innlendra félaga í safni LV í árslok 2022 var 594 tCO₂i /á milljarð í fjárfestingu.

Fjármögnuð kolefnislosun 2022 var 49.255 tCO₂i en 86.759 árið 2018.

Fjármögnuð losun hefur dregist saman um 43% hjá skráðum innlendum félögum í safni LV á fimm árum.



CIC-bærar* eignir voru tæplega 4% af eignasöfnum LV í árslok 2023 eða 49,78 milljarðar króna.



Útilokun

LV útilokar fjárfestingar í:

- Tóbaksframleiðslu
- Framleiðslu á umdeildum vopnum
- Fyrirtækjum sem rekja hluta tekna til námuvinnslu á:
 - Olíusandi
 - Olíuleirsteini
 - Kolum til hitunar
- Útgefendum sem brjóta gegn alþjóðasamningum (UNGC)



Áhersla á gagnagæði á árinu

LV gerði samning við Sustainalytics og sjálfbærni-gagnagrunn Veru hjá Creditinfo og nýttir gögn frá þessum gagnaveitum við sjálfbærniþrögnir ásamt gagnasöfnun frá útgefendum.



Viðmið



* Climate Investment Coalition, samtök fagfjárfesta sem hvetja meðlimi til að auka fjárfestingar í hreinni orku og loftslagslausnum.

Stefnur LV í ábyrgum fjárfestingum

Stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna hefur samþykkt og birt tvær stefnur er snúa að ábyrgum fjárfestingum.

Stefna um ábyrgar fjárfestingar, samþykkt og birt í árslok 2021. Meginmarkmið stefnunnar er að auka áherslu á sjálfbærar fjárfestingar og samþætta aðferðafræði ábyrga fjárfestinga við hefðbundna greiningu á fjárhagslegum mælikvörðum við samval verðbréfa. Í stefnunni er m.a. vikið að markmiðum LV með ábyrgum fjárfestingum, þýðingu sjálfbærni við eignastýringu, samþættingu aðferðafræði ábyrga fjárfestinga við hefðbundna eignastýringu og framkvæmd eigendahlutverks, upplýsingagjöf um framkvæmd stefnunnar og innleiðingu. Jafnframt er lögð áhersla á að þau fyrirtæki sem sjóðurinn fjárfestir í eigi ábyrg samskipti við útgefendur og fylgi áherslum LV varðandi góða stjórnarhætti. Sjá má stefnu um ábyrgar fjárfestingar á heimasíðu sjóðsins.⁶

Stefna um útilokun í eignasöfnum, samþykkt og birt í árslok 2021 samhliða stefnu um ábyrgar fjárfestingar. Markmið stefnunnar er að útiloka að hluta eða að fullu fjárfestingar í tiltekinni starfsemi í samræmi við tiltekin viðmið. Þannig útilokar LV verðbréf úr eignasöfnum sínu sem gefin eru út af félögum eða opinberum aðilum sem hafa tekjur af eftirfarandi starfsemi eða hafa gerst brotleg við ákvæði tiltekinna alþjóðasáttmála:

- Framleiðendur tóbaks, framleiðendur umdeilda vopna, fyrirtæki sem rekja hluta tekna sinna til tiltekinna flokka jarðefnaeldsneytis.
- Útgefendur sem brjóta gegn meginreglum UN Global Compact sem byggir á tilteknum alþjóðasamningum um ábyrga viðskiptahætti.

Í árslok 2023 voru 153 fyrirtæki á útilokunarlista lífeyrissjóðsins, þ.a. voru 107 félög sem rekja hluta tekna sinn til námuvinnslu á ákveðnum tegundum jarðefnaeldsneytis, 25 vegna framleiðslu umdeilda vopna, níu tóbaksframleiðendur og 12 sem gerst

hafa brotleg við alþjóðasáttmála UN Global Compact. Sjá nánar stefnu og félög á útilokunarlista á heimasíðu lífeyrissjóðsins.⁷ Þrátt fyrir útilokunarstefnu má finna eitthvað af útilokuðum félögum í eignasöfnum sjóðsins í gegnum fjárfestingar í hluta-bréfasjóðum þar sem LV getur ekki beitt sér. Verkefni ársins 2024 er að flytja þennan hluta eignasafna í sérgreind söfn og geta þannig beitt stefnunni á stærri hluta eigna.

Dæmi um félög sem eru á útilokunarlista LV

Félagið með stærstu vigtina í viðmiðunarvísitölu á útilokunarlista LV er Chevron Corp., framleiðandi olíu í Bandaríkjunum en yfir 5% tekna félagsins eru rakin til framleiðslu olíu úr olíuleirsteini.

The Boeing Co. – hinn stóri þekkti flugvélaframleiðandi er á útilokunarlista fyrir að koma að framleiðslu umdeilda vopna.

Vale S.A. er stór stálframleiðandi í Brasilíu og er á útilokunarlista LV vegna brota félagsins á alþjóðasamningum. Félagið telst brotlegt við 7. viðmið UN Global Compact en árið 2019 varð stórt umhverfisslys rakið til framleiðslu félagsins sem olli dauða 270 manns.

⁶ [Stefna um ábyrgar fjárfestingar](#)

⁷ [Útilokun fjárfestingarkosta](#)

Hluthafastefna 2023

Hluthafastefna LV var uppfærð í lok árs og myndar stefnan heild með fjárfestingarstefnu og stefnu LV um ábyrgar fjárfestingar. Hér eftir sem hingað til er lögð áhersla á verðmætasköpun til langs tíma, góða stjórnarhætti, jafnræði hluthafa og fylgni við lög og önnur gildandi viðmið.

Hluthafastefnu LV eru gerð góð skil á heimasíðu sjóðsins⁸ en meðal nýmæla í hluthafastefnunni eru:

- Ítarlegri áherslur varðandi starfskjarastefnur fyrirtækja og upplýsingar um framkvæmd þeirra.
- Hvatning til fyrirtækja um að setja sér reglur um framkvæmd viðskipta tengdra aðila í takt við ákvæði laga um hlutafélög, leiðbeiningar um stjórnarhætti og tilskipun ESB um réttindi og skyldur hluthafa.
- Aukin áhersla á stefnu og upplýsingagjöf um sjálfbærni, með vísan til ákvæðis laga um ársreikninga, Evróputilskipanir tengdar sjálfbærni og önnur gild viðmið.
- Tekið er fram að æskilegt sé að formaður stjórnar sé kosinn beint af hluthöfum á hluthafafundi.
- Áhersla er lögð á að félög móti sér stefnu varðandi arðgreiðslur, fjármagnsskipan og stefnu varðandi aðra ráðstöfun fjármuna til hluthafa eins og kaup á eigin hlutabréfum.
- Ítarlegri ákvæði um tilnefningarnefndir, skipan þeirra, hlutverk og form tillagna um skipan stjórnar.
- Ýmis atriði sem varða hlutverk stjórna félaga, til að mynda varðandi ráðningu forstjóra og upplýsingagjöf.

LV birtir á heimasíðu sinni upplýsingar um ráðstöfun atkvæða á hluthafafundum⁹ og byggst auka upplýsingagjöf sína er snýr að virku eignarhaldi á komandi misserum.

LV er aðili að reglum Sameinuðu þjóðanna um ábyrgar fjárfestingar (e. Principles for Responsible investment, UN PRI) og skilar reglulega upplýsingum um stöðu framkvæmdar lífeyrissjóðsins á ábyrgum fjárfestingum til stofnunarinnar.

Framkvæmd ábyrgra fjárfestinga árið 2023

LV styðst við aðferðafræði UN PRI um ábyrgar fjárfestingar þegar kemur að framkvæmd stefnunnar eins og nánar er útlístað á heimasíðu lífeyrissjóðsins¹⁰. Þá er einnig horft til annarra staðla þegar framkvæmd eru áhættumöt en LV framkvæmdi til að mynda loftslagsáhættumat með hliðsjón af ráðleggingum TCFD árið 2023 sem hluta af eigin áhættumati stjórnar.

Í eignastýringu starfa nú tveir sérfræðingar í sjálfbærnimálum og snerust verkefni þeirra á liðnu ári fyrst og fremst að innleiðingu og framkvæmd stefnu lífeyrissjóðsins á ábyrgum fjárfestingum. Verkefnið er unnið í virku samstarfi við framkvæmdastjóra, lögfræðisvið og áhættustýringu og með aðkomu stjórnar, fjármála-, upplýsingatækni- og rekstrarsviða. Lífeyrissjóðurinn framkvæmir sjálfbærniáhættumat á fjárfestingum

⁸ [Hluthafastefna Lífeyrissjóðs verzlunarmanna](#)

⁹ [Ráðstöfun atkvæða](#)

¹⁰ [Aðferðarfræði ábyrgra fjárfestinga](#)

í safni og fjárfestingarkostum og er greining á sjálfbærniáhættu því orðin hluti af ákvörðunartökuferli eignastýringar.

LV hefur markvisst unnið að því að efla gagnagæði og aðgang að gögnum við sjálfbærnigreiningar.

- Meðal annars voru gerðir samningar við gagnaveiturnar Sustainalytics (í eigu Morningstar) og Veru (í eigu Creditinfo) á árinu um aðgang að sjálfbærniupplýsingum.
- Unnið var að því að reikna kolefnisfótspor innlenda hluta eignasafnanna og verður vinnu haldið áfram næstu misseri við að fanga kolefnisfótspor eignasafna sjóðsins að fullu.
- Einnig var framkvæmd sjálfbærnigreining á stýrendum í safni sjóðsins og innlendum stýrendum veitt endurgjöf.
- Í lok árs var unnið mat á fjárhagslega mikilvægum sjálfbærniáhættum miðað við helstu atvinnugreinar í eignasöfnum sjóðsins.
- Unnið er að því að meta sjálfbærniáhættuþætti niður á útgefendur í eignasöfnum LV.

Framkvæmd stefnu um ábyrgar fjárfestingar er því í fullri framkvæmd innan sjóðsins. Verkefni eignastýringar snúa m.a. að því að hanna aðferðafræði samkvæmt viðurkenndum stöðlum og innleiða regluverk til að styrkja ákvarðanatöku við stýringu eignasafna og tryggja trausta og gagnsæja upplýsingagjöf til allra hagaðila.

Þann 1. júní 2023 tóku gildi lög nr. 25/2023 um innleiðingu tveggja reglugerða ESB sem snúa að upplýsingagjöf um sjálfbærniáhættu í eignasöfnum (SFDR) og flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar (EU Taxonomy). Jafnframt var ráðherra og Seðlabanka Íslands falið að innleiða nokkurn fjölda gerða ESB sem varða framkvæmd þeirra. Markmið flokkunarreglugerðarinnar er að greiða fyrir ábyrgum fjárfestingum og sporna við grænþvotti. Reglugerðin um meðferð sjálfbærniáhættu í eignasöfnum

miðar að því að samræma og auka gagnsæi upplýsingagjafar um sjálfbærni í rekstri félaga og auðveldar þannig fjárfestum, eins og LV, og t.d. sjóðfélögum sem eru að velja sér séreignarleiðir að taka upplýstar ákvarðanir. Sem stendur flokkar LV öll eignasöfn sín (sameign og séreign) sem svonefnda 6. gr. sjóði, þ.e. sjóður sem samþættir ekki sjálfbærni í fjárfestingarferli samkvæmt SFDR-reglugerðinni en LV metur samt sem áður sjálfbærniáhættur í fjárfestingarferli sjóðsins. Lífeyrissjóðurinn vinnur nú að því að innleiða reglugerðirnar og aðlaga starfsemina að þeim. Á vef sjóðsins má finna upplýsingagjöf vegna áhættu sem tengist sjálfbærni.

Áhrifafjárfesting

LV fjárfesti í fyrsta skipti í áhrifafjárfestingarsjóði árið 2023, KKR Global Impact Fund II, hjá stýrandanum KKR sem LV þekkir vel til. Um er að ræða sjóð sem vinnur að heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun og uppfyllir skilyrði 9. gr. SFDR sem segir að sjóður hafi það að markmiði að fjárfesta í sjálfbærum fjárfestingarafurðum. Skilyrði er að sjóðurinn uppfylli eitt af 17 heimsmarkmiðunum og vinni ekki gegn neinu þeirra.

Fjármögnuð kolefnislosun LV hjá skráðum innlendum félögum

LV vinnur að innleiðingu reglulegs eftirlits með fjármagnaðri kolefnislosun (e. financed emissions) eignasafna sjóðsins samkvæmt staðlinum Global GHG Accounting & Reporting Standards for the Financial Industry sem er sett fram af [Partnership for Carbon Accounting Financials \(PCAF\)](#). Staðallinn inniheldur meðal annars aðferðafræði fyrir útreikninga á kolefnislosun (e. carbon emissions) og losunarkræfni (e. carbon intensity) fyrir skráð hlutabréf og skuldabréf sem sjóðurinn hefur fjárfest í.

Til viðbótar við útreikninga skv. PCAF-aðferðafræðinni greinir sjóðurinn einnig aðra loftlagsþætti við mat á fjárfestingum, t.d. kolefnislosun- og kræfni útgefanda óháð fjármögnun sjóðsins, loftlagsmarkmið, ásamt mati stjórnenda á útsetningu fyrir loftlagsáhættu skv. skilgreiningu [Task Force on Climate-related Financial Disclosures \(TCFD\)](#). Eftirfarandi formúla er notuð til að reikna fjármagnaða losun skráðra félaga skv. PCAF- staðlinum.¹¹

$$\text{Fjármögnuð losun} = \sum_c \frac{\text{Útistandandi upphæð}_c}{\text{EVIC}_c} * \text{Kolefnislosun}_c$$

EVIC: Enterprise value including cash eða verðmæti fyrirtækis að meðtöldu handbæru fé.


PCAF skilgreinir sjö mismunandi eignaflokka fyrir fjármálafyrirtæki en þeir eiga ekki allir við um starfsemi LV. Í útreikningum sem hér fylgja er aðeins litið til eins af sjö flokkum PCAF, það er skráðra hluta- og skuldabréfa útgefnum af fyrirtækjum skráð á aðalmarkað innanlands. Markmið sjóðsins er að fanga heildarlosun eignasafna LV og ná til allra flokka verðbréfa og er vinna hafin við það verkefni. Skorður á því verkefni snúa fyrst og fremst að aðgengi að upplýsingum til að framkvæma útreikninga.

¹¹ Heimild: PCAF (2022). The Global GHG Accounting and Reporting Standard Part A: Financed Emissions. Second Edition (bls. 55).

Helstu forsendur við útreikning á fjármagnaðri losun

LV leggur áherslu á notkun endurskoðaðra gagna fyrir greiningu losunar gróðurhúsa-lofttegunda í svonefndu umfangi 1, 2 og 3 frá útgefendum í fyrsta forgangi en styðst þó við önnur gögn við útreikninga þar sem það þykir nauðsynlegt. Í þeim tilfellum er gerður skýr greinarmun á gæði gagna. Útreikningar miðast við lokastöðu eignasafns sameignardeildar 31. desember 2022 enda eru gögn um losun ekki aðgengileg fyrir lok árs 2023 við útgáfu ársreiknings LV. Þessir útreikningar ná til allrar útgáfu innlendra félaga sem eru skráð á aðalmarkað og telur sá hluti til 18,5% af eignasafni sameignardeildar miðað við árslokastöðu 2022.

Heildarlosun og fjármögnuð kolefnislosun skráðra innlendra félaga í eignasafni sameignardeildar LV



Heildarkolefnislosun og fjármögnuð kolefnislosun¹² verðbréfa skráðra íslenskra útgefanda á aðalmarkaði í eignasafni sameignardeildar LV 2018-2022. Umfang 1, 2 og 3. Mælt í tonnum af kolefnisígildum.


Fjármögnuð kolefnislosun stóð í 49.256 tCO₂ í árslok 2022. Heildarkolefnislosun mæld út frá hlutfalli eignarhlutar og markaðsverðmæti í hverju félagi fyrir sig samkvæmt skilgreiningu TCFD fylgir með til samanburðar. Losunin hefur farið minnkandi síðan 2018 og haldist tiltölulega stöðug undanfarin tvö ár. Ástæðan fyrir miklum samdrætti heildarkolefnislosunar frá 2019 til 2020 má rekja til COVID-19 faraldursins og áhrifa færri flugferða (og þar af leiðandi minni losunar) Ícelandair á þeim tíma. Þá er eignarhald LV í Ícelandair hlutfallslega minna nú en fyrir faraldurinn sem útskýrir að hluta til af hverju fjármögnuð losun hefur ekki aukist seinustu ár, en bæði meðallosun og heildarlosun skráðra innlendra félaga á markaði hefur aukist undanfarin ár.

Losunarkræfni og kolefnisfótspor eignasafns sameignardeildar LV vegna innlendra skráðra félaga.

Sambærilega þróun má sjá á losunarkræfni og kolefnisfótspori eignasafnsins. Þegar lítið er til losunarkræfni er gagnlegt að bera saman mismunandi reikniáðferðir og lítur sjóðurinn því bæði til losunarkræfni skv. TCFD (e. weighted average carbon intensity) sem var 0,68 tCO₂/mISK í lok árs 2022 og losunarkræfni skv. PCAF (e. economic emission intensity) sem var 0,19 tCO₂/mISK í lok árs 2022. Fyrri aðferðafræðin veitir fyrst og fremst vísbendingu um útsetningu eignasafns fyrir kolefnisfrekum fyrirtækjum en sú síðarnefnda veitir vísbendingu um fjármagnaða losunarkræfni, þ.e. heildarlosun útgefanda í hlutfalli við bókfært virði fjárfestinga eignasafnsins.

Athygli vekur að stökk verður í losunarkræfni í lok árs 2021 þar sem nokkur félög hófu birtingu á gögnum um umfang 3 á þeim tíma. Það hefur hlutfallslega meiri áhrif samanborið við tekjur félagsins skv. skilgreiningu TCFD þar sem hlutfallið hækkar úr 0,45 í 0,91 heldur en verðmæti fyrirtækis að meðtöldu handbæru fé (EVIC) skv. skilgreiningu PCAF þar sem hlutfallið lækkar úr 0,25 í 0,20.


Losunarkræfni skráðra innlendra félaga í eignasafni sameignardeildar LV skv. TCFD



Losunarkræfni verðbréfa skráðra íslenskra útgefanda á aðalmarkaði í eignasafni sameignardeildar LV 2018-2022 skv. skilgreiningu TCFD (e. Weighted Average Carbon Intensity (WACI)). Umfang 1, 2 og 3. Mælt í tonnum af kolefnisígildum á hverja milljón aflaðra tekna undirliggjandi útgefanda. Myndin sýnir útsetningu eignasafns fyrir kolefnisfrekum fyrirtækjum.

¹² Heildarkolefnislosun sýnir hlutdeild LV út frá eignarhluta lífeyrissjóðsins í heildarlosun útgefanda sem um ræðir (umfang 1, 2 og 3). Fjármögnuð losun lýsir óbeinni losun gróðurhúsalofttegunda vegna fjárfestinga LV og er eins og að framan greinir margfeldi hlutfalls útistandandi upphæðar (eignar LV) í undirliggjandi útgefanda og heildarkolefnislosunar útgefanda.


Losunarkræfni skráðra innlendra félaga í eignasafni sameignardeildar LV skv. PCAF



Losunarkræfni skráðra íslenskra útgefenda í eignasafni LV 2018-2022 skv. skilgreiningu PCAF (e. economic emission intensity). Umfang 1, 2 og 3. Mælt í tonnum af kolefnisígildum á hverja milljón fjárfest í undirliggjandi útgefanda. Myndin sýnir heildarlosun útgefenda í hlutfalli við bókfært virði fjárfestinga eignasafnsins.

Kolefnisfótspor skráðra íslenskra útgefenda í eignasafni LV 2018-2022 var 594 tCO₂/maISK fjárfest í lok árs 2022 og hefur farið lækkandi frá því í lok árs 2018 en kolefnisfótspor er reiknað sem heildarkolefnislosun í hlutfalli við hvern milljarð sem fjárfest er fyrir í eignasafninu. Mikilvægt er að áréttu að líkt og áður er komið fram er aðeins litið til skráðra innlendra félaga í eignasafni sjóðsins í þessum útreikningum.

Kolefnisfótspor skráðra innlendra félaga í eignasafni sameignardeildar LV



Kolefnisfótspor (e. carbon footprint) verðbréfa skráðra íslenskra útgefenda á aðalmarkaði í eignasafni sameignardeildar LV 2018-2022. Umfang 1, 2 og 3. Kolefnislosun mæld í tonnum af kolefnisígildum fyrir hvern milljarð sem fjárfest er fyrir.


Hlutdeild og útsetning í kolefnistengdum eignum

Tilteknar atvinnugreinar eru háðar kolefnisfrekri starfsemi og getur því verið gagnlegt að líta til losunar þeirra við kortlagningu á útsetningu eignasafnsins fyrir kolefnistengdum eignum skv. skilgreiningu TCFD (e. exposure to carbon-related assets).

Hlutfall kolefnistengdra eigna fer vaxandi í eignasafni LV þar sem sjávarútvegur vegur þyngra í eignasöfnum í lok árs 2022 en árin áður. Þó að útsetning hafi aukist frá 2018 í milljörðum króna talið, þá hefur útsetning hlutfallslega minnkað úr 43,5% í 34,8% þegar litið er á eignasöfnin í heild. Sömuleiðis fer útsetning fyrir kolefnistengdum eignum í flug- og ferðabjónustu minnkandi á milli ára líkt og áður hefur komið fram.

Útsetning fyrir kolefnistengdum eignum skráðra íslenskra útgefenda í eignasafni sameignardeildar LV


í milljörðum króna



Útsetning fyrir kolefnistengdum eignum (atvinnugreinar) skráðra íslenskra útgefenda í eignasafni sameignardeildar LV 2018-2022. Samanburður á bókfærðu virði fjárfestinga í mö. kr. bókfærðu virði fjárfestinga sem prósentuhlutfalls af heildarvirði skráðra innlendra félaga í eignasafni LV.

Þrátt fyrir að útsetning kolefnistengdra eigna hafi aukist í krónum talið hefur fjármögnuð losun LV í kolefnisfrekum atvinnugreinum, þ.e. þeim atvinnugreinum sem eru taldar hvað mest útsettar fyrir kolefnislosun, minnkað mikið frá árinu 2018 og stendur í 32.892 tCO₂i (67% af fjármagnaðri losun skráðra innlendra félaga í safni LV) í árslok 2022 samanborið við 84.485 tCO₂i (97%) í árslok 2018.

Fjármögnuð losun kolefnisfrekra atvinnugreina skráðra íslenskra útgefenda í eignasafni sameignardeildar LV



Fjármögnuð losun kolefnisfrekra atvinnugreina skráðra innlendra útgefenda í eignasafni sameignardeildar LV 2018-2022. Umfang 1, 2 og 3. Samanburður á fjármagnaðri losun atvinnugreinanna í kolefnisígildum (tCO₂i) og prósentuhlutfalls fjármagnaðrar losunar atvinnugreinanna og allrar fjármagnaðrar losunar skráðra innlendra útgefenda í eignasafni LV.



V. Áhættustýring

Inntak, markmið, framkvæmd, áskoranir og verkefni á döfinni

Áhættustýring LV er byggð á stefnum stjórnar, áhættustefnu og áhættustýringarstefnu. Stefnurnar byggjast á ákvæðum laga, reglugerða og öðrum gildum viðmiðum.

Markmið með stefnunum er að auka öryggi í rekstri með virkri áhættustýringu. Lögð er áhersla á að stefnurnar og framkvæmd þeirra séu virkir þættir í starfseminni og að þær tengist ákvörðunarferlum sjóðsins í stefnumótandi málum, við innleiðingu og í daglegum rekstri. Einnig er lögð áhersla á að stjórn, stjórnendur og annað starfsfólk hafi góða sýn yfir helstu áhættuþætti í rekstrinum og þekkingu á hlutverki sínu í ferli áhættustýringar og eftirlits og meti áhættu við ákvarðanatöku eftir því sem eðlilegt er hverju sinni.


- Áhættustjóri ber ábyrgð á starfssviði áhættustýringar hjá sjóðnum í samræmi við stefnur sjóðsins. Á grundvelli áhættustefnu og áhættustýringarstefnu felur stjórn framkvæmdastjóra, starfsfólki áhættustýringar og eftir atvikum öðru starfsfólki sjóðsins umsjón með daglegri framkvæmd stefnanna.
- Eftirlit stjórnar felst m.a. í reglulegri upplýsingamiðlun framkvæmdastjóra til stjórnar, upplýsingamiðlun áhættustýringar og annarra starfsmanna til framkvæmdastjóra og stjórnar, árlegri úttekt innri og ytri endurskoðunar og starfi endurskoðunarnefndar sjóðsins. Þá hefur endurskoðunarnefnd og innri og ytri endurskoðendur sjóðsins mikilvægu hlutverki að gegna í eftirfylgni með framkvæmdinni.
- Áhættustjóri er sjálfstæður í störfum sínum. Hann heyrir beint undir framkvæmdastjóra og hefur milliliðalausán aðgang að stjórn, endurskoðunarnefnd og þeim upplýsingum sem hann þarf til að sinna hlutverki sínu.

Eftirlitskerfi sjóðsins

Hluti af áhættustýringu er eftirlitskerfi sjóðsins. Það er fjölþátta kerfi sem tekur til mannauðs, verklagsreglna og annarra aðfanga sem nauðsynleg eru til að hægt sé að sinna áhættustýringu, eftirliti og stjórnun áhættuþátta á fullnægjandi hátt. Eftirlitskerfið samanstendur af stefnumörkun, verklagi, aðferðum og skýrslugerð sem nauðsynleg er til að greina, meta, vakta og stýra áhættu með reglubundnum hætti og í einstökum tilfellum.

Stjórn, stjórnendur, starfsfólk, innri og ytri endurskoðendur ásamt endurskoðunarnefnd sjóðsins koma að eftirlitskerfinu. Hér á eftir er yfirlitsmynd af eftirlitskerfi sjóðsins.

Eftirlitskerfi sjóðsins



Um varnarlínurnar þrjár:

Fyrsta varnarlína er mynduð af stjórnendum og starfsfólki hvers starfssviðs sjóðsins. Sjö forstöðumenn bera ábyrgð á rekstri sinna sviða og þeirri áhættu sem fylgir. Til þess að lágmarka áhættu hefur hvert starfssvið viðeigandi verklag og eftirlit til staðar sem miðar að því að tryggja að borin séu kennsl á áhættu, hún greind, metin og mæld, að fylgst sé með henni, henni stjórnað og hún tilkynnt. Fyrsta varnarlína felur í sér eftirlit með því að starfsemi sjóðsins sé í samræmi við ytri og innri kröfur.

Aðra varnarlínu mynda stoðsvið sjóðsins sem styðja starfsfólk og stjórnendur við eftirlit og að leggja mat á áhættuþætti í rekstri starfssviðanna. Þetta er m.a. gert með skipulegri vöktun, ráðgjöf, framkvæmd eftirlitsaðgerða, úttektum og mati á hlítu. Stoðsviðin eru lögfræðisvið, áhættustýringarsvið, upplýsingatækni­svið, fjármálasvið og rekstrarsvið. Önnur svið eru eignastýringarsvið og lífeyrissvið.

Þriðja varnarlína sjóðsins er innri endurskoðun sem er í höndum sjálfstæðs ytri endurskoðanda. Hann framkvæmir áhættumiðaðar og almennar úttektir á varnarlínu eitt og tvö. Í því felst m.a. að fara yfir fyrirkomulag innri stjórnarháttanna, virkni ferla og aðferða til að ganga úr skugga um að fyrstu tvær varnarlínurnar séu traustar og áhrifaríkar og að ferlarnir og aðferðirnar séu framkvæmdar og í stöðugri notkun. Innri endurskoðandi sinnir verkefnum sínum að fullu óháð hinum varnarlínunum.

Áhættupættir í starfsemi sjóðsins

Rekstur lífeyrissjóðs er margbrotinn. Í sinni einföldustu mynd tekur sjóðurinn á móti iðgjöldum frá launagreiðendum fyrir hönd sjóðfélaga, ávaxtar þau og greiðir út lífeyri til sjóðfélaga við starfslok og vegna áfalla. Í slíkum rekstri eru fólgnir margvíslegir áhættupættir. Sjóðurinn skiptir þeim í fimm yfirflokka og á myndinni hér á eftir má sjá dæmi um undirflokkaáhættu:

Fjárhagsleg áhætta snýr að fjárfestingum sjóðsins og hefur að gera með sveiflur á virði verðbréfa, áhættu vegna gjaldmiðlasamsetningar eigna sjóðsins, áhættu vegna verðbólgu þar sem réttindi sjóðfélaga eru verðtryggð sem þýðir jafnframt að allar skuldbindingar sjóðsins eru verðtryggðar. Einnig er sjóðurinn að hluta berskjaldaður fyrir uppgreiðslu skuldabréfa og endurfjárfestingaráhættu.

Mótaðilaáhætta snýr einnig að fjárfestingum sjóðsins og varðar þá áhættu að mót-aðilar standi ekki við skuldbindingar sínar. Mótaðilaáhætta varðar einnig samþjöppun í eignasafninu, að hún verði ekki of mikil, ekki of tengd einstaka atvinnugreinum eða landsvæðum.

Lífeyristryggingaráhætta snýr að hættunni á að sjóðurinn vanmeti lífeyrisskuldbindingar sínar eða að óvissutengdum lýðfræðilegum þáttum, svo sem forsendum um dánar- og örorkutíðni auk forsendna um vexti og verðbólgu.

Rekstraráhætta snýr að hættunni á fjárhagslegu tapi og/eða neikvæðum áhrifum á orðspor sjóðsins vegna ófullnægjandi innri kerfa, stefnu eða verkferla, háttsemi starfsmanna eða ytri þátta. Hér er allur rekstur sjóðsins undir og varðar m.a. stjórnarhætti, svikemisáhættu, áhættu vegna upplýsingakerfa, áhættu vegna netóigna og pólitískrar áhættu.

Áhætta tengd loftslagsbreytingum er tvískipt. Annars vegar er það raunlæg áhætta (e. physical risk) sem stafar beint af loftslagsbreytingunum sjálfum og hins vegar umbreytingaráhætta (e. transition risk) sem kemur til vegna aðgerða til að stemma stigu

við þeim. Slíkar aðgerðir geta t.d. leitt til minnkandi eftirspurnar eftir tilteknum vörum og þjónustu og/eða til þess að ákveðnar eignir verði verðlausar (e. stranded assets). Áhætta tengd loftslagsbreytingum snýr nánast alfarið að eignasöfnum sjóðsins.

Fjárhagsleg áhætta

- Markaðsáhætta
- Gjaldmiðlaáhætta
- Verðbólguáhætta
- Vaxta- og endurfjárfestingaráhætta
- Uppgreiðsluáhætta

Mótaðilaáhætta

- Útlánaáhætta
- Samþjöppunaráhætta
- Atvinnugreinaáhætta
- Landsáhætta

Lífeyristryggingaráhætta

- Áhætta tengd eigna- og skuldbindingajöfnuði
- Lýðfræðilega áhætta

Rekstraráhætta

- Stjórnarhættir
- Starfsmannaáhætta
- Áhætta vegna upplýsingakerfa
- Orðsporsáhætta
- Pólitísk áhætta

Áhætta tengd loftslagsbreytingum

- Raunlæg áhætta
- Umbreytingaráhætta

Um veigamikla áhættuþætti í starfsemi LV – áhættusnið sjóðsins

Sjóðurinn metur reglulega hvaða áhættuþættir eru veigamestir í starfseminni á hverjum tíma. Við mat á áhættuþáttum er litið til lengri tíma og byggt m.a. á því hvaða áhrif áhættuþættir geti haft á tryggingafræðilega stöðu, hverjar séu líkur á að áhætta raungerist og að hve miklu leyti sé hægt að bregðast við og stýra henni. Þeir áhættuþættir sem metnir eru veigamestir í starfsemi sjóðsins eru markaðsáhætta, gjaldmiðlaáhætta, verðbólguáhætta, landsáhætta og lýðfræðileg áhætta.

Markaðsáhætta: Til að ávaxta iðgjöld sjóðfélaga fjárfestir sjóðurinn í verðbréfum sem sveiflast í virði eftir stöðu markaða hverju sinni.

Gjaldmiðlaáhætta: Hluti eignasafna sjóðsins er erlendar eignir en lífeyrisskuldbindingar sjóðsins eru eingöngu í íslenskum krónum. Sveiflur í gengi gjaldmiðla hafa því áhrif á jafnvægi eigna og skuldbindinga sem geta verið jákvæðar eða neikvæðar.

Verðbólguáhætta: Réttindi sjóðfélaga í sameignardeild eru að fullu verðtryggð og breytast í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar. Þetta þýðir að allar skuldbindingar sameignardeildar eru verðtryggðar en aðeins hluti af eignum er verðtryggður.

Landsáhætta: Yfir helmingur eignasafns sameignardeildar er innlendar eignir og það getur haft neikvæðar afleiðingar ef illa gengur á innlendum mörkuðum eða yfirleitt í íslensku hagkerfi.

Lýðfræðileg áhætta: Meðal veigamestu forsendna í uppgjöri skuldbindinga sameignardeildar eru forsendur um lífs- og dánarlíkur sjóðfélaga. Því lengur sem sjóðfélagar lifa því lengur njóta þeir lífeyrisréttinda sinna í sameignardeild sjóðsins.

Vel er fylgst með öllum áhættuþáttum í rekstri sjóðsins en vegna eðli starfseminnar er misjafnt eftir áhættuþáttum hvernig og hvort hægt er að bregðast við. Dæmi um áhættuþátt sem erfitt er að bregðast við er lýðfræðileg áhætta.

Nánari upplýsingar um áhættuþætti í rekstri sameignardeildar og séreignardeilda sjóðsins eru í skýringum 19–23 í ársreikningi og einnig í kafla 6 í áhættustefnu sem er birt á vef sjóðsins.

Áhættuvilji – hve mikla áhættu er sjóðurinn tilbúinn að taka fyrir hönd sjóðfélaga sinna?

Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á rekstri hans. Á hverjum tíma þarf hún að leggja mat á hve mikla áhættu hún er reiðubúin að taka fyrir hönd sjóðfélaga til að rækja það hlutverk sjóðsins að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri samkvæmt ákvæðum samþykktu sjóðsins.

Áhættuvilji stjórnar endurspeglast í samþykktum, stefnum og innra regluverki sjóðsins. Í áhættustefnu og áhættustýringarstefnu kemur fram hvernig áhætta í starfsemi sjóðsins er skilgreind, hvernig hún er greind, vöktuð og metin og hvernig sjóðurinn tekur áhættu til meðferðar til að stýra og/eða draga úr áhættu.

Stjórn skilgreinir mælikvarða sem markaðsáhættuvilja í starfseminni. Áhættuviljinn tekur m.a. mið af aldurs- og samsetningu sjóðfélaga, lífeyrisbyrði (í tilfalli sameignardeildar), ríkjandi markaðsaðstæðum og lögum og reglum sem varða starfsemi sjóðsins. Mælikvarðarnir taka til helstu áhættuþátta í rekstrinum, svo sem fjárhagslegrar áhættu, mótaðilaáhættu, lífeyristryggingaráhættu og rekstraráhættu. Áhættustýring hefur reglulegt eftirlit með áhættuvilja stjórnar og öðrum áhættuþáttum í rekstri og upplýsir stjórn reglulega.

Helstu áskoranir á árinu 2023

Verðbólga og þróun eignamarkaða

Réttindi sjóðfélaga eru verðtryggð og breytast í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar. Af því leiðir að lífeyrisskuldbindingar sjóðsins eru verðtryggðar. Í þeirri verðbólgu sem hefur verið undanfarin misseri þýðir þetta að skuldbindingar sjóðsins hækka umtalsvert. Ef ávöxtun eigna heldur ekki í við verðbólgu þýðir það að tryggingafræðileg staða sjóðsins versnar og í versta falli þarf að gera breytingar á réttindum sjóðfélaga til lækkunar.

Framan af ári voru markaðsaðstæður krefjandi og ávöxtun dræm. Á síðustu mánuðum ársins varð viðsnúningur og ávöxtun ársins var viðunandi í ljósi aðstæðna. Sjá nánari umfjöllun um eignasöfn sjóðsins, þróun á mörkuðum og verðbólguþróun í kafla IV um eignasöfn og umfjöllun um tryggingafræðilega stöðu í kafla II um lífeyrisafurðir.

Breytingar á réttindakerfi sameignardeildar – lýðfræðileg og lagaáhætta

Eins og gerð var grein fyrir m.a. í síðustu ársskýrslu voru gerðar breytingar til aðlögunar réttindakerfis sameignardeildar að hækkandi lífaldri sjóðfélaga. Þetta þýddi breyttar forsendur við mat á skuldbindingum sjóðsins í tryggingafræðilegri athugun þar sem sjóðfélagar, sem og landsmenn allir, lifa almennt lengur en áður. Þetta þýðir að sjóðfélagar fá almennt greiddan lífeyri lengur en áður. Þetta er áskorun fyrir lífeyrissjóð eins og LV þar sem það fjármagn sem hann hefur til ráðstöfunar til greiðslu lífeyris er ekki ótakmörkuð auðlind og ræðst að mestu leyti af ávöxtun eignasafna.

Framangreind forsendubreyting er dæmi um hvernig lýðfræðileg áhætta hefur raungerst í rekstri sjóðsins og annarra lífeyrissjóða innanlands og erlendis. Breytingar sem ráðist var í á árinu eiga sér ekki fordæmi í 68 ára sögu sjóðsins.

Breytingarnar hafa haft fleiri áskoranir í för með sér því á vormánuðum var höfðað mál á hendur sjóðnum vegna samþykktarbreytinganna og var krafist ógildingar á ákvæði sem varðar breytingu á áunnum réttindum sjóðfélaga. Héraðsdómur Reykja-

víkur féllst á kröfur stefnanda þar sem krafist var ógildingar á tilteknu ákvæði samþykktarbreytinganna.

Samþykktarbreytingarnar voru vandlega undirbúnar af stjórnendum og stjórn LV í samráði við tryggingastærðfræðing sjóðsins og lögmannsstofur sem og með samtali við stjórnvöld og á endanum hlutu þær samþykki fjármála- og efnahagsráðherra í framhaldi af því. LV hefur áfrýjað dómnum en vegna hans er ákveðin óvissa með hverjar skuldbindingar sjóðsins eru. Nánar er gerð grein fyrir þessu í skýrslu stjórnar og skýringu 16 í ársreikningi. Ef æðra dómstig fellst á kröfur stefnanda er jafnframt óleyt það verkefni hvernig eigi að útfæra þær forsendubreytingar sem hafa orðið með því að sjóðfélagar lifa almennt lengur og hvernig það skuli útfært á sanngjarnan hátt.

Vanskil sjóðfélagalána

Þrátt fyrir aukna verðbólgu og hækkandi vexti hafa vanskil sjóðfélagalána ekki aukist. Vanskilahlutfall sjóðfélagalána, mælt sem fjárhæð lána í yfir 90 daga vanskilum sem hlutfall af heildarfjárhæð sjóðfélagalána, er nú 0,4% sem er með því lægra til margra ára. Mögulegar skýringar á því að vanskil hafa ekki aukist eru þær að atvinnuleysi hefur ekki farið vaxandi þrátt fyrir erfiðari efnahagsskilyrði og að hluti lántaka er með fasta vexti á lánum sínum til þriggja eða fimm ára. Það þýðir að greiðslubyrði sumra lántaka hefur ekki enn hækkað þrátt fyrir hækkandi vaxtastig. Þegar greiðslubyrði eykst vegna hærri vaxta hafa lántakar möguleika á að breyta lánaformi sínu til að lækka greiðslubyrði, t.d. að fara yfir í verðtryggð lán eða lengja lánstíma. Sjá nánar um vanskilahlutfall sjóðfélagalána í skýringu 19.2 og 20.2 í ársreikningi.

Önnur skýring á því að vanskilahlutfall sjóðfélagalána hefur ekki aukist er sú að lítill hluti lántaka hefur óskað eftir greiðsluhléi af lánum sínum. Hluti af lánum í greiðsluhléi kemur til vegna þeirrar stöðu sem er uppi í Grindavík vegna jarðhræringa.

Sjóðurinn býður sjóðfélögum með lán hjá sjóðnum ýmis úrræði þegar greiðsluferðileikar steðja að. Sjá nánar um lán í greiðsluhléi í skýringu 19.2 og 20.2 í ársreikningi.

Helstu verkefni áhættustýringar á árinu 2023

Eigið áhættumat – áhættumat vegna loftslagsbreytinga með áherslu á innlendar eignir

Á árinu framkvæmdi sjóðurinn ítarlegt áhættumat vegna loftslagsbreytinga með áherslu á innlendar eignir. Það var unnið sem hluti af eigin áhættumati sjóðsins. Áhættumatið var unnið með hliðsjón af ráðleggingum TCFD (Task Force for Climate-Related Financial Disclosure). Það var unnið í breiðu samstarfi innan sjóðsins auk þess sem utanaðkomandi sérfræðingur í sjálfbærnimálum var fenginn til aðstoðar. Þá voru aðilar frá vísindasamfélaginu fengnir á fundi til að fræða starfsmenn um loftslagstengda áhættuþætti á og við Ísland, svo sem frá Veðurstofu Íslands og Haf-rannsóknastofnun auk þess sem fundað var með erlendum sérfræðingum stýringar-aðila LV varðandi tiltekna þætti matsins. Stuðst var við skýrslur og greiningar frá IPCC (The Intergovernmental Panel on Climate Change) og ýmsar skýrslur frá fræðasamfélaginu innlands og erlendis.

Almennt er loftslagsáhættu skipt í tvo meginflokk, raunlæga áhættu (e. physical risk) og umbreytingaráhættu (e. transition risk).

Raunlæg áhætta er sú áhætta sem stafar af loftslagsbreytingum á innviði samfélaga, rekstur fyrirtækja og opinberra aðila vegna breytinga á framboði á vatni, uppsprettu vatns og gæðum þess, breytinga á fæðuöryggi, breytinga á líffræðilegum fjölbreytileika, hitabreytinga sem hafa neikvæð áhrif á landareignir aðila, starfsemi þeirra, aðfangakeðjur og öryggi starfsfólks.

Umbreytingaráhætta er tengd þeim breytingum á hagkerfum sem gera þau minna háð kolefni og munu hafa í för með sér víðtækar stefnubreytingar, breytingar á lögum og reglum, breytingar á tækni, breytingar á neysluvenjum og breytingar á mörkuðum. Það fer eftir eðli, hraða og áherslum þessara umbreytinga hver áhrifin verða á fyrirtæki, stofnanir, samfélög og hagkerfi.

Niðurstaða vinnunnar var að til skamms og meðallangs tíma sé raunlæg áhætta vegna loftslagsbreytinga á Íslandi ekki mikil á innlendar eignir sjóðsins. Til langs tíma er raunlæg áhætta mikilli óvissu háð og mun fara eftir því hvernig ráðist verður í mótvægis- og aðlögunaraðgerðir á heimsvísu sem og á Íslandi. Hins vegar var það mat sjóðsins að mikilvægt væri að hafa í huga að raunlæg áhætta á heimsvísu gæti haft áhrif á rekstur fyrirtækja á Íslandi og hag landsins þar sem Ísland er beint og óbeint mjög háð erlendum mörkuðum, aðföngum og virðiskeðjum. Þannig geta uppskerubrestir, tafir og breytingar á aðfangakeðjum, verð á hrávörum og aðrar afleiðingar loftslagsbreytinga haft veruleg neikvæð áhrif á rekstur fyrirtækja innanlands.

Það var mat sjóðsins að umbreytingaráhætta væri nokkur hjá fyrirtækjum á Íslandi, þar á meðal fyrirtækjum í eignasöfnum sjóðsins. Þar má nefna skatta og gjöld sem fyrirtæki munu þurfa að greiða vegna losunar í gegnum kerfi eins og viðskiptakerfi Evrópusambandsins með losunarheimildir (ETS). Einnig getur umbreytingaráhætta haft veruleg neikvæð áhrif á samkeppnisstöðu fyrirtækja en á sama tíma falið í sér tækifæri ef rétt er brugðist við. Umbreytingarnar geta haft í för með sér aukinn kostnað, bæði vegna fjárfestinga og skattlagningar, sem getur sett þrýsting til hækkunar á verðlagi og getur þess vegna verið verðbólgu myndandi. Það sama á við um raunlæga áhættuþætti ef þeir raungerast. Skuldbindingar sjóðsins eru verðtryggðar og getur því loftslagsáhætta bæði haft áhrif á þær og eignir sjóðsins.

Verkefni áhættustýringar á næstunni

Verkefni áhættustýringar fram undan eru reglubundin verkefni sem dreifast yfir árið og önnur verkefni við áframhaldandi þróun á eftirlitskerfi sjóðsins sem fela m.a. í sér að greina, meta, vakta og gefa skýrslu um áhættu í starfsemi hans.

Sem hluti af eigin áhættumati fyrir árið 2024 er stefnan að framkvæma ítarlegt áhættumat vegna rekstraráhættu með það að markmiði að koma auga á áhættuþætti, bregðast við þeim og þannig auka rekstraröryggi sjóðsins.

Í tengslum við þær jarðhræringar sem Íslendingar hafa upplifað síðastliðin ár mun sjóðurinn vinna áhættumat á staðsetningu fjárfestinga sjóðsins á Íslandi í tengslum við eldfjallasvæði.

Nýjung fyrir lántakendur á Mínum síðum

Á Mínum síðum var þeim möguleika bætt við reiknivél fyrir lántakendur að þeir geta nú skoðað hvaða áhrif það hefur á afborganir að greiða inn á lánið. Hægt er að skoða stöðu láns fyrir og eftir niðurgreiðslu og upphæð afborgunar fyrir og eftir niðurgreiðslu.



VI. Stjórnarhættir og stjórnun

Stjórnarhættir, stefnumótun, verkefni á döfni, skipurit, stjórn, yfirstjórn

Stjórnun og stjórnarhættir LV taka mið af hlutverki sjóðsins samkvæmt lögum, samþykktum, innri reglum, leiðbeiningum um stjórnarhætti og öðrum gildum viðmiðum.

Starfsemin markast m.a. af hlutverki sjóðsins við að byggja upp viðtæk lífeyrisréttindi, lífeyrissparnað í séreign og sem vörsluaðila stórra eignasafna sem byggjast á langtímasýn.

Hlítni: LV leggur áherslu á að fylgja eftir reglum og viðurkenndum viðmiðum varðandi stjórnarhætti. Liður í því er skilvirkt skipurit, liðsheild, viðeigandi innri reglur, innra eftirlit og aðhald frá innri og ytri endurskoðun og hagaðilum. Eftirfylgni felst m.a. í aukinni áherslu á upplýsingagjöf sem birtist í skýrslu stjórnar, árs- og sjálfbæriskýrslu og með viðvarandi upplýsingagjöf sjóðsins. Þá framkvæmir stjórn reglulega mat á starfsháttum stjórnar.

Langtímastefnumótun: Til að styðja við hlutverk sjóðsins, langtímasýn og uppbyggilega fyrirtækjamenningu hefur LV markað sér stefnu til 2030. Í þessum kafla er gerð grein fyrir mikilvægum þáttum stefnunnar sem lúta að framtíðarsýn, leiðarljósum í starfseminni og skilgreindum grunnildum.

Skipurit: Í kafla þessum er gerð grein fyrir skipuriti sjóðsins sem hefur það markmið að styðja við skilvirkan rekstur og viðskiptalíkan sjóðsins. Til viðbótar hafa aðildarsamtök LV, Félag atvinnurekenda, Samtök atvinnulífsins og VR mikilvægt hlutverk í stjórnskipulagi sjóðsins sem og fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands, fjármála- og efnahagsráðuneytið sem veitir sjóðnum starfsleyfi og staðfestir samþykktarbreytingar. Einnig önnur eftirlitsstjórnvöld eins og Persónuvernd og Samkeppniseftirlitið.

Stjórn og yfirstjórn: LV leggur áherslu á breidd í samsetningu stjórnar og stjórnenda. Í þessum kafla er að finna yfirlit yfir stjórnendur, framkvæmdastjóra og forstöðumenn auk upplýsinga um menntun þeirra, störf og reynslu.

Á döfinni: Eftirfarandi verkefni eru á meðal þeirra verkefna er varða stjórnarhætti og rekstur næstu misseri:

- áframhaldandi áhersla á markvissa upplýsingagjöf til sjóðfélaga varðandi lífeyrisafurðir sjóðsins
- áframhaldandi innleiðing laga og reglna varðandi ábyrgar fjárfestingar með aukinni áherslu á greiningu gagna og beitingu aðferðafræði ábyrga fjárfestinga
- áfrýjun og málarekstur vegna dómsmáls sem varðar breytingar á samþykktum LV sem varða viðbrögð við hækkandi lífaldri sjóðfélaga
- aðgerðir til að tryggja netöryggi og öryggi upplýsingakerfa
- þróun á starfsemi sjóðsins í takt við stefnumótun hans og síbreytilegt starfsumhverfi

Til viðbótar við umfjöllun í þessum kafla er einnig vísað til annarra kafla í árs- og sjálfbæriskýrslunni, m.a. til umfjöllunar um viðskiptalíkan LV í kafla I um starfsemi LV, umfjöllunar um aðferðafræði ábyrga fjárfestinga í kafla V um ábyrgar fjárfestingar, kafla VI um áhættustýringu og kafla VIII um sjálfbærni í starfsemi LV þar sem m.a. er að finna umfjöllun um áherslur varðandi stefnumiðaða stjórnun og ítarlega stjórnarháttayfirlýsingu stjórnar.

Um hlutverk, sýn, vegferð og gildi LV

LV vinnur eftir stefnumótun stjórnar til ársins 2030. Áherslur stefnumótunarinnar og afrakstur einstakra verkefna birtist víða í rekstri sjóðsins og umfjöllun í skýrslu þessari. Meðal þess má nefna:

- Aukna áherslu á upplýsingagjöf til sjóðfélaga
- Aukna áherslu á langtímasýn við stýringu eignasafna
- Markvissa innleiðingu laga og annarra reglna um ábyrgar fjárfestingar
- Rekstur mannauðsstefnu sem styður við starfsemi sjóðsins og eflir góðan vinnustað
- Viðvarandi verkefni til að tryggja gagnaöryggi
- Samþætting sjálfbærni í allri starfsemi sjóðsins, þ.e. rekstri, lífeyri og eignasöfnum

Til að styðja við þessar og fleiri áherslur í rekstri og stefnu LV hefur sjóðurinn útlistað nánar hlutverk, framtíðarsýn, leiðarljós og grunnildi sjóðsins:

Hlutverk

Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri eftir þeim reglum sem hér fara á eftir. Stjórn sjóðsins mótar fjárfestingarstefnu hans og sér um ráðstöfun á fjármagni hans og ávaxtar það með hliðsjón af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma, að teknu tilliti til áhættu og með hliðsjón af langtímaskuldbindingum sjóðsins.

Framtíðarsýn til 2030

Lífeyrissjóður verzlunarmanna er eftirsóknarverður og leiðandi lífeyrissjóður. Sjóðurinn byggir upp trausta fjárhagslega framtíð sjóðfélaga við starfslok og tryggingar vegna örorku og við fráfall sjóðfélaga. Lífeyrissjóðurinn veitir traustar og áreiðanlegar upplýsingar sem miðast við þarfir sjóðfélaga á hverjum tíma. Hann ávaxtar fjármuni sjóðfélaga með gagnsæjum og ábyrgum hætti með samfélagslega ábyrgð að leiðarljósi. Hann er fyrirmyndarvinnustaður skipaður öflugri liðsheild sem býr yfir góðri þekkingu, reynslu og hæfni.

Leiðarljós

Stefna LV til 2030 skiptist í fimm leiðarljós sem koma úr framtíðarsýn sjóðsins. Þessi fimm leiðarljós eða þemu ramma inn áherslur í daglegri starfsemi og eru leiðbeinandi fyrir ákvarðanatöku þannig að unnið sé markvisst í anda framtíðarsýnar lífeyrissjóðsins.

Fimm leiðarljós eða þemu stefnunnar umbreytast í verkefni og áherslur sem markvisst er unnið að í daglegum störfum sjóðsins. Það er gert í gegnum vel skilgreind verkefni sem eiga augljósan og rekjanlegan uppruna í sýn á framtíðarstöðu sjóðsins árið 2030.

Fram undan eru nokkur ár til að uppfylla og raungera sýnina í gegnum ákvarðanatöku á grundvelli stefnunnar og forgangsröðun verkefna.


- 1) **Framúrskarandi teymi:** Öflug og kvik liðsheild í hvetjandi umhverfi þar sem löggð er áhersla á skipulagða úrlausn viðfangsefna með samvinnu og góðum samskiptum.
- 2) **Snjöll þjónusta og traustar afurðir:** Geta og hæfni til greiningar og túlkunar á gögnum sjóðfélaga leiðir til aukins ávinnings fyrir sjóðfélaga með auknum skilningi og innsýn.
- 3) **Þjónandi forysta:** LV er til fyrir sjóðfélagana og starfsemin miðar að framtíðinni með djúpum skilningi á fortíð, samtíð og framtíð.
- 4) **Sjálfbær starfsemi:** Hjá LV grundvallast ákvarðanir á forsendum sjálfbærrar þróunar sem endurspeglast í allri starfsemi og skipulagi sjóðsins.
- 5) **Ábyrgar fjárfestingar:** Ákvarðanir um fjárfestingar til ávöxtunar á lífeyriseign sjóðfélaga mótast af sjálfbærri framvindu samfélags, efnahags og umhverfis.

Grunngildin [e. Values]

Stefnumótun LV og framtíðarsýn er byggð á og styðst við grunngildi sjóðsins:

Ábyrgð	Umhyggja	Árangur
<p>Fagmennska, áræði og samviskusemi.</p> <p>Áhersla á vandaða áhættustýringu, eftirfylgni með fyrirtækjum sem fjárfest er í og áherslu á góða stjórnarhætti.</p> <p>Til grundvallar liggja vönduð vinnubrögð, hæft starfsfólk og skýr skilaboð frá stjórn um ábyrg vinnubrögð.</p>	<p>Umhyggja með áherslu á heilindi og ráðvendni.</p> <p>Áhersla á frumkvæði í þjónustu og gott viðmót.</p> <p>Áhersla á að virkja og hvetja starfsfólk í starfi og að vera þátttakendur í stefnumótun og markmiðasetningu sjóðsins.</p>	<p>Keppa að settum markmiðum og skila góðu starfi við stjórnun og í öðrum störfum fyrir sjóðinn.</p> <p>Þessi markmið birtast m.a. í áherslum á skilvirkni, arðsemi, stöðugleika í rekstri, starfsánægju, opna stjórnarhætti og vilja til að veita sjóðfélögum á öllum aldri góða þjónustu.</p> <p>Eftirfylgni felst í raunhæfri markmiðasetningu og hvatningu til starfsmanna.</p>

Skipurit



Markmiðið með skipuritinu er að styðja við skilvirkan rekstur og viðskiptalíkan sjóðsins. Skipuritið tekur einnig mið af ákvæðum laga um starfsemi sjóðsins, samþykktum hans og ákvæðum kjarasamnings aðildarfélaganna hans, Félags atvinnurekenda, Samtaka atvinnulífsins og VR.

Stjórn er skipuð átta stjórnarmönnum tilnefndum af aðildarfélögum sjóðsins og kjörnum af fulltrúum viðkomandi aðildarfélaganna í fulltrúaráði.

Yfirlit yfir mikilvægar innri reglur

Aðildarfélögin skipa jafnframt 50 manna fulltrúaráð sem fundar tvisvar á ári með stjórnendum LV. Fulltrúaráðið fer með atkvæði á ársfundi og greiðir atkvæði um starfskjarastefnu, skipan fulltrúa nefndar um laun stjórnarmanna, tillögur um stjórnarlaun, tillögu stjórnar að endurskoðanda og tillögur til breytinga á samþykktum sjóðsins.

Endurskoðunarnefnd er undirnefnd stjórnar, skipuð tveimur stjórnarmönnum og einum utanaðkomandi aðila.

Á skrifstofu sjóðsins eru jafnframt starfræktar fjórar nefndir/fastir starfshópar:

- Lánanefnd (sjóðfélagalán), í umsjón rekstrarsviðs.
- Áhættunefnd, í umsjón áhættustýringarsviðs.
- Nefnd um ábyrgar fjárfestingar, í umsjón eignastýringarsviðs.
- Fjárfestingarráð eignastýringarsviðs.

Ráðgjöf varðandi samþættingu sjálfbærni í starfsemi LV varðandi rekstur, lífeyrisafurðir og eignasöfn er á lögfræðisviði.

Á vef LV, live.is, er aðgengilegt yfirlit yfir helstu stefnur og reglur LV sem varða þætti í starfsemi sjóðsins og lúta að stjórnarháttum hans og starfsemi almennt.

Fræðsla fyrir VR félag og trúnaðarmenn

Við höldum hádegisfyrirlestur fyrir VR félag í byrjun árs sem var afar vel tekið og vel sótt. Trúnaðarmönnum bauðst svo hálf dagsnámskeið með mörgum af sérfræðingum sjóðsins í lífeyrismálum, eignastýringu og fleira.

Stjórn

Stjórn LV er skipuð átta stjórnarmönnum, tilnefndum af aðildarsamtökum sjóðsins, VR, Samtökum atvinnulífsins (SA) og Félagi atvinnurekenda (FA) og kjörnum af fulltrúaráði á ársfundi.



Stefán Sveinbjörnsson, formaður stjórnar, tilnefndur af VR og tók sæti í stjórn í ágúst 2019

Stefán hefur starfað sem framkvæmdastjóri VR frá árinu 2013 og verið í endurskoðunarnefnd sjóðsins frá árinu 2014 að frátöldum árunum 2019-2021. Hann starfaði áður en hann kom til VR sem rekstrarstjóri Háskólans á Bifröst og var áður forstöðumaður fyrirtækjasviðs Sparisjóðs Mýrasýslu. Stefán er með meistarapróf í lögfræði frá Háskólanum í Reykjavík, BSc í viðskiptalögfræði, BSc í viðskiptafræði, diplóma í rekstrarfræðum, próf í verðbréfamiðlun og sveinspróf í rafvirkjun.



Jón Ólafur Halldórsson, varaformaður stjórnar, er tilnefndur af SA og tók sæti í stjórn í júní 2020

Jón Ólafur hefur viðtæka reynslu úr atvinnulífinu og sinnir ráðgjafarstörfum ásamt stjórnarstörfum. Hann er formaður stjórnar Samtaka verslunar og þjónustu og situr einnig í stjórn og framkvæmdastjórn Samtaka atvinnulífsins auk annarra stjórnarstarfa. Hann starfaði hjá Olís í 27 ár, þar af sem forstjóri í sjö ár. Jón Ólafur er með B.Sc. í véltækni frá KTH í Kaupmannahöfn, MBA með áherslu á fjármál fyrirtækja og MS í stjórnun og stefnumörkun í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands og AMP diploma frá IESE í Barcelona.



Árni Stefánsson er tilnefndur af Samtökum atvinnulífsins og tók sæti í stjórn árið 2017

Árni er forstjóri Húsasmiðjunnar ehf. Hann hefur viðtæka reynslu af fjölbreyttum störfum í atvinnulífinu og erlendu samstarfi. Þá hefur Árni setið í stjórnnum fyrirtækja og ýmissa samtaka. Árni er viðskiptafræðingur og með MBA-gráðu með áherslu á alþjóðastjórnun ásamt því að hafa lokið margs kyns viðbótáþjálfun og námskeiðum.



Bjarni Þór Sigurðsson er tilnefndur af VR og tók sæti í stjórn 2019

Bjarni Þór starfar sem sérfræðingur í húsnæðismálum hjá ASÍ þar sem hann fer fyrir málaflökknum. Hann hefur setið miðstjórn ASÍ og í stjórn VR og var varaformaður félagsins 2013 til 2017. Bjarni Þór hefur lokið námi í kvikmyndagerð frá CLCF-kvikmyndaskólanum í París og BS í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands.



**Guðrún Ragna Garðarsdóttir er tilnefnd af Félagi atvinnu-
rekenda (FA) og tók sæti sem aðalmaður í stjórn í mars 2022**

Guðrún er framkvæmdastjóri Atlantsolíu og hefur stýrt því fyrirtæki frá 2008. Þar áður starfaði hún við fjármálastjórn í sama fyrirtæki og hjá heildverslun. Guðrún hefur setið í stjórn FA frá 2019 og verið formaður félagsins frá 2021. Hún er menntaður viðskiptafræðingur með cand. oecon frá HÍ auk þess að hafa lokið meistaraþrófi frá EADA, Barcelona í alþjóðafjármálum og MBA frá HÍ.



**Sigrún Helgadóttir er tilnefnd af SA og tók sæti í stjórn í
september 2021**

Sigrún er framkvæmdastjóri Norðuráls á Grundartanga. Hún hefur viðtæka stjórnunarreynslu úr fjármálageiranum en áður en hún hóf störf hjá Norðuráli starfaði hún m.a. hjá Kaupþingi, Kauphöllinni í Ósló og Verðbréfabingi Íslands, nú Nasdaq Ísland. Sigrún er með cand. oecon gráðu í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands og MBA-gráðu frá Norwegian School of Management (BI).



**Helga Ingólfssdóttir er tilnefnd af VR og tók sæti í stjórn í ágúst
2019**

Helga starfar við bókhald og verkefnastjórnun. Hún hefur langa reynslu af sveitarstjórnarmálum sem kjörinn fulltrúi og er jafnframt stjórnarmaður í VR og fulltrúi Landssambands íslenskra verslunarmanna í miðstjórn ASÍ. Áður starfaði Helga m.a. við rekstur eigin fyrirtækis og sem framkvæmdastjóri fyrir erlent fyrirtæki með starfsstöð á Íslandi. Helga er viðurkenndur bókari og hefur lokið rekstrar- og viðskiptanámi frá EHÍ.



**Sunna Jóhannsdóttir er tilnefnd af VR og tók sæti í stjórn í
janúar 2023**

Hún er menntaður viðskiptafræðingur, Cand. Oecon, frá Háskóla Íslands auk þess að hafa lokið diplóma í alþjóðasamskiptum frá sama skóla. Sunna hefur starfað sem verkefnastjóri fjármála hjá Íslensku óperunni frá 2019 en var áður með eigin rekstur í reikningshaldi og tengdri ráðgjöf. Hún hefur einnig starfað við reikningshald og endurskoðun hjá PwC á Íslandi og í Noregi og starfað sem framkvæmdastjóri fjölmiðils. Sunna á sæti í endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar, tilnefnd af stjórn Orkuveitunnar (frá 2014) og hefur setið í stjórn Parkinsonsamtakanna á Íslandi frá 2020.

Framkvæmdastjóri og forstöðumenn

Yfirstjórn sjóðsins er skipuð framkvæmdastjóra og forstöðumönnum sem veita sjö sviðum sjóðsins forstöðu.



Guðmundur P. Þórhallsson framkvæmdastjóri

Hann hefur gegnt starfi framkvæmdastjóra frá árinu 2009. Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur, mótar og innleiðir langtímaáherslur í stefnum sjóðsins og samræmir og samþættir helstu aðgerðir hans. Guðmundur er menntaður viðskiptafræðingur með cand. oecon gráðu frá Háskóla Íslands. Hann starfaði áður við eignastýringu lífeyrissjóðsins frá 1997 og á fjármála-markaði frá 1988.



Tómas Njáll Möller forstöðumaður lögfræðisviðs.

Hann gekk til liðs við LV 2008. Lögfræðisvið veitir stjórn, framkvæmdastjóra og sviðum sjóðsins lögfræðiráðgjöf og vinnur að margþættum viðfangsefnum og hagsmunagæslu. Það veitir ráðgjöf varðandi stjórnarhætti og hefur umsjón með samþættingu sjálfbærni í starfsemi. Á sviðinu starfa þrjú lögfræðingar. Tómas er lögfræðingur, með lögmannsréttindi. Hann hefur m.a. sótt viðbótarmenntun á sviði stjórnunar, stjórnarháttá, verðbréfavíðskipta sem og aðferðafræði ábygrra fjárfestinga og sjálfbærni í rekstri fyrirtækja. Hann hefur áralanga starfsreynslu úr stjórnsýslu, fastanefnd Íslands gagnvart ESB í Brussel, banka og lífeyrissjóðum.



Arne Vagn Olsen forstöðumaður eignastýringar

Hann gekk til liðs við LV 2018. Eignastýring hefur með höndum daglega stýringu eignasafna sjóðsins, þ.m.t. greiningu markaða, fjárfestingarkosta og ákvarðanir um viðskipti auk samskipta við innlenda og erlenda markaðsaðila og útgefendur fjármála-gerninga. Á sviðinu eru átta starfsmenn. Arne Vagn er menntaður sjávarútvegsfræðingur með MBA frá Copenhagen Business School auk þess að hafa lokið prófi í verðbréfaréttindum. Hann hefur starfað á fjármála-markaði frá 1999.



Margrét Kristinsdóttir forstöðumaður lífeyrissviðs

Hún gekk til liðs við LV 1995. Lífeyrissvið annast lífeyrisráðgjöf, mótar og innleiðir þróun lífeyrisafurða og úrskurð lífeyris. Sérreignardeildir sjóðsins eru hluti af lífeyrissviði. Á sviðinu starfa sex starfsmenn auk þess sem sviðið nýtur þjónustu þriggja trúnaðarlækna. Margrét er með meistara-gráðu í rekstrahagfræði frá Universitát Trier í Þýskalandi auk þess að hafa lokið prófi í verðbréfaréttindum. Áður en hún kom til LV starfaði hún sem framkvæmdastjóri fyrirtækis á neytendamarkaði.



Magnús Helgason forstöðumaður áhættustýringar

Hann gekk til liðs við LV 2015. Áhættustýring mótar og innleiðir áhættu- og áhættustýringarstefnu sjóðsins, framkvæmir áhættumat og greiningar og kemur að mótun og framkvæmd eftirlitskerfis sjóðsins. Í áhættustýringu starfa þrír starfsmenn. Magnús er menntaður tölvunarfræðingur og með meistaraþráðu í fjármálum og fjárfestingum auk þess að hafa lokið prófi í verðbréfaréttindum. Hann hefur starfað við áhættustýringu í fjármálakerfinu frá 2010.



Valgarður I. Sverrisson forstöðumaður fjármálasviðs

Hann gekk til liðs við LV 1986. Fjármálasvið ber m.a. ábyrgð á fjárhagsbókhaldi, miðvinnslu og greiðslu reikninga og kemur að gerð ársreiknings. Á fjármálasviði eru fimm starfsmenn. Valgarður er með meistaraþráðu í rekstrarhagfræði (MBA) frá McGill University Montreal auk þess að hafa lokið prófi í verðbréfaréttindum.



Haraldur Arason forstöðumaður upplýsingatækisviðs

Hann gekk til liðs við LV 1986. Upplýsingatækisvið þróar upplýsingakerfi sjóðsins, hefur umsjón með útvistun, notendabjónustu og rekstri tölvukerfa. Á sviðinu eru sjö starfsmenn. Haraldur er menntaður tölvunarfræðingur frá Háskóla Íslands og starfaði við rekstur tölvukerfa áður en hann hóf störf hjá sjóðnum.



Hildur Hörn Daðadóttir forstöðumaður rekstrarsviðs

Hún gekk til liðs við LV 2021. Rekstrarsvið annast innri og ytri þjónustu. Á sviðinu eru 26 starfsmenn í sex deildum: gæðastjórn, mannauður, þjónustuver, kynningar og markaðsstarf, skráning iðgjalda og lánadeild. Hildur Hörn er með BS í hótélstjórnun frá UNLV í Bandaríkjunum og MBA í alþjóðastjórnun frá Háskólanum í Reykjavík ásamt því að hafa lokið námskeiði á sviði sjálfbærni í rekstri frá University of Oxford. Hún hefur reynslu af fjölbreyttum störfum úr ýmsum atvinnugeirum þó lengst af hjá fjármálamörkuðum.

Nánar um stjórnarhætti LV, hlutverk hans og regluverk stjórnkerfis sjóðsins

Ítarlega er fjallað um hlutverk LV, stjórnarhætti og einstaka þætti stjórnkerfis sjóðsins, reglur LV og lagareglur í árlegri stjórnarháttayfirlýsingu sjóðsins sem birt er í viðauka við skýrslu þessa sem fylgir VII. kafla um sjálfbærni í starfsemi LV.

Óliver og Sýlvía og lífeyrismál ungs fólks

Óliver og Sýlvía voru í sumarstörfum hjá okkur og deildu með okkur því sem þeim fannst mikilvægast fyrir ungt fólk að vita um lífeyrismál í stuttum myndböndum. Myndböndin hafa fengið góð viðbrögð sjóðfélaga og eru aðgengileg bæði á [live.is](#) og á samfélagsmiðlum.



VII. Um sjálfbærni í starfsemi

Staðan, áskoranir, vegferðin, áhersluverkefni og UFS upplýsingar

Í ár eru sjálfbærniupplýsingar samþættar í annað sinn við aðra upplýsingagjöf í ársskýrslu í takt við aðferðafræði samræmdrar skýrslugjafar eins og fjallað er nánar um hér á eftir.


Í þessum kafla er umfjöllun um nokkra þætti sem varða áherslur á sjálfbærni í starfsemi LV, vegferð sjóðsins í þeim efnum sem og upplýsingar um UFS-þætti með vísan til staðals GRI – Global Reporting Initiative.

Þá fylgir kaflanum einnig stjórnarháttayfirlýsing sjóðsins.

Sjálfbærni í starfseminni

Sjálfbærni: Hugtakið sjálfbærni getur verið margþætt hugtak en með sjálfbærni er hér vísað til jafnvægis þriggja grunnstoða sjálfbærni í rekstri: efnahags, samfélags og umhverfis. Sjálfbærni felst meðal annars í því að samfélagið geti þróast og mætt þörfum samtímans án þess að dregið sé úr möguleikum komandi kynslóða til að fullnægja þörfum sínum.

Grunnþættir sjálfbærni



LV greinir áherslur á sjálfbærni í starfsemi sinni eftir þremur stoðum: rekstri, lífeyris-afurðum og eignasöfnum.

Efnistöð skýrslunnar taka nokkuð mið af því, sbr. umfjöllun í þessum kafla og öðrum köflum skýrslunnar. Í umfjöllun hér á eftir er gerð grein fyrir nokkrum áhersluverk-efnum sem varða sjálfbærni í starfsemi sjóðsins með skírskotun til heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.

Reglur og viðmið

Upplýsingagjöf um svonefndar „ófjárhagslegar“ upplýsingar sem er í auknum mæli vísað til sem sjálfbærniupplýsinga og hafa í raun verulega fjárhagslega þýðingu, tekur mið af ákvæðum laga um ársreikninga,¹³ einkum greinum 66 og 66-d. Einnig er stuðst við staðla GRI¹⁴ – Global Reporting Initiative og horft til heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun¹⁵ og Parísarsáttmálann frá 2015.¹⁶ Við uppbyggingu skýrslunnar er stuðst við leiðbeiningar um samþætta skýrslugerð (e. Integrated Reporting – IR)¹⁷ og horft til mikilvægisgreiningar sem var unnin í ársbyrjun 2022. Þá er stuðst við leiðbeiningar reikningsskilaráðs um skýrslu stjórnar, útgefnar 16. febrúar 2022¹⁸, við gerð skýrslu stjórnar og árs- og sjálfbærnisráðs.

Hvað tilvísun til GRI varðar er vísað til GRI Standards tilvísunartöflu sem er sett fram í samræmi við „GRI Universal Standards 2021“ og „GRI Topic Standards“ og tekur á atriðum samkvæmt „GRI – Content Index with reference“. LV er þannig með tilvísanir í viðeigandi kafla í árs- og sjálfbærnisráðs skýrslu þar sem greint er frá áherslum viðkomandi lykilþátta og birtir auk þess sérstakan viðauka með upplýsingum um einstök atriði.

Aukin áhersla á samþætta skýrslugjöf (e. integrated reporting) birtist m.a. í því að efniskaflar sem áður voru í sjálfstæðri sjálfbærnisráðs skýrslu eru samþættir við umfjöllun í einstökum köflum árs- og sjálfbærnisráðs skýrslu. Þessi vegferð, sem ekki er lokið, er lið-ur í að laga upplýsingagjöf og starfsemi sjóðsins að breyttu starfsumhverfi og þróun regluverks og gefa heildstæða mynd af starfsemi hans hvað sjálfbærniáherslur varðar.

Eftir sem áður eru í þessum kafla m.a. yfirlit yfir verkefni sem tengjast heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun, GRI-tilvísunartafla og umfjöllun um tiltekna UFS-þætti sem varða rekstur sjóðsins í viðauka.

¹³ [Lög um ársreikninga](#)

¹⁴ [GRI - Home \(globalreporting.org\)](#)

¹⁵ [Heimsmarkmið I Heimsmarkmiðin \(heimsmarkmidin.is\)](#)

¹⁶ [The Paris Agreement | UNFCCC](#)

¹⁷ [Integrated Reporting](#)

¹⁸ [Útgefið efni – Reikningsskilaráð \(reikningsskilarad.is\)](#)

Áhersluatriði árið 2023 og áskoranir og tækifæri fram undan

Árið 2023: Á árinu 2023 var áhersla lögð á innleiðingu löggjafar um ábyrgar fjárfestingar, einkum reglugerð ESB um upplýsingagjöf tengda sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu (SFDR).

Þá var lokið við innleiðingu stefnu LV um ábyrgar fjárfestingar. Á eignastýringarsviði var stofnað sjálfbærniteymi sem vinnur að greiningum á ábyrgum fjárfestingu í samstarfi við stjórn, framkvæmdastjóra, lögfræðisvið, áhættustýringarsvið og önnur svið sjóðsins. Áhersla hefur verið á uppbyggingu gagnagrunna, greiningarvinnu og miðlun upplýsinga.

Yfirlit verkefna: Í yfirlitinu um verkefni tengd heimsmarkmiðunum, síðar í þessum kafla, er gerð grein fyrir ákveðnum áhersluverkefnum sem unnið hefur verið að á árinu og verkefnum sem unnið verður áfram að á komandi árum. Þau varða rekstur, lífeyrisafurðir og eignasöfn.

Fram undan: Hvað starfsemi LV varðar almennt er áhersla lögð á áframhaldandi fræðslu til stjórnar og þeirra stjórnenda og sérfræðinga sem koma að sjálfbærni í starfsemi sjóðsins.

Varðandi áhersluatriði á liðnu ári og áskoranir og tækifæri er vísað til viðkomandi efniskafla framar í skýrslunni. Þar má sjá að þó margt hafi áunnist er vegferðinni ekki lokið.

Á árinu 2024 verður haldið áfram að innleiða lög og verklag varðandi ábyrgar fjárfestingar og styrkja áfram þekkingu og færni sjóðsins á því sviði. Það er mikilvægt þar sem langmestur hluti áhrifabátta varðandi sjálfbæra þróun tengist eignasöfnum sjóðsins.

Þótt bein áhrif séu mest í tengslum við eignasöfnin þegar kemur að sjálfbærni skiptir máli að gæta einnig að þeim áherslum í starfsemi sjóðsins almennt. Það er gömul saga og ný að til að ná árangri út á við þarf að gæta þess að hafa hlutina í góðu lagi heima hjá sér.


Áfram verður því lögð áhersla á samþættingu aðferðafræði sjálfbærni í allri starfsemi sjóðsins, m.a. með fræðslu til stjórnar, stjórnenda og annars starfsfólks. Miðað er við að uppfæra mikilvægisgreiningu fyrir sjóðinn í samræmi við aðferðafræði tvöfaldrar mikilvægisgreiningar. Einnig að stjórn setji sjóðnum almenna stefnu um sjálfbærni í starfsemi með viðeigandi stefnuviðmiðum og markmiðum.

Langflestir skoða og skilja yfirlitin sín

Samkvæmt könnun svöruðu 4 af hverjum 5 sjóðfélögum því til að þeir skoðuðu yfirlitið sitt alltaf eða oftast. Flestir eða 73% sögðust skilja efnið vel en góðar ábendingar bárust um að bæta við nánari útskýringum sem voru útfærðar sem spurt og svarað um yfirlit frá sjóðnum á [live.is](#).

Áfangar í sjálfbærni vegferð

Á árinu 2023 var haldið áfram á sjálfbærni vegferð sjóðsins. Yfirlitið gefur mynd af henni en enn er ýmislegt óunnið og margar áskoranir fram undan.








Efla lífsgæði og grunnþarfir

Markmið 5: Jafnrétti kynjanna og 10: Aukinn jöfnuður



Áherslumarkmið	Aðgerð	Viðmið	Stöðumat	Staða
REKSTUR				
Efla jafna stöðu kynja og jöfn tækifæri.	Að starfsfólk hafi nýtt sér þau tækifæri sem jafnréttisáætlun sjóðsins felur í sér.	Mæla árangur og kynna niðurstöður fyrir starfsfólki.	Árangur markmiða jafnréttisáætlunar er reglulega metin, niðurstöður rýndar og kynntar.	
	Að starfsfólk hafi nýtt sér þau tækifæri sem jafnréttisáætlun sjóðsins felur í sér.	Skilgreina umbótatillögur þar sem við á.	Rýni stjórnenda er framkvæmt reglulega þar sem umbótatillögur fá umræðu og úrlausn.	
Styðja við heilsu og öryggi starfsfólks.	Efla forvarnarstarf innan sjóðsins og bæta upplýsingamiðlun til starfsfólks.	Hliðni við lög um vinnuvernd, lög nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.	Setja á laggirnar formlegt öryggisráð í samræmi við lög nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum	
Efla þekkingu og færni starfsfólks.	Útfæra fræðsluáætlun til tveggja ára með áherslu á stafræna færni starfsfólks, almennar hæfni og einstaklingsbundna starfsþróun.	Huga að einstaklingsmiðaðri fræðslu og starfsþróun með áherslu á hæfniviðmið sjóðsins.		
Efla jafna stöðu kynja og jöfn tækifæri.	Innleiðing jafnlaunakerfis í samræmi við ÍST85:2012.	Auka gagnsæi jafnlaunakerfis sjóðsins fyrir starfsfólk.	Launaúttekt er framkvæmd reglulega og kynnt starfsfólki.	
Efla þekkingu og færni starfsfólks.	Auka fjölbreytni fræðsluáætlunar með áherslu á stafrænt nám og persónubundna starfsþróun.	Auka fjölda fræðslustunda í boði. Fjölgja efnistöðum fræðslu.	Yfir tvöfalt fleiri fræðslustundir í boði á árinu frá fyrra ári. Starfsfólki boðinn aðgangur að stafrænu fræðslutorgi með fjölbreyttum efni.	

Áherslumarkmið	Aðgerð	Viðmið	Stöðumat	Staða
LÍFEYRIR				
Leggja áherslu á aðgengi upplýsinga sjóðfélaga.	Bæta upplýsingamiðlun um lífeyrismál á fleiri tungumál til að þjóna stækkandi hópi sjóðfélaga sem eru ekki með íslensku sem móðurmál.	Útfæra Mínar síður á fleiri tungumálum.	Unnið að uppfærslu efnis yfir á ensku og áætlað að verði að fullu klárað árið 2024.	
	Vinna að umbótum yfirlits iðgjalda og réttinda lífeyris á sjóðfélagavef.	Að yfirlit verði að fullu aðgengileg á sjóðfélagavef með framreiknuðum upplýsingum um mögulegan lífeyrir miðað við mismunandi aldur.	Yfirlit nú aðgengileg á Mínum síðum. Framreikningur og einfaldari uppsetning á yfirliti iðgjalda verið útfært.	
EIGNASÖFN				
Innleiða stefnu og aðferðarfræði fyrir greiningu á UFS þáttum í fjárfestingarferli og umsýslu eignasafna.	Uppfæra hluthafastefnu LV m.t.t. stefnu um ábyrgar fjárfestingar.	Uppfæra gildandi hluthafastefnu.	Ný hluthafastefna hefur verið birt og kynnt .	
	Innleiðing ítarlegri framkvæmdar UFS greiningar í fjárfestingarferli og við umsýslu eignasafna.	Útfærsla innri viðmiða varðandi UFS greiningar í fjárfestingarferli og við umsýslu eignasafna.	Framkvæmd stefnu um ábyrgar fjárfestingar er viðvarandi og eru sjálfbærnisgreiningar hluti af daglegri vinnu eignastýringar. Hluti af þeirri vinnu snýr að því að skilgreina lykilþætti svo unnt sé að meta sjálfbærnisframmistöðu útgefenda.	
Efla upplýsingagjöf um ábyrgar fjárfestingar.	Móta verklag um birtingu upplýsinga um greiningu á sjálfbærniþáttum í eignasöfnum LV.	Birta upplýsingar um framvindu greininga á sjálfbærniþáttum eignasafna LV, sem og eftirfylgni með góðum stjórnháttum.	Í vinnslu er nánari útfærsla upplýsingagjafar tengt sjálfbærniþáttum.	

Góð atvinna og nýsköpun

Markmið 8: Góð atvinna og hagvöxtur og 9: Nýsköpun og uppbygging



Áherslumarkmið	Aðgerð	Viðmið	Stöðumat	Staða
LÍFEYRIR				
Fylgjast með þróun sem leiðir af breyttri samfélagsgerð/fjölskyldugerð.	Vinna að því að nýta starfrænar dreifileiðir til fulls.	Aukin nýting sjóðfélaga veifs og samfélagsmiðla til upplýsingagjafar.	Upplýsingagjöf hefur verið bætt á uppfærðum vef live.is. Myndbönd hafa verið útfærð og dreift til sjóðfélaga og á helstu miðlum. Markviss upplýsingagjöf til sjóðfélaga er viðvarandi verkefni.	
Efla nýsköpun í vöruúrvali/þjónustuleiðum sjóðfélaga	Greina og kynna betur möguleika sjóðfélaga á sveigjanlegum starfslokum, m.a. samþættingu lífeyris og vinnu.	Uppfæra upplýsingar, áherslur í ráðgjöf og virkni lífeyrisreiknivélar LV.	Vinna við uppfærslu á reiknivélum komin langt á veg. Sérhæfðar kynningar um starfslok og uppbyggingu sparnaðar eru í boði fyrir vinnustaði og samtök.	
	Auka áherslu á mikilvægi samhengis traustrar fjárhagslegrar afkomu við starfslok, sterkar félagslegrar stöðu og góðrar heilsu.	Hvetja sjóðfélaga til að huga að samhengi fjármála, heilsu og félagslegrar stöðu við starfslok.	Lögð hefur verið aukin áhersla á heildarmyndina við undirbúning starfsloka í kynningum og í lífeyrisráðgjöf.	
EIGNASÖFN				
Auka áherslu á eignir sem styðja við nýsköpun, aukna sjálfbærni og ábyrga virðiskeðju.	Fylgjast með og styðja við áherslur fyrirtækja í þróun nýrra lausna til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og auka sjálfbærni í rekstri almennt. Litið er til rótgrónna fyrirtækja sem og nýsköpunarfyrirtækja.	Nýta eigendaáhrif til að styðja við rannsóknir og þróun í rekstri tengdri sjálfbærni.	Áherslur koma að nokkru magni fram í stefnu sjóðsins um ábyrgar fjárfestingar og í hluthafastefnu. Horft er til þessa þátta við innleiðingu á sjálfbærnilöggjöf.	
	Greina tækifæri í fjárfestingum tengdum nýsköpun í lausnum sem stuðla að sjálfbærum rekstri fyrirtækja.	Virkja tækifæri sem felast í aðild LV að CIC og tengdum verkefnum. Kynna áfanga fyrir haghöfum.	Aðferðarfræði ábyrgra fjárfestinga hefur verið innleidd. Sjálfbærniupplýsingagjöf til haghafa er í samræmi við samevrópsk regluverk um flokkunarkerfi.	

Samvinna og réttlæti


Markmið 17: Samvinna um markmiðin



Áherslumarkmið	Aðgerð	Viðmið	Stöðumat	Staða
REKSTUR				
Efla samstarf við haghafa um sjálfbæra þróun.	Próa áfram upplýsingagjöf sjálfbærni í samræmi við alþjóðlega staðla.	Próa áfram upplýsingagjöf GRI staðalsins og bæta upplýsingagjöf.		
	Markviss fræðsla til starfsfólks um sjálfbærni og hvernig sjóðurinn getur stutt við heimsmarkmiðin.	Samþætta áherslumarkmið enn frekar inn í dagleg störf starfsfólks.	Þematengd fræðsla og vinnustofur með starfsfólki til að samþætta áherslumarkmið enn frekar inn í dagleg störf.	
EIGNASÖFN				
Efla samstarf um ábyrgar fjárfestingar og samþættingu UFS greininga í fjárfestingarferlinu.	Áframhaldandi þátttaka í samstarfsvettvangi um ábyrgar fjárfestingar.	Aðild að samtökum og öðru samstarfi varðandi ábyrgar fjárfestingar.	Starfsmenn taka virkan þátt í starfi og sitja meðal annars í stjórnnum IcelandSIF og Festu - miðstöðvar um sjálfbærni. LV hefur verið aðili að CIC (Climate Investment Coalition) frá 2020, UN PRI (Principles for responsible investment) frá 2006, Festu frá 2019, Loftslagssamningi Reykjavíkurborgar frá 2020 og tók þátt í stofnun IcelandSIF (Iceland Sustainable Investment Forum) 2016. Starfsmenn sækja reglulega námskeið og viðburði þessara og fleiri aðila.	

Sjálfbær nýting náttúruauðlinda- og loftslagsmál

Markmið 12: Ábyrg neysla og framleiðsla og 13: Aðgerðir í loftslagsmálum



Áherslumarkmið	Aðgerð	Viðmið	Stöðumat	Staða
REKSTUR				
Áhersla á að draga úr gróðurhúsalofttegundum tengdum rekstri.	Útgáfa heildstæðrar stefnu LV um sjálfbærni í rekstri, lífeyri og eignasöfnum.	Útgáfa og innleiðing.		
Styðja við sjálfbærni við kaup á aðföngum.	Yfirfara samninga m.t.t. stefnuviðmiða innkaupastefnunnar og lista umbótatækifæri í innkaupum m.t.t. jákvæðra áhrifa þeirra á umhverfið.	Útfæra mælikvarða virðisæðju innkaupa, setja markmið um og mæla.		
Áhersla á að draga úr gróðurhúsalofttegundum tengdum rekstri.	Kynna samgöngustyrk og fjölga þeim sem nýta sér styrkinn.	30% fleiri nýti sér samgöngustyrk á árinu.	Tvöfalt fleira starfsfólk er að nýta samgöngustyrkinn.	
EIGNASÖFN				
Auka áherslu eignasafna á sjálfbæra nýtingu auðlinda, vistkerfa og stöðugleika í loftslagsmálum.	Innleiða viðmið við greiningu umhverfisþátta eignasafns sem hluta af stefnu sjóðsins um ábyrgar fjárfestingar.	Kynna áherslur varðandi greiningu og mælingu á vistsporum eignasafna LV.	Sem hluti af greiningum á sjálfbærniþáttum safnar LV gögnum og upplýsingum um umhverfisþætti útgefenda í safni, m.a. um Umfang 1, 2 og 3. Útreikningur á kolefnisfótspori eignasafna LV er birtur að hluta nú í árs- og sjálfbærnisýrslu.	
	Framkvæma áhættumat varðandi áhrif loftslagsáhættu á starfsemi LV (TCFD).	Kynna niðurstöðu áhættumats byggt á TCFD.	LV framkvæmdi áhættumat á loftslagsáhættu fyrir innlenda hluta eignasafna sjóðsins. Áhættumatið var unnið þvert á starfssvið og voru niðurstöður kynntar stjórn, stjórnendum og starfsfólki lífeyrissjóðsins.	
	Setja markmið varðandi þróun vistspora eignasafna LV.	Kynna markmið varðandi minnkun gróðurhúsalofttegunda í eignasöfnum LV til lengri tíma.	Unnið verður að því að kortleggja vistspor eignasafna sjóðsins og eftir atvikum sett markmið. Til skoðunar er að útvíkka viðmið varðandi mat á vistpori eignasafna.	
	Innleiðing og þróun stefnu um útilokun fjárfestingarkosta.	Ljúka innleiðingu og þróa áfram stefnuna. Kynna áfanga í því verkefni.	Stefna um útilokun fjárfestingarkosta í eignasafni er í fullri framkvæmd og niðurstöður birtar ársfjórðungslega.	

Rekstur LV og UFS þættir

Hér er fjallað um rekstur LV með tilliti til UFS-viðmiða, umhverfisþátta, félagslegra þátta og stjórnarháttanna. Umfjöllunin byggist meðal annars á þeim viðmiðum sem eru í GRI og eiga við starfsemina. Sjóðurinn hefur skrifstofur í Reykjavík og eru UFS-þættir vegna þeirrar starfsaðstöðu skoðaðir. Þetta er sjötta árið sem LV miðlar upplýsingum um UFS-þætti reksturs.

Umhverfisþættir og verndun loftslags

LV leggur áherslu á að draga úr óæskilegum umhverfisáhrifum starfseminnar og stuðla að jákvæðum áhrifum á starfsfólk, samstarfsaðila og aðra haghafa. Starfsemi og rekstur skrifstofu sjóðsins hefur óveruleg umhverfisáhrif en þó er lagt kapp á að stuðla að bættri umhverfisvitund með það að markmiði að minnka kolefnisspor sjóðsins. Við greiningu og uppgjör vegna losunar gróðurhúsalofttegunda er byggt á svonefndum GHG-staðli (e. The Greenhouse Gas Protocol).

Samkvæmt staðlinum er mælingum skipt í umfang:

Umfang 1 mælir beina losun frá kjarnastarfsemi.

Umfang 2 mælir óbeina losun vegna orkukaupa.

Umfang 3 nær til annarrar óbeinnar losunar.

Við útreikninga var stuðst við losunarstuðla frá birgjum. Losunarstuðlar umfangs 2 byggjast á stuðlum frá Veitum og ON. Við útreikninga á umfangi 3 var notast við losunarstuðul Umhverfisstofnunar fyrir úrgang, reiknivél Ícelandair fyrir flug og meðalútblástur fólksbíla frá Orkusetrinu fyrir árið 2023.

Fyrir ferðavenjur starfsfólks var notast við upplýsingar úr könnun meðal starfsfólks sem var framkvæmd í upphafi árs 2023 þar sem meðal annars var spurt um ferðamáta, vegalengdir og fjölda daga sem viðkomandi mætir til vinnu á ári.

Losun gróðurhúsalofttegunda

Engin bein losun reiknast af rekstri sjóðsins. Sjóðurinn á engar bifreiðar og reiknast því engin bein losun vegna eigin ökutækja og eldsneytiskaupa.

Óbein losun, sem fellur undir umfang 2, reiknast vegna rafmagns- og vatnsnotkunar á skrifstofu. Önnur óbein losun, sem fellur undir umfang 3, sýnir losun vegna úrgangs, reiknaðar tölur vegna ferðavenja starfsfólks til og frá vinnu og ferðir á vinnutíma, flugferðir og utanlandsferðir. Tölur vegna úrgangs eru áætlaðar út frá heildarúrgangi og fjölda starfsfólks. Áhersla er lögð á flokkun úrgangs sem fellur til í rekstri LV í samræmi við nýtt flokkunarkerfi sem kynnt var um mitt árið.

Starfsfólk flokkar og skilar til endurvinnslu raf- og rafeindatækjum sem eru ekki lengur notuð við rekstur. Prentský hefur verið notað til margra ára til að draga úr pappírnotkun og unnið er markvisst að því að uppfæra ferla sem styðja við það. Töluvert hagræði hlaut af heimild til að senda út lífeyrisyfirlit með rafrænum hætti en lífeyrissjóðum var skylt samkvæmt lögum að senda slík yfirlit á pappír tvisvar á ári. Höfum við nú í tvígang sent yfirlitin á Mínar síður og má búast við því að fleiri samskipt sem áður voru send á pappír verði aðgengileg með sambærilegum hætti. Pappírnotkun var 338.760 blaðsíður árið 2023 og hefur farið minnkandi ár frá ári.

Förgun úrgangs er sameiginleg með annarri starfsemi í húsinu og útreikningar miðast við hlutfall LV af fjölda starfsmanna. Vegna eðlis starfsemi LV má reikna með að minni úrgangur falli til vegna starfseminnar heldur en t.d. frá verslunum í húsinu. Hins vegar vantar áreiðanlegar tölur svo hægt sé að taka það með í reikninginn. Umfang 3 er því byggt að verulegu leyti á áætluðum tölum.

Terra annast förgun úrgangs og mælingar.

Umhverfisstarfsemi, loftslagseftirlit og mildun loftslagsáhættu

LV hefur fylgst með kolefnisfótspori rekstursins frá árinu 2019 en eins og fram hefur komið eru óveruleg umhverfisáhrif af rekstri LV, einkum í samhengi við áhrif eignasafna LV. GHG-staðallinn er nýttur við útreikninga umhverfisáhrifa rekstursins. Fylgst er með losun úrgangs, endurvinnslu og umhverfisáhrifum vegna ferða starfsfólks þar sem mestra áhrifa gætir. Orkustjórnunarkerfi hefur ekki verið innleitt fyrir reksturinn.

Sjóðurinn getur einna helst beitt sér fyrir mildun umhverfisáhættu með markvissu eftirliti og stýringu eignasafna í ábyrgar fjárfestingar.

Vaxandi samfélagsmiðlun

Sjóðurinn hefur lengi haldið úti síðu á Facebook þar sem fréttum er miðlað. Nýlega hafa LinkedIn og Instagram síður bæst við auk þess sem myndbönd sjóðsins og upptökur má finna bæði á Vimeo og Youtube.

Félagslegir þættir

LV leggur áherslu á að sjóðurinn sé fyrirmyndarvinnustaður, skipaður öflugri liðsheild sem býr yfir góðri þekkingu, reynslu og hæfni. Stefnum og lykilverlar mannauðs eiga að styðja við heilbriggt starfsumhverfi þar sem velferð og öryggi starfsfólks er í fyrirrúmi.

Jafnlaunavottun

Árið 2023 var annað árið sem við unnum eftir jafnlaunakerfi gæðastaðalsins ÍST85:2012. Áður hafði sjóðurinn fengið jafnlaunavottun VR og unnið samkvæmt þeim gæðaviðmiðum frá árinu 2014. Jafnlaunamarkmið ársins náðust en sjóðurinn hafði sett sér það markmið að útrýma óútskýrðum launamun kynjanna sem mældist 1,4%.

Virk endurgjöf og fræðsla

Sjóðurinn hlaut viðurkenningu sem mannauðsþenkjandi vinnustaður frá HR Monitor og er þar á meðal leiðandi íslenskra vinnustaða að uppfylltum skilyrðum um reglulegar mælingar meðal starfsfólks og úrvinnslu umbóta. Reglulegar mælingar eru okkur mikilvægar til að mæla árangur á mælikvörðum sem snúa að vinnustaðnum og finna má meðal annars í mannauðsstefnu sjóðsins. Þá er ekki síður mikilvægt að geta brugðist hratt og örugglega við ábendingum starfsfólks um það sem huga þarf betur að.

Eitt af áherslumarkmiðum sjóðsins fyrir árið var að fjölga efnistöku fræðslu sem og fræðslustundum á árinu. Rýni var framkvæmd meðal starfsfólks og var í kjölfarið ákveðið að huga betur að einstaklingsmiðaðri fræðslu. Gerður var samningur við stafrænt fræðslutorg og starfsfólki boðinn aðgangur en þar er að finna fjöldann allan af efni frá alþjóðlegum háskólum og fyrirtækjum. Fræðsluáætlun sjóðsins er ekki síður til þess fallin að auka hæfni og stuðla að vellíðan starfsfólks til jafns við fræðslu um bætt öryggi í rekstri sjóðsins.

Framúrskarandi teymi

Framúrskarandi teymi er eitt af leiðarljósunum í stefnu sjóðsins. Með því er lögð áhersla á öfluga liðsheild í hvetjandi umhverfi. Sjóðurinn tekur sífellt breytingum sem vinnustaður og hefur þróast í takt við aukið umfang starfseminnar og flóknara starfsumhverfi. Starfsfólki hefur einnig fjölgað. Nýtt starfsfólk og ný störf hafa fært sjóðnum nýja þekkingu og breiðari sýn. Þetta eykur getu LV til að sinna hlutverki sínu og takast á við áskoranir sem fylgja örum vexti og sibreytilegu starfsumhverfi. Starfsmannavelta síðustu tvö ár hefur verið óvenjuleg hjá sjóðnum og geta ástæður starfsmannaveltu verið margvíslegar líkt og fram kemur í starfslokasamtölum sem bjóðast þeim sem kjósa að hætta störfum. Vel gekk að ráða nýtt starfsfólk og ánægjuefni hversu vel gekk að manna stöður öflugum starfsfólki líkt og raun ber vitni. Hjá sjóðnum er ekki um að ræða starfsfólk í hlutastarfi né í verktöku eða í ráðgjöf. Það má þó nefna að sjóðurinn hefur ráðið til sín háskólanemendur í afleysingar á orlofstímanum og hafa slík tímabundin störf stundum leitt til fastráðningar að námi loknu.

Stjórnarhættir

Áhersla er á góða stjórnarhætti við stefnumótun og daglega stjórnun. Haghafar fá upplýsingar um stjórnarhætti sjóðsins í árs- og sjálfbærnisráðgjöf og stjórnarháttayfirlýsingu sem er birt í kafla þessum og á vef sjóðsins. Stjórnarháttayfirlýsing árið 2023 er byggð á lögum og reglum sem voru í gildi þegar stjórn og framkvæmdastjóri staðfestu ársreikning sjóðsins. Þar er sérstaklega litið til þeirra ákvæða laga nr. 129/1997 sem lúta að stjórnarháttum lífeyrissjóða, ákvæðum samþykktu sjóðsins, reglum FME þar um, m.a. reglum nr. 335/2015 um ársreikninga lífeyrissjóða og 6. útgáfu leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja útgefnum af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland og Samtökum atvinnulífsins.

Starfskjör

Stjórn setur starfskjarastefnuna sem staðfest er á ársfundi og birt á vefsíðu sjóðsins. Stefnan byggist á samþykktum lífeyrissjóðsins, sjónarmiðum sem koma fram í leiðbeiningum um góða stjórnarhætti og meginreglum sem liggja til grundvallar 79. gr. a í lögum nr. 2/1995 um hlutafélög. Stefnan er hluti af reglum sem leggja grunninn að góðum stjórnarháttum LV, verðmætasköpun og þjónustu við sjóðfélaga. Hún hefur einnig þann tilgang að gera sjóðinn að eftirsóknarverðum vinnustað þar sem starfar hæft og reynt starfsfólk. Þetta er grundvöllur þess að rekstur sjóðsins sé samkeppnisfær og í samræmi við bestu viðmið.

Starfskjör hjá sjóðnum byggjast fyrst og fremst á föstum greiðslum og eru launaákvæðanir í samræmi við gæðakerfi launa sem hefur hlotið vottun í samræmi við jafnlaunastaðalinn ÍST85:2012. Stjórnarlaun eru föst krónutala sem er endurskoðuð árlega í samræmi við samþykktir sjóðsins. Stjórnendur eru á föstum heildarlaunum. Ekki er greitt fyrir aukavinnu nema í undantekningartilfellum. Í ráðningarsamningum annars starfsfólks kemur fram hvort um sé að ræða föst heildarlaun eða laun þar sem greitt er fyrir yfirvinnu. Kaupaukar eru því hvorki hluti af starfskjörum stjórnar né starfsfólks. Starfsfólk er aðilar að stéttarfélagi og eru kjör ákvörðuð út frá kjarasamningum og gildandi starfskjarastefnu.

Síðareglur og aðgerðir gegn mútum og spillingu

Stjórn lífeyrissjóðsins og starfsfólk hans er meðvitað um þá ábyrgð sem fylgir umsjón með fjármunum sjóðfélaga. Til að gæta að hæfisreglum, rétttri meðferð fjármuna og þáttum eins og spillingu og mútumálum hafa verið settar margþættar reglur sem starfsfólki ber að fara eftir í störfum sínum fyrir sjóðinn.

Helstu stefnur og reglu sem hafa verið settar

- Siða- og samskiptareglur fyrir starfsfólk og stjórnarmenn. Reglurnar eiga að styðja við vönduð vinnubrögð, draga úr hættu á hagsmunarárekstrum og auka öryggi í meðferð fjármuna sjóðsins. Í reglunum er m.a. fjallað um góða starfshætti, hagsmunarárekstra, meðferð trúnaðarupplýsinga, gjafir, boðsferðir og starfstengdar ferðir.
- Reglur um uppljóstrun vegna mögulegra svika eða misferlis starfsfólks.
- Reglur um viðskipti stjórnar og starfsfólks með fjármálagerninga.
- Reglur um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.

Sjóðurinn leggur áherslu á fagmennsku, áræðni og samviskusemi. Þetta birtist m.a. í vandaðri eigna- og áhættustýringu, eftirfylgni með fyrirtækjum sem fjárfest er í og áherslu á góða stjórnarhætti. Lífeyrissjóðurinn gerir kröfu um að fyrirtæki sem hann fjárfestir í fylgi lögum og reglum sem gilda um starfsemi þeirra og virði þannig lagareglur og viðmið um siðferði og sporni við hvers kyns spillingu.

Í viðskiptum við birgja LV er leitast við að velja birgja sem starfa eftir sömu gildum og sjóðurinn. Þá er m.a. litið til siðferðis, gæðamála, öryggismála og hugbúnaðarferla. Ekki hafa verið settar formlegar siðareglur fyrir birgja rekstrar.

Samkeppnisréttaráætlun LV

Stjórn og stjórnendur Lífeyrissjóðs verzlunarmanna (LV) leggja áherslu á að starfsemi sjóðsins sé í góðu samræmi við gildandi samkeppnislög og viðurkennd viðmið í samkeppnisrétti. Með innleiðingu samkeppnisáætlunarinnar í janúar 2022 var lögð áhersla á að tryggja fylgni við samkeppnislög og lágmarka hættu á árekstrum við ákvæði samkeppnislaga vegna ákvarðana eða annarrar starfsemi LV. Í hluthafastefnu LV leggur sjóðurinn áherslu á að í samskiptum sé gætt þeirra sjónarmiða sem samkeppnislög og virk samkeppni byggjast á.

Persónuvernd

Í starfsemi LV er nauðsynlegt að vinna með ýmiss konar persónuupplýsingar sem varða m.a. sjóðfélaga. Sjóðurinn safnar persónuupplýsingum um sjóðfélaga fyrst og fremst til að uppfylla skyldur sínar á grundvelli heimildar/skyldu í lögum, kjarasamnings eða á grundvelli annarra lögmætra hagsmuna sjóðsins.

LV hefur einsett sér að tryggja áreiðanleika, trúnað og öryggi persónuupplýsinga sjóðfélaga. Sjóðurinn skuldbindur sig til að vinna persónuupplýsingar um sjóðfélaga löglega, af sanngirni og gagnsæi. Upplýsingum verði aðeins safnað í tilteknum, sérstökum og lögmætum tilgangi og að söfnun og vinnsla gangi ekki lengra en þörf krefur miðað við tilgang vinnslunnar. Vinnsla skal í öllum tilvikum vera nægileg, viðeigandi og takmörkuð við það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang hennar.

Sjóðurinn leggur áherslu á að starfa í samræmi við gildandi persónuverndarlöggjöf hverju sinni. Í því skyni voru persónuverndarreglur sjóðsins settar í maí 2018 en þær byggjast á lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Lífeyrissjóðurinn hefur tilnefnt persónuverndarfulltrúa til að hafa umsjón með eftirfylgni persónuverndarreglna. Þær eru aðgengilegar á vef sjóðsins.

Öryggisstefna sjóðsins er í gildi og nær til meðferðar og varðveislu gagna. Hún á að tryggja örugga meðferð og varðveislu upplýsinga sem hafa þýðingu fyrir starfsemi sjóðsins. Eftirlitsaðgerðir, sjálfvirk vöktun og neyðaráætlun sjóðsins miðar að því að lágmarka áhrif rekstraratvika á upplýsingakerfi og á að taka á alvarlegri rekstraratvikum með endurheimt upplýsingakerfa.

GRI tilvísunartafla með tilvísunum

(e. GRI Content Index with references)

Yfirlýsing um notkun

Miðlun upplýsinga Lífeyrissjóðs verzlunarmanna (LV) fyrir tímabilið 1. janúar til 31. desember 2023 er í samræmi við GRI Standards.

GRI tilvísunartafla LV fylgir nýjasta GRI Content Index template sem tók gildi 1. janúar 2023. Taflan er birt með tilvísunum í samræmi við GRI Content Index with references. Tilvísun er í viðeigandi kafla í árs- og sjálfbærnisráðgjöf LV. Ekki var talin ástæða til að vísa í blaðsíðatal þar sem kaflar eru hnitmiðaðir.

Við yfirskrift hvers liðs er stuðst við íslenskar þýðingar frá fyrri þýðingum Staðlaráðs í samstarfi við Festu á eldri GRI tilvísunartöflum og bætt hefur verið við þýðingum þar sem það á við. Íslenskar þýðingar hafa ekki verið yfirfarnar eða útgefnar af GRI.

Fyrir GRI2 og GRI3 er stuðst við leiðbeiningar 2021. Fyrir GRI200, GRI300 og GRI400 er stuðst við leiðbeiningar frá 2016, 2018, 2019 og 2020, eins og fram kemur í yfirskrift lykilkáttum.

GRI hefur ekki gefið út atvinnugreinaflokkun fyrir lífeyrissjóði (e. Sector standards). Fyrirhuguð er útgáfa þar sem lífeyrissjóðir munu flokkast undir „Capital Market“ atvinnugreinaflokkun.

GRI 1: Grunnupplýsingar

Við miðlun grunnupplýsinga er höfð hliðsjón af GRI1: Foundation 2021, með tilvísunum í GRI Staðla (e. Reporting with reference to the GRI Standards)

GRI	Lýsing	Tilvísun í Árs- og sjálfbærnisráðgjöf LV
FYRIRTÆKIÐ OG UPPLÝSINGAGJÖF		
GRI 2: Almennar upplýsingar, 2021	2-1 Um fyrirtækið	Staðsetning Lífeyrissjóðsins verzlunarmanna er í Húsi verslunarinnar, Kringlunni 7, 103 Reykjavík, Íslandi. Sjóðurinn starfar á Íslandi. Upplýsingar um hlutverk og viðskiptalíkan sjóðsins má finna í kafla I Um starfsemi LV: Hvernig skapar LV virði- viðskiptalíkan og í kafla VI Stjórnarhættir og stjórnun, Um hlutverk, sýn, vegferð og gildi LV
	2-2 Rekstrareiningar sem falla undir upplýsingagjöf fyrirtækisins um sjálfbærni	GRI skýrslan fjallar eingöngu um Lífeyrissjóð verzlunarmanna sem er jafnframt eina rekstrareiningin.
	2-3 Tímabil skýrslugjafar, tíðni og samskiptaupplýsingar	GRI skýrsla Lífeyrissjóðs verzlunarmanna er birt samhliða hefðbundinni árs- og sjálfbærnisráðgjöf sem kemur út einu sinni á ári. Útgáfa þessarar skýrslu er 19. mars 2024. Skýrslan gildir fyrir tímabilið 1. janúar 2023 til 31. desember 2023. Fyrirspurnir og upplýsingar um sjálfbærni LV veitir Tómas N. Möller, pósthafi: live@live.is.
	2-4 Endurframsettar upplýsingar	Sjóðurinn er ekki að endurframsetja upplýsingar er varða sjálfbærni í rekstri.

GRI	Lýsing	Tilvísun í Árs- og sjálfbæriskýrslu LV
	2-5 Utanaðkomandi úttekt og áritun	Reikningar sjóðsins eru endurskoðaðir og áritaðir af löggiltum endurskoðanda. Innri endurskoðun sjóðsins er jafnframt í höndum sjálfstætt starfandi endurskoðanda. Sjálfbærniupplýsingar í kafla VIII Um sjálfbærni í starfsemi eru yfirfarnar og áritaðar af sjálfbærniráðgjafa sjóðsins. Ekki eru nein tengsl milli endurskoðenda og sjálfbærniráðgjafa við sjóðinn.
STARFSEMI OG VINNUAFL		
	2-6 Starfsemi, virðisbætur og önnur viðskiptasambönd	Kafla I Um starfsemi LV: Hvernig skapar LV virði- viðskiptalíkan Kafla VIII Ársreikningur: Skýrsla stjórnar GRI viðauki bls. 1
	2-7 Starfsfólk	GRI viðauki bls. 1
	2-8 Vinnuafli sem tilheyrir ekki starfsfólki	Hjá LV er ekki um slíka starfsemi að ræða í rekstri sjóðsins.
STJÓRNARHÆTTIR		
	2-9 Stjórnskipulag og skipurit	Kafla VI Stjórnarhættir og stjórnun Kafla VII Um sjálfbærni í starfsemi: Stjórnarháttaryfirlýsing 2023 Útgefið efni á live.is: Stjórnarháttayfirlýsing
	2-10 Tilnefning og val á æðstu stjórnendum	Kafla VI Stjórnarhættir og stjórnun Kafla VII Um sjálfbærni í starfsemi: Stjórnarháttaryfirlýsing 2023 Útgefið efni á live.is: Starfsreglur stjórnar og framkvæmdastjóra gr. 11 Um hæfi stjórnarmanna
	2-11 Stjórnarformaður	Formaður stjórnar LV er Stefán Sveinbjörnsson tilnefndur í stjórn af VR. Formaður stjórnar er ekki hluti af stjórnunarteymi sjóðsins. Kafla VI Stjórnarhættir og stjórnun
	2-12 Aðkoma æðstu stjórnar við eftirlit með stýringum áhrifa	Kafla IV Ábyrgar fjárfestingar Kafla VI Stjórnarhættir og stjórnun: Um hlutverk, sýn, vegferð og gildi LV
	2-13 Framsal ábyrgðar við stýringu áhrifa	Kafla VII Um sjálfbærni í starfsemi: Stjórnarháttaryfirlýsing 2023 Kafla VIII Ársreikningur: Skýrsla stjórnar
	2-14 Aðkoma æðstu stjórnar að upplýsingagjöf um sjálfbærni	Kafla VII Um sjálfbærni í starfsemi: Stjórnarháttaryfirlýsing 2023
	2-15 Hagsmunaráreksrar	Kafla VII Um sjálfbærni í starfsemi: Stjórnarháttaryfirlýsing 2023

GRI	Lýsing	Tilvísun í Árs- og sjálfbæriskýrslu LV
	2-16 Upplýsingagjöf um veigamikil atriði	Kafli VII Um sjálfbærni í starfsemi: Stjórnarháttayfirlýsing, Áhættustýring og innra eftirlit
	2-17 Heildarþekking æðstu stjórnar	Kafli VII Um sjálfbærni í starfsemi: Stjórnarháttayfirlýsing, Áhættustýring og innra eftirlit, Stjórnskipulag LV
	2-18 Mat á frammistöðu æðstu stjórnar	Kafli VII Um sjálfbærni í starfsemi: Stjórnarháttayfirlýsing 2023
	2-19 Starfskjarastefnur	Kafli VI Stjórnarhættir og stjórnun: Um hlutverk, sýn, vegferð og gildi LV Útgefið efni á live.is: Starfskjarastefna LV
	2-20 Launaákvörðunarferli	Kafli VII Um sjálfbærni í starfsemi: Stjórnarháttayfirlýsing 2023 Útgefið efni á live.is: Starfskjarastefna LV Ársfundur LV 28. mars 2023 þar sem starfskjarastefna LV var lögð frama til samþykktar ásamt tillögum að stjórnarlaunum og launum vegna setu í endurskoðunarnefnd.
	2-21 Árlegur launasamanburður	GRI viðauki bls. 2
STEFNA, STEFNUMIÐ OG STARFSHÆTTIR		
	2-22 Yfirlýsing um stefnumið (e. strategy) í sjálfbærri þróun	Kafli VI Stjórnarhættir og stjórnun: Um hlutverk, sýn, vegferð og gildi LV, Leiðarljós
	2-23 Skuldbinding við stefnumið (e. policies)	Kafli VI Stjórnarhættir og stjórnun: Um hlutverk, sýn, vegferð og gildi LV Kafli VII Um sjálfbærni í starfsemi: Stjórnarháttayfirlýsing 2023 Útgefið efni á live.is: Stjórnarháttayfirlýsing
	2-24 Samþætting skuldbindinga skv. stefnumiðum (e. policies)	Kafli VI Stjórnarhættir og stjórnun: Um hlutverk, sýn, vegferð og gildi LV Kafli VII Um sjálfbærni í starfsemi: Stjórnarháttayfirlýsing 2023 Útgefið efni á live.is: Stjórnarháttayfirlýsing
	2-25 Úrbótaferli vegna neikvæðra áhrifa	Kafli V Áhættustýring: Helstu verkefni áhættustýringar: Eigið áhættumat- Áhættumat vegna loftlagsbreytinga með áherslu á innlendar eignir
	2-26 Verkerlar við að leita ráðgjafar og vekja athygli í álitamálum	Kafli V Áhættustýring: Eftirlitskerfi sjóðsins, Um varnarlinurnar þrjár
	2-27 Fylgni við lög og reglur	Kafli VIII Ársreikningur: Skýrsla stjórnar, Um dómsmál vegna samþykktabreytinga sem varða viðbrögð við hækkandi lífaldri sjóðfélaga
	2-28 Aðild að samtökum og félögum	GRI viðauki bls. 2

GRI	Lýsing	Tilvísun í Árs- og sjálfbærnisráðgjafi LV
	ÞÁTTAKA HAGHAFA	
	2-29 Aðferðafræði/nálgun við aðkomu haghafa	Kafla I Um starfsemina: Haghafar og mikilvægisgreining
	2-30 Þátttaka í kjarasamningum	Allt starfsfólk LV (100%) nýtur réttinda samkvæmt kjarasamningi SA og VR. Kafla VII Um sjálfbærni í starfsemi: Rekstur LV og UFS þættir, Stjórnarhættir
	MIKILVÆGISÞÆTTIR	
GRI 3: Mikilvæg efnisatriði, 2021	3-1 Ferli við að ákveða mikilvægisþætti	GRI hefur ekki birt atvinnugreinaflokkun fyrir lífeyrissjóði. Upplýsingar um hvernig LV skapar virði og áhrif á samfélagið má finna í Kafla I Um starfsemina: Hvernig skapar LV virði Viðskiptalíkan og Mikilvægisgreining GRI viðauki bls. 2
	3-2 Listi yfir mikilvægisþætti	GRI viðauki bls. 3
	3-3 Stýring/stjórnun mikilvægisþátta	GRI viðauki bls. 4
	EFNAHAGUR	
GRI 201: Efnahagslegur árangur, 2016	201-1 Bein fjárhagsleg verðmætasköpun	Þetta er lífeyrissjóður verzlunarmanna: Starfsemi LV í stórum dráttum, Lykiltölur í rekstri Kafla VIII Ársreikningur
	201-2 Fjárhagsleg áhrif og önnur áhætta og tækifæri sökum loftlagsbreytinga	Kafla V Áhættustýring: Áhættuþættir í starfsemi, Áhætta tengd loftlagsbreytingum
	201-3 Skuldbindingar vegna eftirlaunasjóða og annarra eftirlaunakerfa	Sjóðurinn hefur engar framtíðarskuldbindingar vegna eftirlaunasjóða eða eftirlaunakerfa.
	201-4 Fjárhagsaðstoð frá stjórnvöldum	Lífeyrissjóður verzlunarmanna hefur ekki fengið fjárhagslega aðstoð frá stjórnvöldum.
GRI 202: Nálægð við markað, 2016	202-1 Hlutfall almennra byrjunarlauna eftir kyni samanborið við almenn lágmarkslaun	Laun starfsfólks sjóðsins eru ákvörðuð í samræmi við Starfskjarastefnu sjóðsins. Sjóðurinn hefur hlotið jafnlaunavottun frá árinu 2022 í samræmi við ÍST85.
	202-2 Hlutfall æðstu stjórnenda sem eru ráðnir úr nærsamfélaginu	100%

GRI	Lýsing	Tilvísun í Árs- og sjálfbærnisráðgjafi LV
GRI 203: Óbein efnahagsleg áhrif	203-1 Innviðafjárfestingar og þjónusta sem stutt er við/ Fjárfestingar í innviðum og þjónustu samfélagsins	Kafla I Um starfsemina: Ávarp formanns
	203-2 Veruleg óbein efnahagsleg áhrif	Óbein efnahagsleg áhrif hafa ekki verið greind með formlegum hætti.
GRI 205: Spillingamál, 2016	205-1 Mat á rekstri vegna áhættu sem tengist spillingu	Kafla V Áhættustýring: Eftirlitskerfi sjóðsins Kafla VI Stjórnarhættir og stjórnun Útgefið efni á live.is: Hluthafastefna og Siða og samskiptareglur
	205-2 Miðlun upplýsinga og þjálfun í stefnum og verklagsreglur/ferlum gegn spillingu	Siða og samskiptareglur sjóðsins eru kynntar öllu starfsfólki við nýráðningu. Reglurnar má finna undir útgefnu efni á live.is: Siða og samskiptareglur
	205-3 Staðfest atvik um spillingu og aðgerðir sem gripið var til/mótaðgerðir	Ekki komu upp atvik vegna spillingamála 2023.
GRI 206: Samkeppnishæðun, 2016	206-1 Lagalegar aðgerðir gegn samkeppnishamlandi hegðun, hringamyndun og einokunaraðferðum	Engin mál komu upp árið 2023.
GRI 207: Skattar, 2019	207-1 Aðferðir við skattauppgjör	Lífeyrissjóður verzlunarmanna er einungis með starfsstöð á Íslandi og gerir upp samkvæmt íslenskum skatta- og bókhaldslögum.
	207-2 Stjórnun skattamála, eftirlit og áhættustjórnun	Kafla VIII Ársreikningur: Áritun óháðs endurskoðanda
UMHVERFISÞÆTTIR		
GRI 302: Orka, 2016	302-1 Orkunotkun skipulagsheildar	GRI viðauki bls. 6–8
	302-3 Orkukræfni	GRI viðauki bls. 6–8
GRI 305: Losun í andrúmsloftið, 2016	305-1 Bein losun gróðurhúsalofttegunda (Umfang 1)	GRI viðauki bls. 6–8
	305-2 Óbein losun gróðurhúsalofttegunda (Umfang 2)	GRI viðauki bls. 6–8

GRI	Lýsing	Tilvísun í Árs- og sjálfbærnisráðgjafu LV
	305-3 Önnur óbein losun gróðurhúsalofttegunda (Umfang 3)	GRI viðauki bls. 6–8
	305-4 Orkukræfni (styrkur losunar)	GRI viðauki bls. 6–8
GRI 306: Úrgangur, 2020	306-3 Heildar úrgangur	GRI viðauki bls. 6–8
GRI 308: Mat á umhverfisáhrifum birgja, 2016	308-2 Neikvæð áhrif í aðfangakeðjunni og aðgerðir sem gripið var til	LV hefur ekki mælt umhverfisáhrif aðfangakeðju sjóðsins. Í kafla IV, Ábyrgar fjárfestingar birtir LV heildarlosun og fjármagnaða kolefnislosun skráðra félaga í eignasafni sameignadeildar LV Kafli I Um starfsemina. Sett hafa verið áherslumarkmið til að draga úr umhverfisáhrifum í rekstri sjóðsins
SAMFÉLAG		
GRI 401: Atvinnumál, 2016	401-1 Nýráðningar starfsfólks og velta	GRI viðauki bls. 8 Starfsmannavelta 10,2%
	401-2 Hlunnindi fyrir fastráðið starfsfólk í fullu starfi, gildir ekki fyrir starfsfólk í hluta- eða tímabundnu starfi	GRI viðauki bls. 9
	401-3 Foreldraorlof	GRI viðauki bls. 9
GRI 402: Kjaramál, 2016	402-1 Lágmarks uppsagnafrestur ef breytingar verða á rekstri	Útgefið efni á live.is: Mannauðsstefna Allt starfsfólk LV (100%) nýtur réttinda samkvæmt kjarasamningi SA og VR þar sem uppsagnafrestur er tiltekin út frá starfsaldri og lífaldri.
GRI 403: Vinnuvernd, heilsa og öryggi, 2018	403-1 Stjórnskipulag vinnueftirlits / Þátttaka í formlegum og sameiginlegum heilsu- og öryggisnefndum stjórnenda og starfsmanna	GRI viðauki bls. 9
	403-2 Hættugreining, áhættumat og rannsóknaratvik	GRI viðauki bls. 10

GRI	Lýsing	Tilvísun í Árs- og sjálfbærnisráðgjöf LV
	403-4 Þátttaka starfsfólks, ráðgjöf og samskipti í tengslum við vinnueftirlit	GRI viðauki bls. 10
	403-5 Þjálfun starfsfólks í tengslum við vinnueftirlit	GRI viðauki bls. 10
	403-6 Aðgerðir til að efla heilbrigði starfsfólks	GRI viðauki bls. 10
	403-8 Hlutfall starfsfólks sem vinnueftirlit nær til	100%
	403-9 Vinnutengd slys	Ekki hafa komið upp vinnutengd slys á starfsárinu 2023.
	403-10 Vinnutengd veikindi	Ekki hafa komið upp vinnutengd veikindi á starfsárinu 2023.
GRI 404: Þjálfun og menntun, 2016	404-1 Árlegur meðalfjöldi klukkustunda í þjálfun á hvern starfsmann	GRI viðauki bls. 10
	404-2 Áætlanir um símenntun starfsmanna og stuðningur til að aðlagast breytingum	GRI viðauki bls. 11
	404-3 Hlutfall starfsmanna sem fær reglulega rýni á frammistöðu og starfsþróun	100%
GRI 405: Fjölbreytileiki og jöfn tækifæri, 2016	405-1 Fjölbreytileiki stjórnar og starfsmanna	Kafli VI Stjórnarhættir og stjórnun: Stjórn, framkvæmdastjóri og forstöðumenn
	405-2 Hlutfall grunnlauna og kjör kvenna í samanburði við karla	GRI viðauki bls. 11
GRI 406: Engin mismunun, 2016	406-1 Atvik um mismunun og framkvæmd úrbóta	Engin atvik hafa verið tilkynnt á árinu 2023.

GRI	Lýsing	Tilvísun í Árs- og sjálfbærnisráskýrslu LV
GRI 407: Frjáls aðild að verkalyðs-samtökum og kjara-viðræðum, 2016	407-1 Rekstur og birgjar þar sem hætta er á sniðgöngu varðandi félagafrelsi og sameiginlega kjarasamningagerð	Sjóðurinn hefur ekki lagt mat á hvar möguleg hætta er á sniðgöngu varðandi félagafrelsi og sameiginlega kjarasamningsgerð og hefur því ekki upplýsingar um hvar sú áhætta liggur.
	GRI 412: Mat á mannréttindum, 2016	412-2 Þjálfun starfsmanna í reglum eða verklagsreglum um mannréttindi
GRI 414: Mat á samfélagsábyrgð birgja, 2016	412-3 Samkomulag og samningar um verulegar fjárfestingar og samningar sem fela í sér mannréttindaákvæði eða hafa verið skimaðir með hliðsjón af mannréttindamálum	Kafli IV Ábyrgar fjárfestingar
	GRI 414: Mat á samfélagsábyrgð birgja, 2016	414-1 Hlutfall nýrra birgja sem hafa verið skimaðir/rýndir á grundvelli félagslegra viðmiða
GRI 415: Opinber stefna, 2016	414-2 Neikvæð samfélagsáhrif virðisdeju og aðgerðir sem gripið hefur verið til	Kafli V Ábyrgar fjárfestingar: Stefna um ábyrgar fjárfestingar
	GRI 415: Opinber stefna, 2016	415-1 Framlög til stjórnamálastarfs
GRI 417: Markaðssetning og merkingar, 2016	417-1 Kröfur til upplýsinga og merkinga á vörum og þjónustu	Sjóðurinn birtir lykilupplýsingablað fjárfestingaleiða í samræmi við lög nr. 55/2021.
	417-2 Atvik þar sem ekki er farið eftir reglum sem varða upplýsingar og merkingar vöru og þjónustu	GRI viðauki bls. 11
	417-3 Atvik við markaðssetningu þar sem ekki er farið eftir reglum	GRI viðauki bls. 11
GRI 418: Persónuvernd, 2016	418-1 Rökstuddar kvartanir varðandi brot á persónuvernd viðskiptavina og tap á gögnum þeirra	Sjóðnum hefur ekki borist kvartanir varðandi brota á persónuvernd.

Ábyrgar lausnir ehf.

Staðfesting sjálfbærniaráðgjafa

Lífeyrissjóður verzlunarmanna (LV) hefur óskað eftir álit Ábyrga lausna ehf. á ófjárhaglegri upplýsingagjöf sem sett er fram í GRI Standards tilvísunartöflu fyrir árið 2023 með tilvísunum í Árs- og sjálfbærnisráðgjafa og GRI viðauka, ásamt ferli við að útbúa upplýsingarnar og setja þær fram. Ábyrgar lausnir ehf. hefur verið ráðgjafandi aðili í sjálf-bærri þróun Lífeyrissjóðs verzlunarmanna (LV) frá því sú vegferð hófst árið 2019 og byggir sitt álit á þeirri vegferð, aðferðum við söfnun upplýsinga, viðtölum við starfsmenn LV og könnunum sem framkvæmdar hafa verið meðal haghafa. Ekki hefur verið beitt aðferðum endurskoðunar við greiningu.

GRI Standards tilvísunartafla LV er sett fram í samræmi við GRI Universal Standards 2021 og GRI Topic Standards og tekur á viðeigandi vísun samkvæmt GRI „Content Index with reference“. LV er þannig með tilvísanir í kafla í Árs- og sjálfbærnisráðgjafa þar sem greint er frá áherslum viðkomandi lykilþátta. Ekki var talin ástæða til að vísa í blaðsíðutal þar sem kaflar eru hnitmiðaðir. Samkvæmt GRI „Content Index with reference“ er ekki gerð krafa af hálfu GRI um að greina frá því hvort allir þættir eru að fullu uppfylltir og ástæðu þess ef svo er ekki, eins og krafa er um samkvæmt GRI „Content Index in accordance“. GRI hefur ekki birt atvinnugreinaflokkun (e.Sector Standards) fyrir lífeyrissjóði og því ekki tekið sérstaklega á því í GRI tilvísunartöflu LV. Við íslenska þýðingu á lykilþáttum í GRI tilvísunartöflu er stuðst við eldri þýðingar Staðlaráðs sem unnið var í samstarfi við Festu og bætt hefur verið við þýðingum þar sem það á við. GRI hefur ekki gefið út opinberlega íslenska þýðingu á GRI Standards.

Stjórn og stjórnendur LV eru ábyrgir fyrir söfnun, greiningu, gerð og framsetningu upplýsinga sem settar eru fram í Árs- og sjálfbærnisráðgjafa LV, uppgjöri og töflum.

Það er álit sjálfbærniaráðgjafa að framsetning LV á GRI Standards tilvísunartöflu sem sett er fram samkvæmt GRI „Content index with reference“ sé í samræmi við kröfur GRI með tilvísunum í kafla í Árs- og sjálfbærnisráðgjafa LV.

Ábyrgar lausnir ehf.
Reykjavík, 3. mars, 2024

Viktória Valdimarsdóttir,
Vottuð í sjálfbærri þróun og samfélagslegri nýsköpun
„Certificate in Sustainable Development and Social Innovation“



Ársreikningur 2023

Ársreikningur 2023

Skýrsla stjórnar um starfsemi sjóðsins á árinu 2023

Skýrsla stjórnar	95
Stjórnarháttayfirlýsing	102
Áritun óháðs endurskoðanda	110

Ársreikningur 2023

Yfirlit um breytingu á hreinni eign	114
Efnahagsreikningur	115
Sjóðstreymi	116
Yfirlit um tryggingafræðilega stöðu sameignardeildar	117
Skýringar	118
Kennitölur	160

Deildaskiptur ársreikningur 2023

Deildarskipt yfirlit um breytingu á hreinni eign	165
Deildaskiptur efnahagsreikningur	166
Deildaskipt sjóðstreymi árið 2023	167

Annual Report 2023

Report of the Board of Directors 2023	171
Appendix to the Report of the Board of Directors	178
Independent Auditor's Report	188
Statement of Changes in Net Assets for Pension Payments ..	192
Balance Sheet	193
Statement of Cash Flows	194
Statement of Actuarial Position	195
Financial Indicators	196

Skýrsla stjórnar um starfsemi Lífeyrissjóðs verzlunarmanna árið 2023

Inngangur

Skýrslu stjórnar með ársreikningi er ætlað að gefa greinargott yfirlit um starfsemi Lífeyrissjóðs verzlunarmanna (LV) til viðbótar upplýsingum sem fram koma í ársreikningi sjóðsins fyrir árið 2023. Henni er þannig ætlað að gefa hagaðilum fyllri mynd af starfsemi sjóðsins. Þar er m.a. horft til núverandi og væntanlegra sjóðfélaga, aðildarsamtaka sjóðsins, stjórnvalda og útgefenda verðbréfa.

Efnistöð taka mið af gildandi reglum um ársreikninga lífeyrissjóða og ákvæðum laga um ársreikninga. Við gerð skýrslu stjórnar og árs- og sjálfbærnisráðgjafar er lögð áhersla á samþættingu fjárhagslegra upplýsinga og ófjárhagslegra upplýsinga (sjálfbærniupplýsinga). Markmiðið er að gefa glögg og upplýsandi yfirlit og til að halda yfirsýn er um ýmsa þætti vísað til meðfylgjandi árs- og sjálfbærnisráðgjafar LV fyrir árið 2023 og til nánari umfjöllunar í ársreikningi.

Varðandi yfirlit yfir nokkra mikilvæga þætti í innri starfsemi LV og ytra starfsumhverfi er vísað til stiklna úr starfsemi LV í inngangskafli árs- og sjálfbærnisráðgjafar sjóðsins.

Helstu rekstrarniðurstöður

Efnahagur

Meginstarfsemi LV lýtur að rekstri réttindakerfis sameignardeildar, séreignardeildar og umsýslu fimm eignasafna, þ.e. sameignardeildar og fjögurra ávöxtunarleidda séreignar. Nánar er gerð grein fyrir þessu í kafla II um lífeyrisafurðir sjóðsins, kafla III um eignasöfn og í yfirliti þróunar nokkurra lykiltalna í rekstri, sjá kafla I um starfsemi.

Afkoma eignasafns sjóðsins árið 2023 var talsvert betri en árið á undan. Þó voru talsverðar sveiflur á mörkuðum. Árið einkenndist af þrálátri verðbólgu framan af og háu vaxtastigi. Verð hluta- og skuldabréfa hélst lágt framan af ári og ávöxtunarkrafa hélst há. Stríðsátök í Úkraínu og nú undir lok árs í Miðausturlöndum skapa áframhaldandi óvissu og þrýsting á verð á hrávöru- og orkumörkuðum. Viðsnúningur varð á hlutabréfamörkuðum undir lok árs og skilaði eignasafn sameignardeildar jákvæðri raunávöxtun sem og verðbréfa-leið séreignardeildar. Nafnávöxtun ævileiða 1 til 3 í séreignardeild var jákvæð en raunávöxtun reyndist neikvæð í leiðunum þremur. Nánari upplýsingar er að finna í kafla III um eignasöfn, verðbréfamarkaði og þróun þeirra.

Vert er að benda á að yfirstandandi jarðhræringar og jarðeldar á Reykjanesi hafa þegar haft áhrif á Grindavíkurbæ og starfsumhverfi og rekstrarstöðu fyrirtækja á Reykjanesinu. Ekki er útséð með endanleg áhrif þessara náttúruhamfara. LV á nokkur útistandandi sjóðfélaglán með veði í íbúðarhúsnæði í Grindavík. Þá á LV hlutafé og skuldabréf í fyrirtækjum á Reykjanesi. LV fylgist með þróun þessara mála en enn sem komið er hefur ekki verið talið tilefni til að færa niður verðmæti þessara eigna.

Fjárfestingartekjur og rekstrarkostnaður: Samanlagðar hreinar fjárfestingartekjur allra eignasafna námu 102.958 m.kr. en voru neikvæðar um 42.441 m.kr. árið áður. Rekstrarkostnaður sjóðsins, þ.e. skrifstofu- og stjórnunarkostnaður, nam 1.718 m.kr. en var 1.497 m.kr. árið áður. Rekstrarkostnaður í hlutfalli af meðalstöðu eigna var 0,14% en 0,13% árið áður. Fjöldi stöðugilda á árinu var 57,6 en var 54,2 stöðugildi árið áður. Heildarfjárhæð launa nam 920,3 m.kr. og launatengd gjöld voru 221,1 m.kr.

Sameignardeild: Sameignardeildin er stærsta eignasafn lífeyrissjóðsins og námu eignir hennar um 1.256 milljörðum króna í árslok samanborið við 1.146 milljarða árið áður. Nafnávöxtun deildarinnar var 8,6% en -3,6% árið áður. Að teknu tilliti til verðbólgu var hrein raunávöxtun 0,5%, samanborið við 11,9% neikvæða raunávöxtun árið 2022. Langtímarauðvöxtun er eftir sem áður góð eða 4,8% meðalávöxtun sl. fimm ár, 4,8% fyrir sl. 10 ár og 4,1% sl. 20 ár.

Þróun tryggingafræðilegrar stöðu reyndist ekki hagfelld á árinu. Í árslok var hún neikvæð um 6,8% samanborið við 5,6% neikvæða stöðu árið áður. Hér vegur þyngst að raunávöxtun var lág eða 0,5% og hækkandi verðbólga þar sem allar skuldbindingar sameignardeildar eru verðtryggðar.

Ávöxtunarleiðir í séreignardeildum: Leiðirnar eru fjórar. Þrjár þeirra, Ævileið I, II og III, mynda ævilínu með mismunandi áhættustig og sú fjórða er Verðbréfaleið sem fylgir sömu fjárfestingarstefnu og sameignardeild. Hún hefur ekki verið opin fyrir nýjum samningum frá árinu 2017.

Nafnávöxtun allra ávöxtunarleiða séreignar var jákvæð á árinu. Ævileiðir I, II og III hafa nú verið starfræktar í sex almanaksár og nemur fimm ára nafnávöxtun 8,6% fyrir Ævileið I, 6,7% fyrir Ævileið II, 4,0% fyrir Ævileið III og 10,7% fyrir Verðbréfaleið.

Eignasöfn séreignardeilda hafa vaxið undanfarin ár og námu í árslok 31,0 milljarði en 27,0 milljörðum árið áður og 12,5 milljörðum fyrir sex árum, þ.e. í árslok 2017.

Lífeyrisafurðir: Lífeyrisafurðir sjóðsins samanstanda af réttindum í sameignardeild og séreignardeildum (almenn séreign og tilgreind séreign). Þá er þjónusta, upplýsingagjöf og ráðgjöf óaðskiljanlegur þáttur lífeyrisafurða sjóðsins.

Vöxtur iðgjalda til sameignardeildar, fjölgun virkra sjóðfélaga og einstaklinga á lífeyri hélt áfram á árinu. Greiðslur til deildarinnar námu 44,3 milljörðum en 39,4 milljörðum árið áður. Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga var 37.152 og fjölgaði úr 36.512 frá árinu áður á sama tíma og meðalfjöldi einstaklinga á lífeyri fjölgaði í 24.222 en þeir voru 22.215 árið áður. Þá fjölgar sífellt þeim einstaklingum á lífeyri sem hafa áunnið sér umtalsverð réttindi. Greiddur lífeyrir úr sameignardeild nam 33,2 milljörðum en 25,2 milljörðum árið áður og leiðir það m.a. til þess að hlutfall lífeyrisgreiðslna af iðgjöldum, svonefnd lífeyrisbyrði sameignardeildar, hækkaði í 74,9% árið 2023 úr 64,0% árið áður.

Umhverfi

Það er nokkuð nýmæli í starfsemi lífeyrissjóða að horfa með markvissum hætti til umhverfisþátta. Sú þróun leiðir af aukinni vitund, lagaþróun og meiri þekkingu á mikilvægi þessa þáttar í starfsemi lífeyrissjóða og annarra stofnanafjórfa.

Undanfarin misseri og ár hefur verið lögð áhersla á að auka þekkingu og færni innan sjóðsins á þessu sviði. Liður í því er útgáfa sjálfbærnisráðs sem nú er í auknum mæli samþætt við fjárhagslega upplýsingamiðlun í skýrslu stjórnar og ársskýrslu og stefnt að því að halda áfram á sömu braut í takt við þróun reglna og viðmiða á þessu sviði. Fjallað er um þennan þátt ársskýrslu sjóðsins, einkum í kafla IV um ábyrgar fjárfestingar, kafla V um áhættustýringu og kafla VII um sjálfbærni í starfsemi.

Hvað sjálfbærniupplýsingar (UFS, umhverfisþættir, félagslegir þættir og stjórnarhættir) í rekstri sjóðsins varðar er vísað til kafla VII um sjálfbærni í starfsemi LV, sértaflega sem og kafla V um ábyrgar fjárfestingar.

Eins og kunnugt er er markmið LV að hámarka langtímaávöxtun eignasafna sjóðsins að teknu tilliti til áhættu í þágu hagsmuna sjóðfélaga en um leið lætur LV sig varða hvernig fjármunatekjur sjóðsins verða til. LV hefur sett sér stefnu um ábyrgar fjárfestingar og tekur eignastýring mið af sjálfbærniáhættuþáttum við stýringu eignasafna. Aðferðafræðinni er nánar lýst í stefnunni og í kafla IV um ábyrgar fjárfestingar í árs- og sjálfbærnisráðs hér að framan. Eignastýring greinir sjálfbærniáhættu samhliða hefðbundnum greiningum á fjárhagslegum mælikvörðum. Þannig er leitast við að ná fram sem bestri áhættuleiðréttri ávöxtun á hverjum tíma miðað við þær upplýsingar og forsendur sem liggja fyrir. Meðal helstu áskorana í þeim efnum er aðgengi að gögnum, hversu óstöðluð og áreiðanleg þau eru til samanburðar á milli útgefenda og hvernig þau nýtast svo til ákvarðanatöku.

En innleiðing á evrópsku regluverki, svo sem EU Taxonomy (flokkunarreglur fyrir sjálfbæra starfsemi fyrirtækja) og SFDR (upplýsingar um meðferð sjálfbærniáhættu í eignasöfnum) kemur til með að leysa að einhverju leyti framangreind viðfangsefni. Þá er frekari reglna að vænta og fylgist stjórn með þeirri þróun. Sjóðurinn vinnur nú að innleiðingu á því sjálfbærniregluverki sem lögfest hefur verið í íslenskan rétt og mun upplýsingagjöf taka mið af þeim. Sem stendur eru allar sjóðsdeildir LV skilgreindar sem 6. gr. leiðir í samræmi við SFDR.

LV hefur aukið aðgang að sjálfbærniögnum og vinna við greiningu á kolefnisspori eignasafna er lokið að hluta og nú birt í árs- og sjálfbærnisráðgjöf. Þá var áhættumat á loftslagsáhættu hluti af eigin áhættumati stjórnar árið 2023. Samhliða greiningum á sjálfbærniáhættuþáttum í samræmi við stefnu LV um ábyrgar fjárfestingar er unnið eftir stefnu stjórnar frá 2021 um útilokun tiltekinna fjárfestingarkosta úr eignasöfnum. LV hefur undanfarin misseri lagt aukna áherslu á framkvæmd eigendahlutverks sjóðsins. Liður í því var uppfærsla stjórnar á hluthafastefnu sjóðsins í árslok 2023. Í stefnunni er fjallað um atriði sem sjóðurinn leggur áherslu á gagnvart þeim félögum sem hann fjárfestir í og þeim félögum sem hann tekur til skoðunar sem fjárfestingarkost. Meðal áhersluatriða við uppfærsluna eru ýmis atriði sem varða UFS-þætti svo sem hlutverk tilnefninganefnda og stjórnarkjör, ítarlegri ákvæði um starfskjarastefnur, reglu um viðskipti tengdra aðila og stefnu fyrirtækja í loftslagsmálum. Framangreindar stefnur má finna á vef sjóðsins.

Samfélag

Aukin áhersla á samfélagslega þætti telst til nokkurra nýmæla hjá lífeyrissjóðum hérlendis sem og víða erlendis og er liður í aukinni áherslu á sjálfbærni í rekstri og stýringu eignasafna almennt.

LV fylgist með þessari þróun og lagar starfsemi sína að henni. Hér skiptast verkefni nokkuð á milli beins rekstrar LV annars vegar og áhrifa eignasafna á samfélagslega þætti hins vegar.

Rekstur: Hvað beinan rekstur LV varðar felst áhersla á samfélagslega þætti, einkum uppbyggingu mannaúds og fyrirtækjabrag sjóðsins. Eins og fram kemur í umfjöllun um viðskiptalíkan sjóðsins í kafla I í árs- og sjálfbærnisráðgjöf er mannaúður veigamikil stoð í starfseminni. Á árinu var fylgt eftir markaðri stefnu um að þróa og efla áfram mannaúð LV með áherslu á fræðslu, starfsþróun, úrvinnslu úr niðurstöðum reglulegra mannaúðsmælinga og umbótum á starfsaðstöðu. Umfjöllun um þessa þætti er að finna í kafla VII um sjálfbærni í starfsemi í árs- og sjálfbærnisráðgjöf.

Lífeyrisafurðir: Lífeyrisafurðir sjóðsins skipta máli þegar kemur að félagslegum þáttum. Víðtæk þátttaka launþega og sjálfstætt starfandi aðila í samtryggingarkerfi lífeyrissjóða er til þess fallin að bæta lífskjör eftir starfslok. Iðgjald í lífeyrissjóð hefur hækkað og tryggir það hærri ævilangan lífeyri og áfallalífeyri. Á liðnu ári var lögð áhersla á að tala um lífeyrismál á mannamáli þannig að sjóðfélagar eigi auðvelt með að skilja lífeyrisafurðirnar og nýta þær sem best í sína þágu. Þannig var efni og reiknivélar á vefnum uppfært til að auka skilning og einfalda ákvörðunartöku sjóðfélagans. Þá hefur áhersla á ráðgjöf og upplýsingamiðlun um lífeyrismál verið aukin til muna og er stefnt að því að halda áfram á þeirri vegferð á komandi árum.

Eignasöfn: Sögulega hafa lífeyrissjóðir og flestir aðrir stofnanafjárfestar einkum lagt áherslu á ávöxtun eigna að teknu tilliti til áhættu sem einkum er metin í ljósi væntra sveiflna í ávöxtun. Undanfarin misseri hefur áhersla verið aukin á samfélagslega þætti tengda stýringu eignasafna. LV fylgist með þeirri þróun og vinnur að því að byggja upp þekkingu og færni í þeim efnum.

Liður í aðgerðum varðandi félagslega þætti er stefna LV um útilokun fjárfestingarkosta úr eignasöfnum sem samþykkt var árið 2021. Meðal útilokaðra fjárfestingarkosta eru fyrirtæki sem brjóta gegn viðmiðum UN Global Compact. Þessi fyrirtæki brjóta gegn viðmiðum Sameinuðu þjóðanna um mannréttindi og grundvallar-réttindi starfsfólks, til að mynda varðandi frjálsa aðild að félögum, gerð kjarasamninga, þvingað vinnuafli og misnotkun barna sem vinnuafli. Hér er um mikilvæg atriði að ræða. Áfram verður fylgst með þróun laga og annarra þátta á þessu sviði.

Stefnumið og reglur LV um stjórnarhætti

Stefnumótun: Árið 2021 vann stjórn ásamt stjórnendum að stefnumótun sjóðsins til ársins 2030. Í þeirri vinnu var mörkuð framtíðarsýn og leiðarljós í takt við fyrirbyggjandi gildi sjóðsins (e. values). Vinna þessi grundvallast á hlutverki LV eins og það er markað í lögum og samþykktum sjóðsins, samhliða því sem lögð er áhersla á framsýni í rekstri hans. Með því er stefnt að því að efla starfsemi hans til lengri tíma litið og búa hann sem best undir viðfangsefni í ört breytilegu starfsumhverfi.

Stjórnarhættir: Stjórn leggur áherslu á að fylgja eftir reglum og viðurkenndum viðmiðum varðandi stjórnarhætti. Liður í því er skilvirkt skipurit, liðsheild, viðeigandi innri reglur, innra eftirlit og aðhald frá innri og ytri endurskoðun sem og hagaðilum. Eftirfylgni felst m.a. í aukinni áherslu á upplýsingagjöf sem birtist í skýrslu stjórnar, árs- og sjálfbærnisráðgjöf og með viðvarandi upplýsingagjöf sjóðsins. Þá framkvæmir stjórn reglulega mat á starfsháttum stjórnar.

Nánari upplýsingar varðandi stjórnarhætti í starfsemi LV er að finna í ítarlegri stjórnarháttayfirlýsingu sem fylgir kafla VII í árs- og sjálfbærnisráðgjöf og í kafla V um áhættustýringu og kafla VI um stjórnarhætti og stjórnun.

Viðskiptalíkan LV

Viðskiptalíkan sjóðsins byggist á því meginhlutverki hans, samkvæmt framangreindum lögum og samþykktum sjóðsins, að

- taka við iðgjöldum sjóðfélaga sem mynda grundvöll réttinda.
- ávaxta eignir sjóðsins í sameignar- og séreignardeildum.
- greiða út ævilangan lífeyri vegna starfsloka, áfallalífeyri í formi örorkulífeyris til sjóðfélaga og barna þeirra sem og maka- og barnalífeyri vegna fráfalls sjóðfélaga.
- greiða út séreignarsparnað vegna aldurs, örorku eða fráfalls.

Þá veitir LV sjóðfélögum sínum einnig lán í formi fasteignaveðlana í samræmi við lánareglur á hverjum tíma.

Viðskiptalíkan LV er byggt á fyrirmyndum í leiðbeiningum „Integrated Reporting Framework“, sjá nánar umfjöllun í kafla I um starfsemi LV. Þar eru auðlindir sem sjóðurinn vinnur úr flokkaðar í sex flokka: fjármagn, mannauð, samfélag, náttúru og umhverfi, óefnislegar eignir og efnislegar eignir. Dreignir eru fram þeir þættir í starfseminni sem miða að því að skapa virði fyrir sjóðfélaga, þ.e. fjárfestingarstarfsemi, rekstur og þjónusta, lífeyri og séreign sem og reglur, stefnur og önnur viðmið. Þá er leitast við að gera grein fyrir virðisauka starfseminnar eftir auðlindum. Frá árinu 2020 hefur LV unnið að því að tengja rekstur við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.

Haghaifar og mikilvægisgreining

Um haghafa LV

Frá því LV hóf að gefa út sjálfbærnisráðgjöf fyrir fjórum árum hefur sjóðurinn framkvæmt og upplýst um niðurstöður úr haghafagreiningu. Haghafar hafa verið skilgreindir sem einstaklingar, hópar eða lögaðilar sem verða fyrir áhrifum af starfsemi LV og geta haft áhrif á starfsemi sjóðsins. Greining haghafa auðveldar sjóðnum að vinna að og gæta þeirra hagsmuna sem honum er falið að sinna. Á árinu 2023 var haldið áfram að vinna að því að efla samskipti við haghafa með sérstaka áherslu á sjóðfélaga, iðgjaldagreiðendur og starfsfólk eins og nánar er gerð grein fyrir í kafla I um rekstur LV.

UFS-mælingar

Síðastliðin fjögur ár hefur LV gefið út sérstaka sjálfbærnisráðgjafur samhliða ársskýrslu. Í fyrri var innleidd sú aðferð, m.a. í takt við leiðbeiningar „Integrated reporting“, að samþætta upplýsingar um ófjárhagsleg atriði (sjálfbærniupplýsingar) við einstaka kafla ársskýrslunnar. Markmiðið er að gera upplýsingagjöfina markvissari og heildsteyptari. Í kafla VII um sjálfbærni í starfsemi LV, í árs- og sjálfbærnisráðgjafu, eru hins vegar áfram upplýsingar um UFS-þætti (umhverfisþættir – félagslegir þættir – stjórnarhættir). Þær upplýsingar eru annars vegar settar fram í almennri umfjöllun og hins vegar í töflum. Upplýsingagjöfin byggist einkum á leiðbeiningum GRI (Global Reporting Initiative). Þá er verulega aukið í upplýsingar um ábyrgar fjárfestingar samanber umfjöllun í kafla IV í árs- og sjálfbærnisráðgjafu 2023.

Áhætta og óvissa

Varðandi áhættu- og óvissuþætti í starfsemi LV vísast til ítarlegra skýringa í skýringu 19–23 við ársreikning sjóðsins og kafla V um áhættustýringu í árs- og sjálfbærnisráðgjafu.

Um dómsmál vegna samþykktarbreytinga sem varða viðbrögð við hækkandi lífaldri sjóðfélaga

LV hefur áður gert ítarlega grein fyrir breytingum á samþykktum sjóðsins sem tóku gildi í ársbyrjun 2023 og vörðuðu breytingar á réttindakerfi sameignardeildar til að bregðast við hækkandi lífaldri sjóðfélaga og framtíðarspám um áframhaldandi hækkun lífaldurs.

Á vormánuðum var höfðað mál á hendur LV vegna samþykktarbreytinganna og krafist ógildingar á ákvæði sem varðar breytingu á áunnum réttindum sjóðfélaga.

Í dómi Héraðsdóms Reykjavíkur nr. E-1722/2023 sem kveðinn var upp 30. nóvember 2023 var fallist á kröfur stefnanda þar sem krafist var ógildingar á tilteknu ákvæði samþykktarbreytinganna. Kjarni þeirra breytinga var að áunnin réttindi sjóðfélaga í sameignardeild væru umreiknuð þannig að mánaðarlegar greiðslur lækkuðu mismikið eftir aldri. Markmiðið var að mæta hækkandi lífaldri sjóðfélaga þar sem spáð er að ævi yngri sjóðfélaga lengist meira en þeirra sem eldri eru. Þessi spá endurspeglar í lífslíkutöflum sem gefnar eru út af Félagi íslenskra tryggingastærðfræðinga og staðfestar af fjármála- og efnahagsráðherra.

Samþykktarbreytingarnar voru vandlega undirbúnar af stjórnendum og stjórn LV í samráði við tryggingastærðfræðing sjóðsins og lögmannsstofur sem og með samtali við stjórnvöld. Markmiðið var að virða eðli lífeyrisréttinda sem eignaréttinda, gæta jafnræðis, meðalhófs og annarra lagalegra skilyrða. Í því sambandi var litið til þess að vænt meðalævi lengist meira hjá þeim sem yngri eru en þeim sem eldri eru.

Breytingarnar voru samþykktar af stjórn og í framhaldi af því af fulltrúaráði LV á ársfundi í mars 2022 og hlutu svo samþykki fjármála- og efnahagsráðherra.

Næstu skref

Dómi héraðsdóms var áfrýjað í desember til Landsréttar. Jafnframt var óskað eftir áfrýjunarleyfi beint til Hæstaréttar. Hæstiréttur veitti LV áfrýjunarleyfi til réttarins 20. febrúar 2024.

Fyrir liggur að meirihluti lífeyrissjóðakerfisins fór áþekka leið varðandi breytingu áunninna réttinda vegna hækkandi lífaldurs. Því er mikilvægt fyrir alla sjóðfélaga og lífeyriskerfið í heild sinni að lyktir þess byggist á traustum grunni.

Ahrif á réttindi sjóðfélaga

Bein áhrif dómsins á réttindi og lífeyrisgreiðslur til sjóðfélaga munu ráðast af endanlegri niðurstöðu Hæstaréttis.

LV hefur greint möguleg áhrif dómsins á réttindi sjóðfélaga í sameignardeild. Um mat á þessum áhrifum vísast m.a. til skýringar nr. 16 við ársreikning.

Í dómsorði héraðsdóms segir: „Ákvæði 6. tl. viðauka B samþykktar stefnda, dags. apríl 2022, sem tók gildi þann 1. janúar 2023, er ógilt.“

Tryggingafræðileg staða sjóðsins byggist á tryggingafræðilegu mati á heildareignum og heildarskuldbindingum. Við það mat er tekið tillit til áfallinnar stöðu og framtíðarstöðu. Í árslok 2022 var tryggingafræðileg staða neikvæð um 5,6%, þ.e. lífeyrisskuldbindingar voru 107,2 milljörðum króna umfram hreina eign til greiðslu lífeyris. Þar af var áfallin staða neikvæð um 84,5 milljarða króna.

Verði dómur héraðsdóms staðfestur fyrir Hæstarétti yrði reiknuð áfallin staða í árslok 2022 neikvæð um 180,4 milljarða króna. Það myndi leiða til þess að heildarstaðan væri neikvæð um 10,2%. Að öðru óbreyttu myndi það leiða til þess að lækka þyrfti áunnin réttindi sjóðfélaga í sameignardeild. Nánari útfærsla á því myndi einkum byggjast á ráðleggingum tryggingastærðfræðings sjóðsins og mati stjórnar í samræmi við ákvæði laga. Samhliða því yrði að greiða einstaklingum á lífeyri hækkun vegna lífeyris sem næmi 4,3% þar sem samsvarandi lækkun réttinda var dæmd ógild í dómsorði héraðsdóms. Greiðslan næmi tæpum 1,2 milljörðum vegna ársins 2023. Einnig þyrfti að reikna slíka greiðslu til sjóðfélaga vegna ársins 2024.

Tryggingafræðileg staða sjóðsins í lok árs 2023 væri -11,3%, að því gefnu að dómurinn yrði staðfestur.

Endanleg breyting á áunnum réttindum sjóðfélaga í sameignardeild myndi ráðast af tryggingafræðilegri stöðu sjóðsins þegar breytingarnar kæmu til framkvæmda. Þar hefur þróun verðbólgu, eignamarkaða og lýðfræðilegar breytur eins og lífaldur og örorka áhrif. Þó of snemmt sé að segja til með hver endanleg áhrif yrðu nákvæmlega er gengið út frá því að lækkun áunninna réttinda yrði minnst hjá yngri sjóðfélögum og svo stígvaxandi eftir aldri og mest hjá einstaklingum sem hafa hafið töku lífeyris. Það leiðir af eðli þeirra samþykktarbreytinga sem málið varðar eins og ítarlega var gerð grein fyrir á ársfundi sjóðsins í mars 2022.

Framangreint undirstrikar það að áhrif niðurfellingar 6. tl. viðauka B hefði mest áhrif á sjóðfélaga sem hafa hafið töku lífeyris en breytingar á dánar- og eftirlífendatöflum sem leiddu til samþykktarbreytinganna voru minnstar hjá þeim. Þannig kæmi breytingin í raun harðar niður á eldri sjóðfélögum þvert á það sem stjórn sjóðsins og sjóðfélagafundur töldu sanngjarnt.

Sýn stjórnar á mögulegar lyktir málaferlanna á æðra dómstigi

Eins og fram hefur komið byggist grundvöllur þeirra samþykktarbreytinga sem hér um ræðir á ítarlegri greiningarvinnu stjórnenda og annarra sérfræðinga LV, ytri lögfræðilegri ráðgjöf og ráðgjöf tryggingastærðfræðings LV. Þá hefur nokkur fjöldi annarra lífeyrissjóða farið áþekka leið og hafa samþykktarbreytingar þeirra og LV hlotið staðfestingu fjármála- og efnahagsráðherra. Niðurstaða héraðsdóms hefur verið rýnd ítarlega af LV og ráðgjöfum. Það var samhljóða niðurstaða að ríkt tilefni væri til að fá endurskoðun dóms héraðsdóms. Í þeim efnum er einkum vísað til útskýringa LV með samþykktunum og málalíbúnaðar sjóðsins í dómsmálinu. Eins og framan greinir býður málið nú meðferðar í Hæstarétti.


Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að ársreikningur Lífeyrissjóðs verzlunarmanna gefi glögga mynd af rekstrarafkomu lífeyrissjóðsins á árinu 2023, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu hans þann 31. desember 2023. Jafnframt er það álit okkar að ársreikningurinn og skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra veiti glögggt yfirlit yfir þróun og árangur í rekstri sjóðsins, stöðu hans í árslok og lýsi helstu áhættuþáttum sem lífeyrissjóðurinn býr við. Frekari upplýsingar sem tengjast áhættustýringu má finna í skýringum 19-23 í ársreikningnum og kafla V í árs- og sjálfbæriskýrslu.


Stjórn og framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs verzlunarmanna hafa í dag farið yfir ársreikning sjóðsins fyrir árið 2023 og staðfesta hann með undirritun sinni. Ársreikningurinn verður lagður fram og kynntur á næsta ársfundi sjóðsins.

Reykjavík, 22. febrúar 2024
Stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna


Stefán Sveinbjörnsson
Stjórnarformaður


Jón Ólafur Halldórsson
Varaformaður


Arni Stefánsson



Bjarni Þór Sigurðsson


Guðrún Ragna Garðarsdóttir


Helga Ingólfsdóttir


Sigrún Hølgadóttir


Sunna Jóhannsdóttir


Guðmundur Þ. Þórhallsson
Framkvæmdastjóri

Stjórnarháttayfirlýsing

Stjórnarháttayfirlýsing Lífeyrissjóðs verzlunarmanna 2023

Stjórnarháttayfirlýsing Lífeyrissjóðs verzlunarmanna (LV) vísar til 51. gr. reglna fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands (FME) nr. 335/2015 um ársreikninga lífeyrissjóða. Yfirlit yfir ýmis lög, reglugerðir og ýmsar innri reglur LV er aðgengilegt á vef sjóðsins á vefsvæði með upplýsingum um hann.

Grundvöllur sjóðsins og hlutverk

LV starfar á grundvelli starfsleyfis fjármálaráðherra í samræmi við lög nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða með síðari breytingum og samþykktir sjóðsins.

Í samþykktum kemur fram að sjóðurinn starfar á grundvelli kjarasamnings Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins frá 12. desember 1995 og samnings ASÍ og SA frá 24. apríl 2018 samanber samning VR, Samtaka atvinnulífsins og Félags atvinnurekenda frá 23. apríl 2018 og breytingar á samþykktum sem tóku gildi 1. september 2019.

Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri eftir reglum í samþykktum hans. Þar kemur m.a. fram að sjóðurinn leggi sérstaka áherslu á ellilífeyrisréttindi (ævilangan lífeyri) og áskilji sér heimild til að verja þau réttindi umfram önnur við endurskoðun á réttindaákvæðum samþykta sjóðsins.

Sjóðurinn er langtímafjárfestir sem ávaxtar fjármuni sjóðfélaga með það að markmiði að ná sem bestri ávöxtun að teknu tilliti til áhættu. Stjórn sjóðsins leggur áherslu á að þróa hluthafastefnu hans með þeim hætti að hún styðji við góða stjórnarhætti í þeim félögum sem sjóðurinn fer með eignahlut í.

Umboðsskylda

Stjórnarmenn og starfsmenn skulu taka ákvarðanir í samræmi við gildandi lög og reglur og sannfæringu sína með þeim hætti að hagsmuna sjóðfélaga sé sem best gætt og að ákvarðanir styðji við tilgang og starfsemi sjóðsins.

Stjórn, framkvæmdastjóri og aðrir þeir er hafa heimild til að koma fram fyrir hönd sjóðsins mega ekki gera neinar þær ráðstafanir sem bersýnilega eru til þess fallnar að afla ákveðnum sjóðfélögum, fyrirtækjum eða öðrum ótilhlýðilegra hagsmuna umfram aðra aðila eða á kostnað sjóðsins.

Stjórnarmaður er ekki bundinn af fyrirmælum þeirra sem tilnefna hann til setu í stjórn sjóðsins.

Fjallað er um umboð og umboðsskyldu LV með tilliti til sjálfbærniþátta í sjálfbærnisráðgjafu sjóðsins fyrir árið 2021.

Um stjórnarhætti og stjórnarháttayfirlýsingu LV

Lífeyrissjóðurinn leggur áherslu á góða stjórnarhætti við stefnumótun og daglega stjórnun sjóðsins. Með stjórnarháttayfirlýsingu þessari er sjóðfélögum, iðgjaldagreiðendum, opinberum aðilum, starfsmönnum og öðrum haghöfum veittar upplýsingar um stjórnarhætti lífeyrissjóðsins. Yfirlýsingunni er jafnframt ætlað að styðja við góða stjórnarhætti hjá sjóðnum og styðja þannig við traustan rekstur.

Stjórnarháttayfirlýsing LV fyrir árið 2023 byggist á þeim lögum og reglum sem í gildi eru á þeim tíma sem ársreikningur sjóðsins er staðfestur af stjórn og framkvæmdastjóra. Í því sambandi er sérstaklega litið til þeirra ákvæða laga nr. 129/1997 sem lúta að stjórnarháttum lífeyrissjóða, ákvæða samþykta sjóðsins, reglna FME þar um, m.a. reglna nr. 335/2015 um ársreikninga lífeyrissjóða og 6. útgáfu leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja útgefnu af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland og Samtökum atvinnulífsins.

Yfirlit yfir lög, reglugerðir og aðrar reglur sem varða starfsemi sjóðsins

Hér er yfirlit yfir hluta þeirra laga, reglugerða og annarra reglna sem varða starfsemi lífeyrissjóðsins. Yfirlitið er í upplýsingaskyni og ekki tæmandi.

Lög frá Alþingi

- Lög nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða
- Lög nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi
- Lög nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga
- Lög nr. 140/2018 um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka
- Lög nr. 3/2006 um ársreikninga
- Lög nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna
- Lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum
- Lög nr. 40/2020 um vernd uppljóstrara

Reglugerðir

- Reglugerð nr. 391/1998 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða
- Reglugerð nr. 698/1998 um ráðstöfun iðgjalds til lífeyrissparnaðar og viðbótartryggingaverndar
- Reglugerð nr. 916/2009 um fjárfestingarstefnu og úttekt á ávöxtun lífeyrissjóða og vörsluaðila lífeyrissparnaðar
- Reglugerð nr. 590/2017 um eftirlitskerfi með áhættu lífeyrissjóða

Reglur og leiðbeiningar FME

- Reglur FME nr. 335/2015 um ársreikninga lífeyrissjóða
- Reglur FME nr. 577/2012 um endurskoðunardeildir og sjálfstætt starfandi eftirlitsaðila
- Leiðbeinandi tilmæli FME nr. 3/2010 um mat á hæfi lykilstarfsmanna
- Leiðbeinandi tilmæli FME nr. 1/2019 vegna áhættu við rekstur upplýsingakerfa eftirlitsskyldra aðila
- Leiðbeinandi tilmæli FME nr. 6/2014 um útvistun hjá eftirlitsskyldum aðilum

Innri reglur LV (aðgengilegar á vef LV)

Varðandi yfirlit yfir innri reglur er vísað til yfirlits á vef LV.

Stefna um samfélagslega ábyrgð, siðferðisviðmið og ábyrgar fjárfestingar

Í kafla VI um stjórnarhætti og stjórnun í árs- og sjálfbærnisráskýrslu LV fyrir árið 2023 er gerð grein fyrir hlutverki, framtíðarsýn, leiðarljósum og grunngildum LV. Í VII. kafla um sjálfbærni í starfsemi LV er að finna greinargott yfirlit yfir sjálfbærniþætti í starfsemi LV. Þeir varða m.a. umhverfisþætti, félagslega þætti og stjórnarhætti. Varðandi nánari umfjöllun er vísað til þessara kafla og annarra viðeigandi kafla árs- og sjálfbærnisráskýrslunnar. Þá er umfjöllun um ábyrgar fjárfestingar og áherslu á sjálfbærniþætti við eignastýringu til umfjöllunar í IV. kafla um ábyrgar fjárfestingar í árs- og sjálfbærnisráskýrslunni.

Stefna LV um ábyrgar fjárfestingar: Það leiðir af eðli skuldbindinga LV að sjóðurinn er langtímafjárfestir. Viðmið um ábyrgar fjárfestingar eru hluti af fjárfestingarstefnu sjóðsins og ber sjóðnum að líta til og stuðla að samfélagslegri ábyrgð þeirra félaga sem hann fjárfestir í.

LV gerir kröfu um að þau fyrirtæki sem sjóðurinn fjárfestir í fari eftir lögum og reglum sem gilda um starfsemi þeirra. Mikilvægt er að þau horfi til leiðbeininga um góða stjórnarhætti og viðmiða sem lúta að samfélagslegri ábyrgð og góðri umgengni um auðlindir.

